

REGLUGERÐ nr. 1077/2010

um flutning á hættulegum farmi á landi.

Sbr. rg.589/2011, gildist. 14. júní 2011.

I. KAFLI

Markmið og gildissvið.

1. gr.

Markmið.

Markmið reglugerðar þessarar er að tryggja að flutningur hættulegs farms á landi fari þannig fram að hætta á líkams- og heilsutjóni, svo og eignatjóni og umhverfisspjöllum, verði sem minnst.

2. gr.

Almennt.

Reglugerðin tekur til vélknúins ökutækis sem ætlað er til aksturs á vegi, er á fjórum eða fleiri hjólum og hannað fyrir hámarkshraða yfir 25 km/klst., svo og eftirvagns.

Reglugerðin tekur þó ekki til ökutækis sem fer eftir teinum, færanlegrar vélar og dráttarvélar fyrir landbúnað eða skógrækt sem ekki fer hraðar en 40 km/klst.

3. gr.

Gildissvið.

Reglugerðin gildir, með þeim undantekningum sem fram koma í 4. gr., um flutning hættulegs farms á landi, þ.m.t. við lestun og losun, svo og þegar hlé er gert á akstri, t.d. vegna tafa eða hvíldar-tíma ökumanns.

4. gr.

Flutningur utan gildissviðs reglugerðarinnar.

Reglugerðin gildir ekki um flutning á hættulegum farmi:

- a. sem eingöngu fer fram innan afmarkaðs svæðis;
- b. til eigin nota eða fyrir tómstunda- eða íþróttaiðkun enda sé farmurinn í smásöluumbúðum og magn eldfims vökva, sem fluttur er í margnota umbúðum, ekki meiri en 60 lítrar í hverri einingu og heildarmagnið ekki yfir 240 lítrar;
- c. á vél eða búnaði sem í eru hættuleg efni eða hlutir, þ.e. í vélinni, búnaðinum eða nauðsynlegum fylgihlutum;
- d. til nota við eigin atvinnurekstur þar sem flutningurinn er ekki aðalstarfsemi viðkomandi, svo sem flutningur til eða frá byggingarsvæði eða öðru athafnasvæði, svo og flutningur tengdur skoðun, viðgerð eða viðhaldi. Magn í einingu má eigi vera meira en 450 lítrar og hámarks-magn ekki meira en greinir í II. viðauka. Undanþágan tekur ekki til flutnings geislavirkra efna í 7. flokki, sbr. 6. gr.;
- e. sem fram fer á vegum viðurkenndrar björgunarstofnunar eða björgunarfélags eða undir eftirliti þeirra, svo og við flutning ökutækis sem skemmst hefur í slysi eða óhappi eða er bilað og í eða á er hættulegur farmur;
- f. þegar um er að ræða neyðarflutning og í húfi er að bjarga mannlífi eða vernda umhverfið enda sé fyllsta öryggis gætt við flutninginn.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. gilda ákvæði 16. gr. um almenna varúð.

5. gr.

Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér greinir:

ADR-samningur: Evrópusamningurinn um millilandaflutninga á hættulegum farmi á vegum sem undirritaður var í Genf þann 30. september 1957, með síðari breytingum.

ADR-reglur: Tilskipun 2008/68/EB en í I. viðauka hennar er kveðið á um að viðaukar A og B við ADR-samninginn eins og þeir eru hverju sinni skuli gilda um millilandaflutninga og flutninga innanlands á hættulegum farmi í aðildarríkjum Evrópusambandsins og á Evrópska efnahagssvæðinu.

Tafla A: Tafla A í viðauka A í ADR-reglum í kafla 3.2.

Hættulegur farmur: Efni og hlutir sem ekki má flytja á vegi eða sem einungis má flytja með tilteknum skilyrðum samkvæmt reglugerð þessari.

UN-númer: Fjögurra stafa einkennistala sem sérfræðinganefnd Sameinuðu þjóðanna um flutning á hættulegum farmi hefur gefið efnum og tilteknum flokkum efna til þess að unnt sé að bera kennsl á þau.

Vagnlest: Tengd ökutæki, þ.e. vélknúid ökutæki sem dregur eftirvagn eða tengitæki.

II. KAFLI

Hættulegur farmur.

6. gr.

Flokkar.

Hættulegur farmur skiptist í eftirgreinda flokka í samræmi við 2. hluta viðauka A í ADR-reglum, sbr. töflu A:

1. sprengifim efni og hlutir;
2. lofttegundir;
3. eldfimir vökvar;
- 4.1 eldfim föst efni, sjálfhvarfandi efni og sprengifim efni í föstu formi sem gerð hafa verið hlutlaus;
- 4.2 sjálfhendrandi efni;
- 4.3 efni sem mynda eldfimar lofttegundir við snertingu við vatn;
- 5.1 eldnærandi efni;
- 5.2 lífræn peroxíð;
- 6.1 eitruð efni;
- 6.2 smitefni;
7. geislavirk efni;
8. ætandi efni;
9. önnur hættuleg efni.

Hættulegur farmur, sem fluttur er um jarðgöng, skal flokkaður í fimm flokka, frá A til E, í samræmi við XV. viðauka, sbr. 15. dálk í töflu A.

Hættulegan farm er annaðhvort bannað að flytja eða það er leyft að uppfylltum skilyrðum, sbr. töflu A.

Hættulegan farm skal flokka fyrir afhendingu til flutnings.

7. gr.

Merking umbúða.

Umbúðir skal merkja með UN-númeri farmsins með bókstöfunum „UN“ á undan og með einu eða fleiri varúðarmerkjum sem tilgreind eru í töflu A og sýnd í I. viðauka.

8. gr.

Flutningsskjöl.

Með flutningi á hættulegum farmi skulu fylgja eftirtalin gögn:

A. Farmbréf með upplýsingum um vöru þar sem eftirfarandi upplýsingar koma fram:

1. UN-númer með bókstöfunum „UN“ á undan;
2. heiti samkvæmt töflu A;
3. númer varúðarmerkis og, sé þörf á fleiri en einu varúðarmerki, skal númer viðbótar varúðarmerkis koma í sviga á eftir;
4. þökkunarflokkur þegar það á við;
5. fjöldi eininga;
6. gerð umbúða;
7. þyngd eða rúmmál vöru;
8. nafn og heimilisfang sendanda og móttakanda;
9. nettóþyngd sprengifims efnis þegar það á við.

B. Flutningsslysablað, sbr. XVI. viðauka, með upplýsingum um varúðarráðstafanir og fyrstu viðbrögð við slysi eða óhappi.

Um ábyrgð sendanda og þess sem farm flytur á því að gögn skv. 1. mgr. fylgi, fer eftir ákvæðum í 17. og 18. gr.

9. gr.

Merking ökutækis.

Við flutning á hættulegum farmi skal ökutæki merkt með tveimur ferhyrnum appelsínugulum merkjum, sbr. III. viðauka, búnnum endurskini. Merkin skulu vera 400 mm að lengd og 300 mm að hæð með 15 mm breiðri svartri umgerð. Þeim skal komið fyrir þannig að þau sjáist vel að framan og aftan á ökutæki eða eftir atvikum vagnlest. Sé erfitt að koma fyrir merkjum af umræddri gerð vegna stærðar eða lögunar ökutækis, má hafa þau 300 mm að lengd, 120 mm að hæð og umgerð 10 mm breiða. Þegar hættulegur farmur er fluttur ósekkjaður eða í tanki eða gámatanki, skulu merki vera með UN-númeri og viðeigandi hættunúmeri sem tilgreint er í töflu A, sbr. XIV. viðauka.

Ökutæki skal, þegar flutt eru sprengifim efni, geislavirk efni, ósekkjaður farmur eða farmur í tanki, merkt á báðum hliðum og að aftan með einu eða fleiri varúðarmerkjum sem tilgreind eru í töflu A, sbr. I. viðauka.

Gámur eða gámatankur sem hættulegur farmur er fluttur í, skal merktur á báðum hliðum, að framan og aftan með einu eða fleiri varúðarmerkjum sem tilgreind eru í töflu A, sbr. I. viðauka.

10. gr.

Öryggisbúnaður.

Eftirtalinn öryggisbúnaður skal vera í ökutæki sem flytur hættulegan farm, eftir því sem við á:

A. Slökkvibúnaður.

Eitt eða fleiri duftslökkvitæki (eða slökkvitæki með sambærilegan slökkvímátt og slökkvieiginleika) sem er hentugt til að slökkva eld í vélarrými eða stýrishúsi ökutækis og er að lágmarki tvö kg að þyngd.

Eftirtalinn slökkvibúnaður skal vera í ökutæki til að slökkva eld í efnum í brunaflokki A, B og C:

1. fyrir ökutæki eða vagnlest með leyfða heildarþyngd yfir 7.500 kg:
eitt eða fleiri að lágmarki tólf kg duftslökkvitæki (eða með sambærilegan slökkvímátt og slökkvieiginleika) þar sem a.m.k. eitt þeirra er að lágmarki sex kg dufttæki;
2. fyrir ökutæki eða vagnlest með leyfða heildarþyngd yfir 3.500 kg, að hámarki 7.500 kg;
3. eitt eða fleiri að lágmarki átta kg duftslökkvitæki (eða með sambærilegan slökkvímátt og slökkvieiginleika) þar sem a.m.k. eitt þeirra er að lágmarki sex kg dufttæki;
4. fyrir ökutæki eða vagnlest með leyfða heildarþyngd 3.500 kg og minni;
5. eitt eða fleiri að lágmarki fjögurra kg duftslökkvitæki (eða með sambærilegan slökkvímátt og slökkvieiginleika).

B. Annar öryggisbúnaður.

Í ökutæki skal eftirfarandi búnaður vera til staðar, óháð því hvaða varúðarmerki eru á umbúðum:

1. a.m.k. einn stoppklossi fyrir hvert ökutæki og skal miða stærð hans við þunga ökutækis og stærð (þ.e. þvermál) hjólbarða;
2. tvö frístandandi viðvörðarmerki;
3. augnskolvökvi (þarf ekki fyrir varning með varúðarmerki nr. 1., 1.4, 1.5, 1.6, 2.1, 2.2 og 2.3).

C. Sérstakur búnaður fyrir ökumann og eftir atvikum aðstoðarmann hans:

1. endurskinsvesti eða endurskinsklæðnaður (í samræmi við kröfur sem fram koma í ÍST EN 471 staðlinum);
2. vasaljós;
3. hlífðarhanskar;
4. augnhlífðarbúnaður.

D. Búnaður fyrir tiltekna hættuflokka:

1. öndunargríma, t.d. öndunargríma með samsettri gassíu/ryksíu af gerðinni A1B1E1K1-P1 eða A2B2E2K2-P2 (eða í samræmi við kröfur sem fram koma í ÍST EN 141 staðlinum) fyrir ökumann og eftir atvikum aðstoðarmann hans þegar fluttur er varningur með varúðarmerki 2.3 eða 6.1;
2. skófla (aðeins krafist þegar fluttur er varningur með varúðarmerki 3, 4.1, 4.3, 8 og 9);
3. þéttibúnaður fyrir niðurföll (aðeins krafist þegar fluttur er varningur með varúðarmerki 3, 4.1, 4.3, 8 og 9);
4. uppsöfnunarlát úr plasti (aðeins krafist þegar fluttur er varningur með varúðarmerki 3, 4.1, 4.3, 8 og 9).

11. gr.

Undanþága frá ADR reglum vegna stykkjavöru innan ákveðins magns.

Við flutning á hættulegum farmi, sem er stykkjavara í minna magni en fram kemur í II. viðauka, er ekki gerð krafa um:

- a. ADR-réttindi;
- b. flutningsslysablað;
- c. merkingu ökutækis eða gáms/gámatanks;
- d. annan öryggisbúnað en eitt duftslökkvitæki sem er að lágmarki 2 kg eða annað sambærilegt slökkvitæki.

12. gr.

Samlestun á mismunandi hættulegum farmi.

Flytja má hættulegan farm í sömu eða mismunandi hættuflokkum, sbr. 6. gr., með sama ökutæki í samræmi við töflu í IV. viðauka. Þó er óheimilt er að flytja saman sprengifim efni og annan hættulegan farm með sama ökutæki með þeirri undantekningu sem greinir í IV. viðauka.

Heimilt er að flytja saman sprengifim efni í mismunandi flokkum í samræmi við töflu í V. viðauka.

Hættulegan farm, þ.m.t. tómar óhreinsaðar umbúðir, sem merktur er með varúðarmerki 6.1, 6.2 og 9, má ekki lesta ofan á eða nálægt matvöru, annarri neytendavöru eða fóðurvöru í ökutæki eða gámi eða á stöðum þar sem lestun, losun eða umlestun á sér stað. Þetta gildir þó eingöngu um varúðarmerki 9 með UN-númeri 2212, 2315, 2590, 3115, 3152 eða 3245.

13. gr.

Viðurkenning og flokkun ökutækis.

Ökutæki, sem notað er til flutnings hættulegs farms, skal eftir því sem við á viðurkennt og skráð af Umferðarstofu. Ökutæki, sem flytur fasta eða lausa tanka eða gámatanka sem rúma yfir 3.000 lítra, skal vera viðurkennt og skráð í einn af flokkunum AT, FL eða OX eftir því sem við á og í samræmi við kafla 7.4 í ADR-reglum.

14. gr.

Flutningur á sprengifimu efni.

Ökutæki, sem flytur sprengifimt efni, skal viðurkennt og skráð, sbr. 13. gr., í annan af tveimur flokkum, EX/II eða EX/III, í samræmi við 9. kafla ADR-reglna.

Ekki má flytja meira magn af sprengifimu efni í ökutæki eða eftir atvikum vagnlest en fram kemur í töflu í VI. viðauka.

15. gr.

Sérstök ákvæði.

Ef í 6. dálki í töflu A eru tölurnar 16 – 654 gilda ákvæði IX. viðauka.

Ef í 16. – 19. dálki í töflu A eru V-, VV-, CV- eða S-kóði, gilda ákvæði í viðaukum X – XIII.

Lögreglustjóri getur, að fenginni umsögn veghaldara, eftir atvikum sveitarstjórnar eða Vega-gerðar, sett reglur um takmörkun á flutningi hættulegs farms um tiltekna vegi, brýr eða jarðgöng. Varðandi takmörkun á flutningi um jarðgöng gildir að:

- a. reglurnar skulu vera í samræmi við XV. viðauka sbr. 15. dálk í töflu A;
- b. bókstafur þess flokks, sem takmörkun tekur til, skal vera á merki sem sett skal á áberandi stað við jarðgöngin sem takmörkunina varðar.

Lögregla getur, ef þörf krefur, sett sérreglur um fylgd ökutækja sem notuð eru til að flytja hættulegan farm.

Leyfi lögreglustjóra á áfangastað þarf til að flytja meira en 50 kg af sprengifimu efni með sama ökutæki, sbr. reglugerð um sprengiefni. Lögreglustjóri skal jafnframt senda lögreglustjórum þeirra umdæma, sem flutningurinn fer um, tilkynningu um flutninginn.

Óheimilt er að flytja farþega með ökutæki, sem flytur hættulegan farm, í öðrum tilvikum en undanþága er veitt fyrir samkvæmt II. viðauka.

III. KAFLI

Ábyrgð og skyldur.

16. gr.

Almenn varúð.

Hver sá, maður eða lögpersóna, sem kemur að flutningi hættulegs farms sem fellur undir reglugerð þessa, skal fylgja ákvæðum hennar. Hann skal sýna varúð og standa þannig að verki að sem minnst hætta sé á líkams- og heilsutjóni, svo og eignatjóni eða umhverfisspjöllum.

Áður en hættulegur farmur er fluttur, skal gengið úr skugga um að umbúðir og merking farmsins séu fullnægjandi. Ökutæki og búnaður, sem notuð eru við flutninginn, skulu vera í þannig ástandi að ekki stafi hætta af.

Ekki má afhenda hættulegan farm til flutnings þeim sem ljóst er að ekki hefur kunnáttu eða búnað til þess flytja farminn svo fyllsta öryggis sé gætt.

17. gr.

Sendandi hættulegs farms.

Sendandi hættulegs farms skal:

- sjá um að farmurinn sé flokkaður í samræmi við 6. gr. áður en hann er afhentur til flutnings og ganga úr skugga um að leyfilegt sé skv. töflu A að flytja farminn;
- sjá um að umbúðir séu í samræmi við ákvæði ADR-reglna og að þær séu rétt merktar;
- láta þeim sem flytur farminn í té farmbréf þegar hann er afhentur til flutnings;
- afhenda þeim sem flytur farminn aðrar nauðsynlegar upplýsingar um flutninginn en koma fram í farmbréfi;
- gæta þess að nota einungis viðurkenndar umbúðir og að þær séu rétt merktar;
- gæta þess að nota einungis viðurkenndan tank;
- fylgja reglum varðandi þá flutningsaðferð sem notuð er;
- sjá um að tómur, óhreinsaður tankur og aðrar umbúðir séu merktar á fullnægjandi hátt, lokaðar og eins þéttar og þegar hættulegur farmur er í þeim;
- ábyrgjast að farmurinn, sem afhentur er til flutnings, uppfylli skilyrði ADR-reglna.

18. gr.

Sá sem flytur hættulegan farm.

Sá sem flytur hættulegan farm skal ganga úr skugga um:

- að flytja megi farminn;
- að skjöl, sem fylgja skulu farminum, séu í ökutækinu;
- að ökutæki, sem notað er til að flytja farminn, sé í lögmæltu ástandi, t.d. hvort leki, eða sprungur séu til staðar og að allur búnaður sé í lagi; sama gildir um farminn eftir því sem við á;
- að vottorð fyrir tank sé í gildi;
- að heildarþyngd ökutækis sé ekki meiri en heimilað er;
- að hættumerki og varúðarmerki séu í lagi og ökutækið rétt merkt;
- að fylgibúnaður, sem tilgreindur er á flutningsslysablaði, sé til staðar í ökutækinu.

Sá sem flytur hættulegan farm skal taka mið af upplýsingum frá sendanda.

Sá sem flytur hættulegan farm, skal sjá um að ökumaður og eftir atvikum aðstoðarmaður hans fái flutningsslysablað á tungumáli sem þeir skilja. Ganga skal úr skugga um að áhöfnin kunni skil á flutningsslysablaðinu og hvernig framfylgja skuli ákvæðum þess.

19. gr.

Sá sem hættulegur farmur er fluttur til (móttakandi).

Móttakandi hættulegs farms skal sjá um að:

- nauðsynleg sótthreinsun ökutækis og gáms fari fram, svo og önnur hreinsun sem hann ber ábyrgð á;
- taka merkingar af gámi þegar hann hefur verið losaður og hreinsaður.

20. gr.

Sá sem lestar hættulegan farm.

Sá sem lestar hættulegan farm skal:

- gæta þess að leyfilegt sé skv. töflu A að flytja farminn;

- b. ganga úr skugga um að umbúðir farmsins séu óskemmdar;
- c. fylgja í hvívetna reglum um lestun og meðferð farmsins;
- d. gæta þess að gámur sé rétt merktur;
- e. gæta þess að ekki séu fluttar tegundir farms sem ekki má flytja saman, sbr. IV. viðauka;
- f. gæta þess að virtar séu reglur um nálægð hættulegs farms þegar í farmi eru matvörur, aðrar neytendavörur eða fóðurvörur.

21. gr.

Sá sem setur hættulegan farm í umbúðir og merkir þær.

Sá sem setur hættuleg farm í umbúðir og merkir þær skal:

- a. sjá um að farið sé eftir ákvæðum í 4. hluta í ADR-reglum um umbúðir og hvaða varning setja megi saman í umbúðir;
- b. fylgja ákvæðum kafla 5.2 í ADR-reglum um merkingu umbúða.

22. gr.

Sá sem dælir eða fyllir á tank.

Sá sem dælir hættulegum farmi eða fyllir á tank skal:

- a. sjá um að tankur og búnaður tengdur honum sé í lagi og óskemmdur áður en farmurinn er settur í hann;
- b. ganga úr skugga um að í gildi sé vottorð fyrir ökutæki, tank, gámatank og tankasamstæður;
- c. sjá um að eingöngu sé settur sá farmur í tank sem leyfilegt er að flytja í honum;
- d. sjá um að mismunandi hættulegur farmur, sem ekki má flytja saman, sé ekki settur í samliggjandi hólf;
- e. sjá um að farið sé eftir lið 4.3.2.2 í 4. kafla ADR-reglna um hámark þess magns sem setja má í tank;
- f. ganga úr skugga um eftir að farmur er settur í tank að tankurinn leki ekki;
- g. ganga úr skugga um að ekki séu leifar eða óhreinindi af hættulegum efnum utan á tanki eftir að farmurinn hefur verið settur í hann;
- h. ganga úr skugga um að ökutæki, tankur og gámatankur séu rétt merktir.

IV. KAFLI

Öryggisráðgjafi.

23. gr.

Hver skal hafa öryggisráðgjafa í þjónustu sinni.

Eftirtaldir, sem sinna flutningi á hættulegum farmi, skulu hafa í þjónustu sinni öryggisráðgjafa eða eiga aðgang að honum með öðrum hætti og skulu þeir bera ábyrgð á að öryggisráðgjafi fullnægi starfsskyldum sínum:

- a. sá sem setur farminn í umbúðir;
- b. sá sem flytur farminn;
- c. sá sem sér um lestun og losun farmsins.

Upplýsingar um starfsmenn sem sinna öryggisráðgjöf skulu sendar Vinnueftirliti ríkisins.

Starfi fleiri en einn öryggisráðgjafi hjá sama aðila, skal einn þeirra hafa yfirumsjón með öryggisráðgjöf og samræma störf öryggisráðgjafa.

24. gr.

Hlutverk öryggisráðgjafa.

Öryggisráðgjafi skal vegna flutnings á hættulegum farmi:

- a. fylgjast með því að farið sé að reglum um flutninginn, veita ráðgjöf um flutninginn þeim sem hann þjónar og semja árlega skýrslu þar sem fram koma upplýsingar um verkefni við öryggisráðgjöf á liðnu ári. Þessar upplýsingar skulu geymdar í fimm ár og vera aðgengilegar yfirvöldum sem samkvæmt gildandi reglum annast eftirlit, rannsókn o.þ.h. vegna slysa eða óhappa við slíkan flutning.
- b. hafa eftirlit með:
 - 1. að fylgt sé reglum um merkingu farmsins sem fluttur er;
 - 2. hvort og hvernig sá sem flytur farminn fullnægi sérstökum kröfum varðandi ökutæki sem notað er við flutninginn;
 - 3. búnaði sem notaður er í tengslum við flutning, lestun eða losun farmsins;

4. þjálfun starfsmanna þess sem flytur farminn og að þeirri þjálfun sé lýst skriflega;
5. framkvæmd neyðaráætlunar, verði slys eða komi upp önnur atvik sem gætu haft áhrif á öryggi við flutninginn;
6. rannsókn og skýrslugerð, ef við á, um alvarleg slys, önnur atvik eða alvarleg brot sem verða við flutninginn;
7. forvarnaraðgerðum sem ætlað er að koma í veg fyrir slys og brot á reglum;
8. hvort við val á undirverktökum eða öðrum aðilum sé tekið mið af reglum og sérstökum kröfum er varða flutninginn;
9. hvort starfsmenn sem vinna við flutninginn fylgi settum reglum;
10. að gerðar séu ráðstafanir til að hlutaðeigandi geri sér grein fyrir þeirri áhættu sem flutningurinn geti haft í för með sér;
11. hvort í ökutæki séu skjöl og öryggisbúnaður sem skylt er að hafa þegar farmurinn er fluttur;
12. hvort farið sé að reglum um lestun og losun farmsins.

25. gr.

Viðurkenning öryggisráðgjafa.

Umferðarstofa viðurkennir öryggisráðgjafa til fimm ára í senn.

Skilyrði viðurkenningar er að viðkomandi hafi ADR-réttindi á starfssviði sínu í samræmi við ákvæði 26. gr. og hafi lokið sérstöku prófi í því námsefni sem tilgreint er í VIII. viðauka. Umferðarstofa annast prófið en getur falið öðrum að leggja það fyrir.

Endurnýja má viðurkenninguna, hafi umsækjandi á síðustu 12 mánuðum á ný lokið prófi, sbr. 1. mgr., einkum með tilliti til breytinga sem kunna að hafa orðið á efni VIII. viðauka.

Sambærileg viðurkenning, sem gefin er út í öðru aðildarlandi að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, hefur sama gildi og viðurkenning Umferðarstofu skv. þessari grein með þeim takmörkunum sem viðurkenningin ber með sér.

V. KAFLI

Réttindi til að annast flutning á hættulegum farmi (ADR-réttindi).

26. gr.

Almenn réttindi – Sérstök réttindi.

Réttindi (ADR-réttindi), sem ökumaður skal hafa til að annast flutning á hættulegum farmi, skiptast í almenn réttindi og sérstök réttindi.

Til að öðlast sérstök ADR-réttindi þarf ökumaður að hafa almenn ADR-réttindi.

Sérstök réttindi eru þrenns konar, þ.e. réttindi til flutnings:

- a) hættulegs farms í flokki 1, sbr. 6. gr.
- b) hættulegs farms í flokki 7, sbr. 6. gr.
- c) tanks sem er fastur eða laus með meira en 1.000 lítra rými og gámatanks með meira en 3.000 lítra rými; þetta gildir þar til tankur hefur verið hreinsaður.

Ekki þarf ADR-réttindi vegna flutnings sem fellur undir 11. gr. og II. viðauka.

Aðstoðarmaður ökumanns, sem leysir ökumanninn af, skal hafa ADR-réttindi.

27. gr.

Nám og próf.

Til að öðlast ADR-réttindi þarf umsækjandi að sækja bóklegt og verklegt námskeið sem ljúka skal með prófi. Námið skal fara fram á vegum Umferðarstofu eða þess sem falið er að halda námskeið í umboði Umferðarstofu.

Til þess að fá ADR-réttindi endurnýjuð þarf umsækjandi á síðustu 12 mánuðum áður en gildistími ADR-skírteinis rennur út að sækja endurmenntunarnámskeið sem ljúka skal með prófi.

Umferðarstofa setur námskrá sem staðfest er af ráðherra. Efni námskrár skal mótast af kröfum sem fram koma í VII. viðauka. Þar skal m.a. kveðið á um fjölda kennslustunda. Umferðarstofa annast próf en getur falið öðrum að leggja þau fyrir.

Leggi ökumaður fram vottorð um að hann hafi á síðustu 12 mánuðum sótt hliðstæða þjálfun vegna brunaæfinga, fyrstu hjálpar og annarra aðgerða á slysstað gildir það sem hluti af námi til ADR-réttinda.

28. gr.

Útgáfa réttindaskírteinis (ADR-skírteinis.)

Vinnueftirlit ríkisins gefur út ADR-skírteini til fimm ára í senn eftir því sem við á fyrir almenn réttindi eða einn eða fleiri flokka sérstakra réttinda. Form þess skal vera í samræmi við ákvæði XVII. viðauka.

VI. KAFLI

Kennsluréttindi.

29. gr.

Nám.

Sá sem vill öðlast réttindi til kennslu þeirra sem sækja vilja um réttindi til flutnings á hættulegum farmi (ADR-réttindi), skal hafa lokið námi til kennsluréttinda og staðist próf á námskeiði sem haldið er á vegum Umferðarstofu eða þess sem hún viðurkennir. Markmið námsins er að nemandi öðlist þekkingu og skilning á kennslustarfinu og geti beitt þeirri þekkingu.

Námið skal vera bóklegt og verklegt og fara fram í samræmi við námskrá sem Umferðarstofa setur og ráðherra staðfestir. Standist nemandi prófið, skal sá sem prófið heldur gefa út prófskírteini og jafnframt senda Umferðarstofu afrit, fari námið ekki fram á vegum Umferðarstofu.

30. gr.

Gildistími kennsluréttinda.

Réttindi til að mega kenna á ADR-námskeiði gilda í fimm ár frá útgáfudegi prófskírteinis skv. 29. gr. Réttindin má endurnýja til fimm ára í senn, sé framvísað staðfestingu þess að viðkomandi hafi staðist próf þar sem könnuð er þekking hans á þeim breytingum sem orðið hafa á ADR-reglunum.

VII. KAFLI

Eftirlit.

31. gr.

Almennt.

Vinnueftirlit ríkisins hefur yfirumsjón með framkvæmd reglugerðarinnar hvað varðar flokkun efna, viðurkenningu umbúða, prófun og viðurkenningar sem krafist er í ADR-reglum, nema að því er varðar geislavirk efni sem Geislavarnir ríkisins hafa yfirumsjón með.

Vinnueftirlit ríkisins hefur eftirlit með því að fylgt sé reglum IV. kafla varðandi starf öryggisráðgjafa.

Umferðarstofa gætir þess að búnaður ökutækis sé fullnægjandi samkvæmt kröfum í ADR-reglum þegar ökutækið er skráð til flutnings á hættulegum farmi, sbr. reglugerð um skráningu ökutækja.

32. gr.

Vegaeftirlit.

Eftirlit á vegum með flutningi á hættulegum farmi skal fara fram á mismunandi tíma og sem víðast til þess að fá glöggar upplýsingar um hversu vel reglum um flutninginn er fylgt.

Tryggja skal:

- a. að nauðsynlegar ráðstafanir séu gerðar til að vera með eftirlitsstöðvar við eða nálægt vegi sem og vegi sem ráðgert er að leggja, og, gerist þess þörf, að sjá til þess að þjónustustöðvar og aðrir öruggir staðir við vegina geti þjónað sem eftirlitsstaðir;
- b. að eftirlitsstaðir séu valdir af handahófi og sem jafnast miðað við vegakerfið í heild.

Eftirlit á vegum skal einkum beinast að:

- a. hvort heimilt er að flytja farminn;
- b. hvort í ökutækinu eru:
 1. flutningsskjöl sem farminn varða;
 2. viðurkenningarvottorð ökutækis;
 3. ADR-skírteini ökumanns;
- c. hvort fluttir eru saman flokkar hættulegs farms sem ekki má flytja saman;
- d. hvort um er að ræða, eftir atvikum, leka eða skemmdar umbúðir;
- e. hvernig merkingum ökutækis eða gáma er háttað;
- f. hvernig hættumerkingum tanks eða búlka er háttað;
- g. búnaði ökutækis með tilliti til þess að í ökutæki sé:

1. a.m.k. eitt sett af skorðum;
2. tvö viðvörunarljós;
3. slökkvitæki (eitt eða fleiri);
4. hlífar fyrir ökumann.

33. gr.

Eftirlit í bækistöð sendanda eða þess sem flytur hættulegan farm.

Skipuleggja skal eftirlit í bækistöð sendanda í ljósi reynslu sem fengist hefur í eftirliti áður hjá aðilum í mismunandi flutningum og rekstri. Jafnframt skal, ef nauðsyn krefur, fara fram eftirlit í bækistöð þegar við vegaeftirlit hefur verið upplýst um alvarleg brot á ákvæðum reglugerðarinnar.

VIII. KAFLI

Ýmis ákvæði.

34. gr.

Fræðsla og þjálfun annarra en ökumanna og öryggisráðgjafa.

Aðrir en ökumaður og öryggisráðgjafi, sem koma að flutningi hættulegs farms, skulu fá þá fræðslu og þjálfun hjá vinnuveitanda sínum sem starf þeirra krefst. Hver vinnuveitandi, þ. á m. sá sem flytur hættulegan farm, sendandi og móttakandi farmsins, skal halda skrá yfir fræðslu og þjálfun starfsmanna sinna og skal hver starfsmaður hafa slíkar upplýsingar varðandi sig.

35. gr.

Refsiákvæði.

Brot á reglugerð þessari varða refsingu samkvæmt XIV. kafla umferðarlaga nr. 50/1987 og reglugerð um sektir og önnur viðurlög vegna brota á umferðarlögum og reglum settum samkvæmt þeim.

36. gr.

Undanþága fyrir eldri ökutæki og tanka.

Heimilt er að nota tanka og ökutæki til flutnings á hættulegum farmi, sem reglugerð þessi tekur til, þó ekki séu uppfylltar kröfur samkvæmt reglugerðinni, hafi þau verið framleidd fyrir 1. janúar 2007, að því tilskildu þó að þau uppfylli öryggiskröfur í kafla 1.6 í ADR-reglum.

37. gr.

Viðaukar.

Eftirtaldir viðaukar nr. I-XVII fylgja reglugerð þessari og eru hluti hennar:

- I. Varúðarmerki og merking þeirra.
- II. Tafla sem sýnir hámarks magn hættulegs farms, stykkjavöru, sem flytja má á ökutæki (í vagnlest) án þess að uppfylla tiltekin skilyrði reglugerðarinnar, sbr. 11. gr.
- III. Hættumerki.
- IV. Samlestun (tafla).
- V. Tafla sem sýnir hvaða sprengiefni efni megi geyma eða flytja saman.
- VI. Tafla sem sýnir hámarks magn (þyngd í kg) sem flytja má af tilteknu sprengiefni (flokkur 1) miðað við mismunandi flokka ökutækja (vagnlestar).
- VII. Námskeið til að öðlast ADR-skírteini.
- VIII. Námsefni og próf öryggisráðgjafa.
- IX. Sérákvæði fyrir tiltekinn hættulegan farm, sbr. 6. dálk í töflu A.
- X. Sérákvæði fyrir flutning á stykkjavöru sbr. 16. dálk í töflu A.
- XI. Sérákvæði fyrir flutning á ósekkjuðum farmi, sbr. 17. dálk í töflu A.
- XII. Sérákvæði fyrir flutning á hættulegum farmi (lestun, losun o.fl.), sbr. 18. dálk í töflu A.
- XIII. Sérákvæði fyrir flutning á hættulegum farmi (vöktun o.fl.), sbr. 19. dálk í töflu A.
- XIV. Hættumerki og áletrun þeirra.
- XV. Flokkun farms vegna flutnings um jarðgöng, sbr. 8. dálk í töflu A.
- XVI. Flutningsslysablað.
- XVII. ADR-skírteini.

38. gr.

Innleiðing.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í 13. c. og 17. d. tölulið XIII. viðauka við samninginn, skulu gilda hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af viðaukanum, 1. bókun um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum samningsins.

Með reglugerð þessari eru innleiddar og öðlast gildi hér á landi eftirtaldar gerðir:

- a. Tilskipun nr. 2008/68/EB frá 24. september 2008 um flutning á hættulegum farmi á landi og skipgengum vatnaleiðum (töluliður 13. c.) sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 61, 19. nóvember 2009 á bls. 5.
- b. Ákvörðun nr. 2009/240/EB frá 4. mars 2009 um breytingu á tilskipun nr. 2008/68/EB sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 12, 11. mars 2010 á bls. 36.
- c. [Tilskipun nr. 2010/61/ESB frá 2. september 2010 um fyrstu aðlögun viðauka tilskipunar nr. 2008/68/ESB að vísinda- og tæknilegri þróun (töluliður 13 c.) sem birta skal í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins.]¹

Með reglugerð nr. 984/2000 voru innleiddar eftirtaldar gerðir:

- a. Tilskipun nr. 95/50/EB frá 6. október 1995 um samræmt eftirlit með flutningi á hættulegum farmi (17. d. töluliður) sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 23, 23. maí 1996 á bls. 43.
- b. Tilskipun nr. 2001/26/EB frá 7. maí 2001 um breytingu á tilskipun nr. 95/50/EB sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 52, 13. júní 2002 á bls. 18.
- c. Tilskipun nr. 2004/112/EB frá 13. desember 2004 um breytingu á tilskipun nr. 95/50/EB sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 52, 13. október 2005 á bls. 9.

39. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 2. mgr. 50. gr., 1. mgr. 60. gr. og 5. mgr. 73. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, sbr. lög nr. 44/1993.

Reglugerðin öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um flutning á hættulegum farmi, nr. 984/2000, reglugerðir um breytingu á þeirri reglugerð, nr. 773/2001, nr. 684/2002, nr. 750/2003, nr. 1070/2005, nr. 1033/2007 og nr. 1035/2009, svo og reglugerð um öryggisráðgjafa við flutning á hættulegum farmi á vegum nr. 607/2001.

Ákvæði til bráðabirgða.

[Til 31. desember 2014 er Umferðarstofu heimilt að undanþiggja ökutæki, sem skráð var fyrir 31. desember 1998, svo og farmgeymi, sem notuð hafa verið til að flytja hættulegan farm, tilteknum ákvæðum ADR-reglna:

1. ökutæki, reglum um:
 - a. sérstaka vörn á rafleiðslum;
 - b. sérstaka raftengingu við ökurita;
 - c. vörn fyrir farmgeymi;
 - d. læsivörn á hemlum;
 - e. aukahemla (útblasturshemla og/eða drifskaftshemla).
2. farmgeymi, reglum um viðurkenningu.

Undanþágan er bundin því skilyrði að farmgeymi og búnaði, sem fyrir er í ökutæki, sé vel við haldið og sé í fullkomnu lagi. Ökutæki skal að öðru leyti uppfylla ákvæði reglugerðar um gerð og búnað ökutækja.]²

[Umferðarstofa skal halda sérstaka skrá yfir ökutæki og farmgeyma sem falla undir ákvæði til bráðabirgða sbr. 2. gr. og skulu eigendur þeirra senda Umferðarstofu skýrslu miðað við 31. desember ár hvert um stöðu úreldinga á ökutækjum og farmgeymum.]³

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 14. desember 2010.

Ögmundur Jónasson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

¹ Rg. 598/2011, 1. gr.

² Rg. 598/2011, 2. gr.

³ Rg. 598/2011, 3. gr.

I. VIÐAUKI
Varúðarmerki og merking þeirra.

Flokkur 1
Sprengifim efni og hlutir.

Nr. 1



Hættuflokkur 1.1, 1.2 og 1.3

Nr. 1.4



Hættuflokkur 1.4

Nr. 1.5



Hættuflokkur 1.5

Nr. 1.6



Hættuflokkur 1.6

Flokkur 2
Loftegundir.

Nr. 2.1



Eldfimar lofttegundir

Nr. 2.2



Óeldfimar, ekki eitraðar lofttegundir

Nr. 2.3



Eitraðar
lofttegundir

Flokkur 3
Eldfimir vökvar.

Nr. 3



Flokkur 4.1
Eldfim föst efni,
sjálfhvarfandi efni og
sprengifim efni sem gerð
hafa verið hlutlaus.

Nr. 4.1



Flokkur 4.2
Sjálftendrandi efni.

Nr. 4.2



Flokkur 4.3
Efni sem mynda eldfimar
lofttegundir við snertingu við
vatn.

Nr. 4.3



Flokkur 5.1
Eldnærandi efni.

Nr. 5.1



Flokkur 5.2
Lífæra peroxíð.

Nr. 5.2



Flokkur 6.1
Eitruð efni.

Nr. 6.1



Flokkur 6.2
Smitefni.

Nr. 6.2



**Flokkur 7
Geislavirk efni.**

Nr. 7A



Flokkur I – HVÍTT

Nr. 7B



Flokkur II - GULUR

Nr. 7C



Flokkur III – GULUR

Nr. 7E



Kjarnakleyf efni

Nr. 7 D




(5.3.1.7.3)

Flokkur 8
Ætandi efni.

Nr. 8



Nr. 11



Þessi hlið upp;
örvarnar vísi upp



Hættulegt umhverfinu

Flokkur 9
Önnur hættuleg efni og hlutir.

Nr. 9



Upphitað efni

II. VIÐAUKI

Tafla sem sýnir hámarks magn hættulegs farms, stykkjavöru, sem flytja má á ökutæki (vagnlest) án þess að uppfyllt séu öll skilyrði reglugerðarinnar, sbr. undanþáguákvæði 11. gr.

| Flutningsflokkur | Efni eða hlutir Pökkunarflokkur eða flokkunarkóði/undirflokkur eða UN-númer | Hámarks magn á flutningseiningu |
|------------------|--|---------------------------------|
| 0 | Flokkur 1: 1.1A, 1.1L, 1.2 L, 1.3 L, 1.4L og UN 0190 Flokkur 3: UN 3343 Flokkur 4.2: Efni í pökkunarflokki I Flokkur 4.3: UN 1183, 1242, 1295, 1340, 1390, 1403, 1928, 2813, 2965, 2968, 2988, 3129, 3130, 3131, 3134, 3148 og 3207 Flokkur 6.1: UN 1051, 1613, 1614 og 3294 Flokkur 6.2: UN 2814 og 2900 (hættuflokkur 3 og 424) Flokkur 7: UN 2912-2919, 2977, 2978 og 3321-3333 Flokkur 9: UN 2315, 3151 og 3152 ásamt útbúnaði sem inniheldur slík efni eða blöndur ásamt tónum óhreinsuðum umbúðum sem hafa innihaldið efni í þessum flutningsflokki | 0 |
| 1 | Efni og hlutir í pökkunarflokki I sem ekki eru í flutningsflokki 0 ásamt efnunum í eftirfarandi flokkum: Flokkur 1: 1.1B-1.1J ^{a)} , 1.2B-1.2J, 1.3C, 1.3D, 1.3G, 1.3H, 1.3J og 1.5D ^{a)} Flokkur 2: undirflokkur T, TC ^{a)} , TO, TF, TOC og TFC Flokkur 4.1: UN 3121-3224 og 3231-3240 Flokkur 5.2: UN 3101-3104 og 3111-3120 | 20 |
| 2 | Efni og hlutir í pökkunarflokki II sem ekki eru í flutningsflokki 0, 1 eða 4 ásamt efnunum í eftirfarandi flokkum: Flokkur 1: 1.4B-1.4G og 1.6N Flokkur 2: undirflokkur F Flokkur 4.1: UN 3225-3230 Flokkur 5.2: UN 3105-3110 Flokkur 6.1: efni og hlutir í pökkunarflokki III Flokkur 6.2: UN 2814 og 2900 (hættuflokkur 2) Flokkur 9: UN 3245 | 333 |
| 3 | Efni og hlutir í pökkunarflokki III sem ekki eru í flutningsflokki 0, 2 eða 4 ásamt efnunum í eftirfarandi flokkum: Flokkur 2: undirflokkar A og O Flokkur 8: UN 2794, 2795, 2800 og 3028 Flokkur 9: UN 2990 og 3072 | 1000 |
| 4 | Flokkur 1: 1.4S Flokkur 4.1: UN 1331, 1345, 1944, 1945, 2254 og 2623 Flokkur 4.2: UN 1361 og 1362 í pökkunarflokki II Flokkur 7: UN 2908-2911 Flokkur 9: UN 3268 ásamt tónum óhreinsuðum umbúðum sem hafa innihaldið hættuleg efni önnur en þau í flutningsflokki 0. | ótakmarkað |

a) fyrir UN 0081, 0082, 0084, 0241, 0331, 0482, 1005 og 1017 er hámarks magn á ökutæki eða vagnlest 50 kg.

Skýringar.

A. Hámarks magn á ökutæki eða vagnlest merkir:

- fyrir hluti: brúttóþyngd í kg (fyrir hluti í flokki 1: nettóþyngd í kg af sprengifimu efni);
- fyrir föst efni, lofttegundir í vökvaformi, þéttar eða kældar, og lofttegundir uppleystar undir þrýstingi: nettóþungi í kg;
- fyrir vökva og þjappaðar lofttegundir undir þrýstingi: rúmmál efnisins í lítrum.

- B. Ef flutt eru saman eftirtalin efni og hlutir í mismunandi flutningsflokkum í sama ökutæki eða vagnlest má útkoman í eftirfarandi tilvikum ekki fara yfir 1000:
1. af magni efna og hluta í flutningsflokki 1 margfölduðu með tölunni 50;
 2. að viðbættu magni efna sem tilgreind eru með UN-númeri í athugasemd 1 við töfluna margfölduðu með 20;
 3. að viðbættu magni efna í flutningsflokki 2 margfölduðu með tölunni 3;
 4. að viðbættu magni efna og hluta í flutningsflokki 3.

III. VIÐAUKI **Hættumerki.**

1. Hættumerki 40 sm x 30 sm:



Þegar það á við samkvæmt skv. 8. gr. reglugerðarinnar, skulu merkin vera með UN-númer og viðeigandi hættunúmer úr töflu A.

2. Hættumerki 40 sm x 30 sm:



Efri talan sýnir ADR-hættunúmer. Neðri talan táknar UN-númerið fyrir farminn sem fluttur er.

IV. VIÐAUKI Samlestun.

| Nr. varúðar-merkis | 1 | 1.4 | 1.5 | 1.6 | 2.1, 2.2, 2.3 | 3 | 4.1 | 4.1 + 1 | 4.2 | 4.3 | 5.1 | 5.2 | 5.2 + 1 | 6.1 | 6.2 | 7A, B, C | 8 | 9 | | | | |
|--------------------|----------------|-------|-----|-----|---------------|---|-----|---------|-----|-----|-----|-----|---------|-----|-----|----------|---|---|---|---|-------|---|
| 1 | Sjá V. viðauka | | | | | | | | | | d | | | | | | | b | | | | |
| 1.4 | | | | | a | a | a | | a | a | a | a | | a | a | | a | a | a | a | a b c | |
| 1.5 | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | b |
| 1.6 | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 2.1, 2.2, 2.3 | | a | | | X | X | X | | X | X | X | X | | X | X | X | X | X | X | | | |
| 3 | | a | | | X | X | X | | X | X | X | X | | X | X | X | X | X | X | | | |
| 4.1 | | a | | | X | X | X | | X | X | X | X | | X | X | X | X | X | X | | | |
| 4.1 + 1 | | | | | | | | X | | | | | | | | | | | | | | |
| 4.2 | | a | | | X | X | X | | X | X | X | X | | X | X | X | X | X | X | | | |
| 4.3 | | a | | | X | X | X | | X | X | X | X | | X | X | X | X | X | X | | | |
| 5.1 | d | a | | | X | X | X | | X | X | X | X | | X | X | X | X | X | X | | | |
| 5.2 | | a | | | X | X | X | | X | X | X | X | | X | X | X | X | X | X | | | |
| 5.2 + 1 | | | | | | | | | | | | | X | | | | | | | | | |
| 6.1 | | a | | | X | X | X | | X | X | X | X | | X | X | X | X | X | X | | | |
| 6.2 | | a | | | X | X | X | | X | X | X | X | | X | X | X | X | X | X | | | |
| 7A, B, C | | a | | | X | X | X | | X | X | X | X | | X | X | X | X | X | X | | | |
| 8 | | a | | | X | X | X | | X | X | X | X | | X | X | X | X | X | X | | | |
| 9 | b | a b c | b | b | X | X | X | | X | X | X | X | | X | X | X | X | X | X | | | |

X = samlestun leyfileg:

- samlestun með efnunum eða hlutum í hættuflokki 1.4S;
- samlestun með farmi í flokki 1 og björgunarbúnaði í flokki 9 (UN 2990, 3072 og 3268);
- samlestun á gasbúnaði í öryggispúðum og beltistrekkjurum í flokki 1.4, aðskilnaðarflokki G (UN 0503) með öryggispúðum eða beltistrekkjurum í flokki 9 (UN 3268);
- samlestun á sprengiefni (fyrir utan UN 0083, sprengiefni gerð C) með ammóníumnitrati og ólífrænu nitrati í flokki 5.1 (UN 1942 og 2067) er leyfileg að því tilskildu að farmurinn flokkist sem sprengiefni í flokki 1 varðandi merkingar með varúðarmerkjum á ökutæki/gám, aðskilnað, hleðslu og hámarks magn á ökutæki/vagnlest.

V. VIÐAUKI

Tafla sem sýnir hvaða sprengiefni megi geyma eða flytja saman.

| Aðskilnaðarflokkar | A | B | C | D | E | F | G | H | J | L | N | S |
|--------------------|---|----|-------|-------|-------|---|---|---|---|----|-------|---|
| A | X | | | | | | | | | | | |
| B | | X | | 1) | | | | | | | | X |
| C | | | X | X | X | | X | | | | 2) 3) | X |
| D | | 1) | X | X | X | | X | | | | 2) 3) | X |
| E | | | X | X | X | | X | | | | 2) 3) | X |
| F | | | | | | X | | | | | | X |
| G | | | X | X | X | | X | | | | | X |
| H | | | | | | | | X | | | | X |
| J | | | | | | | | | X | | | X |
| L | | | | | | | | | | 4) | | |
| N | | | 2) 3) | 2) 3) | 2) 3) | | | | | | 2) | X |
| S | | X | X | X | X | X | X | X | X | | X | X |

X: = má lesta og geyma saman:

- 1) Pakka með hlutum úr aðskilnaðarflokki B og efni eða hluti úr aðskilnaðarflokki D má flytja í sama ökutæki ef varningurinn er í aðskildum hölfum eða hlutum ökutækisins og ökutækið hefur verið viðurkennt af lögbærum yfirvöldum eða aðilum sem þau viðurkenna þannig að ekki sé hætt á að sprenging í hlutum í aðskilnaðarflokki B geti flust yfir í efni eða hluti í aðskilnaðarflokki D.
- 2) Efni í flokki 1.6, aðskilnaðarflokki N, má einungis flytja með efnum í sama flokki og aðskilnaðarflokki ef fyrir liggur staðfesting á því að það skapi ekki hættu á sprengingu. Ef ekki skal meðhöndla efnið eins og það væri í flokki 1.1.
- 3) Ef flytja á efni í aðskilnaðarflokki N með efnum í aðskilnaðarflokkum C, D eða E skal meðhöndla það samkvæmt eiginleikum efna í aðskilnaðarflokki D.
- 4) Efni í aðskilnaðarflokki L má eingöngu flytja með efnum í sama aðskilnaðarflokki og af sömu tegund.

VI. VIÐAUKI

**Tafla sem sýnir hámarks magn (þyngd í kg) sem flytja má af tilteknu sprengiefni
(flokkur 1) miðað við mismunandi flokka ökutækis (vagnlestar).**

| Öku- tæki | Flokkur | 1.1 | | 1.2 | 1.3 | 1.4 | | 1.5 og 1.6 | Tómar óhreinsoðar umbúðir |
|--------------|-------------------|-------|--------------|--------|--------|-----------|------------|---------------|---------------------------------|
| | Hættu- flokkun | 1.1A | Ekki 1.1A | | | Ekki 1.4S | 1.4S | | |
| EX/II | | 6,25 | 1.000 | 3.000 | 5.000 | 15.000 | ótakmarkað | 5.000 | ótakmarkað |
| EX/III | | 18,75 | 16.000 | 16.000 | 16.000 | 16.000 | ótakmarkað | 16.000 | ótakmarkað |

VII. VIÐAUKI

Nám til að öðlast ADR-skírteini.

A. Námsefni.

Námi til undirbúnings þess að öðlast réttindi til flutnings á hættulegum farmi (ADR-réttindi) skal lokið með prófi og skal próftaki a.m.k. kunna skil á eftirgreindu námsefni.

1. fyrir almenn réttindi, sbr. 1. mgr. 26. gr. reglugerðarinnar skal próftaki kunna skil á:
 - a. almennum fyrirmælum um flutning á hættulegum farmi;
 - b. helstu áhættuþáttum;
 - c. upplýsingum um umhverfisvernd sem lið í eftirliti með flutningi á spilliefnum og úrgangi;
 - d. forvörnum og öryggisráðstöfunum sem eiga við mismunandi áhættu;
 - e. hvað gera skal þegar slys eða óhapp ber að höndum (hjálp í viðlögum, umferðaröryggi, grundvallarþekking á notkun varnarbúnaðar o.s.frv.);
 - f. hættu- og varúðarmerkjum sem notuð eru til viðvörunar vegna flutnings á hættulegum farmi;
 - g. hvað stjórnanda ökutækis ber að gera þegar hættulegur farmur er fluttur;
 - h. tilgangi og stjórn tæknibúnaðar ökutækis sem notað er til að flytja hættulegan farm;
 - i. banni við að blanda tilteknum farmi (efni) í sama ökutæki eða gámi;
 - j. varúðarráðstöfunum sem huga ber að við fermingu og affermingu á hættulegum farmi;
 - k. almennum upplýsingum um hver ber ábyrgð við flutning á hættulegum farmi;
 - l. almennum upplýsingum um flutninga sem falla undir fleiri en eina tegund flutninga (t.d. land-, sjó- eða loftflutninga);
 - m. meðhöndlun og fermingu á þökkum sem innihalda hættuleg efni.
2. Fyrir sérstök réttindi, sbr. a-lið 3. mgr. 26. gr. skal próftaki kunna skil á:
 - a. sérstökum hættum tengdum sprengifimur efnum og flugeldum og tengdum varningi;
 - b. sérstökum kröfum varðandi samlestun efna og hluta í flokki 1.
3. Fyrir sérstök réttindi, sbr. b-lið 3. mgr. 26. gr. skal próftaki kunna skil á:
 - a. sérstökum hættum varðandi jónandi geislun;
 - b. sérstökum kröfum varðandi umbúðir, meðhöndlun, samlestun og lestun á geislavirkum efnum;
 - c. sérstökum aðgerðum sem grípa skal til við óhapp við flutning á geislavirkum efnum.
4. Fyrir sérstök réttindi, sbr. c-lið 3. mgr. 26. gr. skal próftaki kunna skil á:
 - a. eiginleikum ökutækis á vegum, þ.m.t. um áhrif hreyfingar ökutækis á farm;
 - b. sérstökum kröfum varðandi ökutæki;
 - c. undirstöðuatriðum varðandi mismunandi búnað við lestun og losun;
 - d. viðbótarákvæðum varðandi notkun slíkra ökutækja (viðurkenningarvottorð) og viðurkenningarmerkingar, hættumerkingar og merkingar með viðvörunarmerkjum o.s.frv.

B. Náms tími.

Fjöldi kennslustunda fyrir bóklega kennslu á námskeiðum, skv. A lið skal a.m.k. vera eftirfarandi:

1. Grunnnámskeið 18 kennslustundir.
2. Framhaldsnámskeið:
 - a. um flutning á sprengifimur efnum í flokki 1, 8 kennslustundir;
 - b. um flutning á geislavirkum efnum í flokki 7, 8 kennslustundir;
 - c. um flutninga með farmgeymum, 12 kennslustundir.

Hver kennslustund skal vera 45 mínútur.

Að jafnaði skal fjöldi kennslustunda ekki fara yfir 8 á einum degi.

Auk bóklegrar kennslu í grunnnámi, sbr. 1. tölulið og bóklegrar kennslu varðandi flutninga með farmgeymum, sbr. c. lið 2. töluliðar, skal fara fram verkleg kennsla í hjálpi í viðlögum, meðferð handslökkvibúnaðar og í viðbrögðum við slysi eða óhappi.

C. Endurmenntun.

Endurmenntunarnám skal byggjast á því að fara yfir breytingar á ADR-reglum og rifja upp námsefni fyrri námskeiða. Námið skal vera tveir til fimm dagar, að hámarki 8 kennslustundir hvern dag. Nánar skal kveðið á um umfang námsins í námskrá.

VIII. VIÐAUKI

Námsefni og próf öryggisráðgjafa.

Til að öðlast skírteini til að mega starfa sem öryggisráðgjafi skal umsækjandi a.m.k. kunna skil á námsefni skv. A og B liðum og standast prófkröfur skv. C lið.

A. Almennar forvarnar og öryggisráðstafanir.

1. Þekking á afleiðingum slyss þar sem við sögu kemur hættulegur farmur.
2. Þekking á helstu orsökum slysa.

B. Ákvæði reglna um flutning á hættulegum farmi á vegum.

1. Flokkun hættulegs farms:
 - a. aðferð við flokkun á lausnum og blöndum;
 - b. kerfi fyrir lýsingu á efnum;
 - c. flokkar hættulegs farms og meginreglur um flokkun slíks farms;
 - d. eðli hættulegra efna og hluta sem fluttir eru;
 - e. eðlisfræðilegir, efnafræðilegir og eiturefnafræðilegir eiginleikar.
2. Almennar kröfur um þökkun, þ. á m. í farmgeymum og gámageymum:
 - a. umbúðategundir, skráning („kóðun“) og merking;
 - b. kröfur varðandi umbúðir og reglur um prófun umbúða;
 - c. ástand umbúða og reglubundið eftirlit.
3. Varúðarmerki og hættumerki:
 - a. merking varúðarmerkja;
 - b. hvenær varúðarmerki verða sett á eða fjarlægð (hulin);
 - c. áfesting varúðarmerkja og hættuskilta.
4. Farmbréf:
 - a. upplýsingar í farmbréfi;
 - b. vottorð sendanda.
5. Sendingaraðferð og takmarkanir á afgreiðslu:
 - a. fullfermi (frá sama sendanda);
 - b. búlkafarmar;
 - c. búlkaflutningar í stórum gámum;
 - d. gámaflutningar;
 - e. flutningar í föstum eða lausum farmgeymum.
6. Flutningur farþega.
7. Bann og varúðarráðstafanir við samlestun.
8. Aðskilnaður efna.
9. Takmarkanir á flutningsmagni og magn sem er undanskilið.
10. Meðhöndlun og hleðsla:
 - a. ferming og afferming (fyllingarhlutfall);
 - b. hleðsla og aðgreining.
11. Hreinsun og/eða tæming gastegunda fyrir fermingu og eftir affermingu.
12. Starfsþjálfun áhafnar.
13. Skjöl sem fylgja skulu flutningnum:
 - a. farmbréf;
 - b. flutningsslysablað;
 - c. vottorð um viðurkenningu ökutækisins;
 - d. ADR-skírteini ökumanns ökutækisins;
 - e. afrit af undanþágum;
 - f. önnur skjöl.
14. Öryggisleiðbeiningar, þ.e. notkun leiðbeininganna og búnaðar til verndar ökumanni.
15. Eftirlitsskyldur, svo sem lagning ökutækis (vöktun).
16. Reglur og takmarkanir varðandi akstur og fylgd.
17. Losun mengunarefna í kjölfar aðgerðar eða fyrir slysi.
18. Kröfur um flutningsbúnað.

C. Prófkörfur.

Áður en vottorð er gefið út skal umsækjandi standast sérstakt skriflegt próf þar sem spurt er a.m.k. 20 opinna spurninga úr efnisinnihaldi A og B liðar og 24. gr. Leggja má fyrir krossapróf og skulu þá tvær krossaspurningar samsvara einni opinni spurningu.

Í prófi, sem fram fer vegna endurnýjunar viðurkenningar, sbr. 25. gr., skal ennfremur leggja áherslu á breytingar sem orðið hafa á gildandi reglum síðustu fimm árin. Prófið skal innihalda raunverkefni úr starfssviði sem fellur undir hlutverk öryggisráðgjafa skv. 24. gr. Við lausn verkefnisins skal próftaki sýna fram á að hann hafi þá þekkingu sem nauðsynleg er til að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til öryggisráðgjafa.

IX.VIÐAUKI

Sérákvæði fyrir tiltekinn hættulegan farm (efni/hlutur)
(sbr. 6. dálk í töflu A).

Í 6. dálki töflu A eru tölustafir sem vísa til skýringa varðandi hættulegan farm (tiltekin efni eða hluti) sem sérákvæði gilda um.

Tölu- Skýring:
liðir

- 16 Sýni af nýjum eða þekktum sprengifimum efnum eða hlutum má flytja að fengnu leyfi og samkvæmt fyrirmælum lögbærra yfirvalda vegna prófana, flokkunar, rannsókna og þróunar, gæðaeftirlits eða sem almenna verslunarvöru. Sprengifim sýni, sem ekki eru vætt eða gerð hlutlaus, skal takmarka að magni til við 10 kg í litlum pakkningum sem skilgreind skulu af yfirvöldum. Sprengifim sýni, sem eru vætt eða hafa verið gerð hlutlaus, skulu takmörkuð að magni til við 25 kg.
- 23 Þetta efni er aðeins eldfimt við sérstaklega eldfimar aðstæður í lokuðu rými.
- 32 Þetta efni á öðru formi fellur ekki undir ákvæði ADR-reglna.
- 37 Þetta efni fellur ekki undir ákvæði ADR-reglna ef það er yfirborðsmeðhöndlað.
- 38 Þetta efni fellur ekki undir ákvæði ADR-reglna ef það inniheldur að hámarki 0,1% kalsíumkarbíð.
- 39 Þetta efni fellur ekki undir ákvæði ADR-reglna ef það inniheldur minna en 30% eða yfir 90% af kísil.
- 43 Ef þessi efni eru afhent til flutnings sem pláqueyðir skulu þau flutt undir viðkomandi heiti fyrir útrýmingarefni og í samræmi við ákvæði um útrýmingarefni (2.2.61.1.10 – 2.2.61.1.11.2).
- 45 Antimonsúlfíð og oxíð með arsenikinnihald að hámarki 0,5% af heildarþunganum falla ekki undir ákvæði ADR-reglna.
- 47 Járn (III) sýaníð (ferricyanide) og járn (IV) sýaníð (ferrocyanide) falla ekki undir ákvæði ADR-reglna.
- 48 Innihaldi þetta efni meira en 20% blásýru (sýanvetnissýru) er ekki leyfilegt að flytja efnið.
- 59 Þessi efni falla ekki undir ákvæði ADR-reglna ef þau innihalda minna en 50% magnesíum.
- 60 Ekki er leyfilegt að flytja efnið ef styrkur þess er meiri en 72%.
- 61 Tækniheitið, sem er til viðbótar við flutningsheitið, skal vera það sama og notað er í ISO (sjá ISO 1750:1981 „Pesticides and other agrochemicals – common names“ í viðkomandi útgáfu) eða annað heiti sem notað er í WHO „Recommended Classification of Pesticides by Hazard and Guidelines to Classification“ eða heiti á virka efninu.
- 62 Þetta efni fellur ekki undir ákvæði ADR-reglna ef það inniheldur minna en 4% natríumhýdroxíð (vítisóða).
- 65 Vetnisperoxíð, sem inniheldur minna en 8% að styrkleika, fellur ekki undir ákvæði ADR-reglna.
- 103 Ammóníumnítrat og blöndur af ólífrænu níttríti með ammóníumsalti er ekki leyfilegt að flytja.
- 105 Nítrósellulósa, sem samsvarar lýsingunni á UN 2556 eða 2557, má setja í flokk 4.1.
- 107 Sendingin fellur ekki undir ákvæði ADR-reglna ef sendandi ábyrgist að hún hafi ekki neina sjálfhitnandi eiginleika.
- 113 Flutningur á efnafræðilega óstöðugum blöndum er ekki leyfilegur.
- 119 Kælíbúnaður eru vélar og annar búnaður sem er sérstaklega hannaður til að halda matvælum eða öðrum varningi við lágt hitastig í innra rými. Kælíbúnaður fellur ekki undir ákvæði ADR-reglna ef hann inniheldur minna en 12 kg af gasi í flokki 2, undirflokki A eða O, eða minna en 12 lítra af ammóníaklausn (UN 2672).

- 122 Viðbótarhættur, þ.m.t. eftirlits- og neyðarhitastig ef það á við, ásamt UN-númeri (hópheiti) fyrir öll lífræn peroxíð sem í dag eru flokkuð, eru gefnar upp í kafla 2.2.52.4 í ADR-reglum.
- 127 Annað óvirkt efni eða aðra óvirka blöndu má nota að því tilskildu að þau hafi sömu eiginleika til að gera efnin óvirk.
- 131 Efnið, sem gert er óvirkt, verður að vera minna viðkvæmt en þurrt PETN.
- 135 Natríumdihýdratsalt af díklórísósýanúrsýru fellur ekki undir ákvæði ADR-reglna.
- 138 p-Brómbensýlsýanið fellur ekki undir ákvæði ADR-reglna.
- 141 Efni, sem fengið hafa nauðsynlega hitameðferð svo að þau valdi ekki neinni hættu við flutninginn, falla ekki undir ákvæði ADR-reglna.
- 142 Sojabauanamjöl, sem hefur verið útdregið með leysiefni og inniheldur að hámarki 1,5% olíu og 11% raka og í raun ekkert eldfimt leysiefni, fellur ekki undir ákvæði ADR-reglna.
- 144 Vatnslausn með að hámarki 24% (rúmmáls) alkóhól fellur ekki undir ákvæði ADR-reglna.
- 145 Alkóhóldrykkir í pökkunarflokki III falla ekki undir ákvæði ADR-reglna ef þeir eru fluttir í ílátum sem eru að hámarki 250 lítrar að rúmmáli.
- 146 Alkóhóldrykkir í pökkunarflokki II falla ekki undir ákvæði ADR-reglna ef þeir eru fluttir í ílátum sem eru að hámarki 5 lítrar að rúmmáli.
- 152 Flokkunin á þessu efni fer eftir kornastærðinni og umbúðunum; mörk byggð á tilraunum hafa ekki enn verið sett. Flokkunina skal gera í samræmi við ákvæðin í kafla 2.2.1 í ADR-reglum.
- 153 Þetta heiti skal aðeins nota ef hægt er að sýna fram á með prófun að efnin séu hvorki brennanleg við snertingu við vatn eða hafa tilhneigingu til sjálfþendrunar og að gasið, sem myndast, sé ekki eldfimt.
- 162 Blöndur með blossamark að hámarki 61°C skulu hafa varúðarmerki nr. 3.
- 163 Efni, sem er gefið upp með nafni í töflu A, má ekki flytja undir þessu heiti. Efni, sem flutt er undir þessu heiti, má innihalda að hámarki 20% nítrósellulósa, að því tilskildu að nítrósellulósinn innihaldi að hámarki 12,6% köfnunarefni (í þurrefni).
- 168 Asbest, sem er bundið í náttúrulegt eða tilbúið bindiefni (eins og sement, plast, malbik, viðarkvoðu) þannig að það getur ekki gefið frá sér skaðlegt magn af asbestþráðum við flutninginn, fellur ekki undir ákvæði ADR-reglna. Tilbúnar vörur, sem innihalda asbest og uppfylla ekki þessi skilyrði, falla ekki undir ákvæði ADR-reglna ef þau eru pökkuð þannig að við flutninginn geti þær ekki gefið frá sér skaðlegt magn af asbestþráðum sem hægt er að anda að sér.
- 169 Talsýruanhýdríð í föstu formi og tetrahýdrótalsýruanhýdríð með að hámarki 0,05% maleinsýruanhýdríð falla ekki undir ákvæði ADR-reglna. Talsýruanhýdríð með að hámarki 0,05% maleinsýruanhýdríð, sem afhent er til flutnings eða er flutt á bráðnuðu formi upphitað yfir blossamark þess, skal fá UN 3256.
- 172 Fyrir farmeiningar, sem innihalda geislavirk efni með viðbótarhættu, gildir:
- 177 Farmeiningin skal bera varúðarmerki sem svarar til viðbótarhættunnar. Samsvarandi stórt varúðarmerki skal staðsetja á ökutækið eða gáminn í samræmi við ákvæði um merkingar.
 - 178 Efnin skal flokka í pökkunarflokk I, II eða III í hverju tilviki eftir flokkunarforsendunum fyrir viðkomandi viðbótarhættu.
- Lýsingin í kafla 5.4.1.2.5.1 (e) í ADR-reglum skal innihalda lýsingu á annars stigs áhættunni (t.d. „Annars stigs áhætta: 3.6.1“ og nafnið á þeim hluta sem að stærstum hluta skapar þessa annars stigs áhættu og þegar það á við pökkunarflokkinn).
- 177 Baríumsúlfat fellur ekki undir ákvæði ADR-reglna.
- 178 Þetta heiti má einungis nota með leyfi viðkomandi yfirvalda í upprunalandinu og aðeins þegar ekki er um annað heppilegra heiti að ræða í töflu A.
- 181 Farmeiningar með þessu efni skulu auk þess bera varúðarmerki nr. 1 ef viðkomandi yfirvöld í upprunalandinu hafa ekki viðurkennt að þess sé ekki þörf fyrir viðkomandi pökkunaraðferð þar sem prófunarniðurstöður sýna að efnið hafi ekki sprengieiginleika í slíkum umbúðum.
- 182 Í hópnum jarðmálmar eru frumefnin litíum, natríum, kalíum, rúbídíum og sesíum.
- 183 Í þessum hópi eru frumefnin magnesíum, kalsíum, strontíum og baríum.

- 186 Við ákvörðun á ammóníumnítrítinnihaldi skal reikna allar nítratjónir, sem finnast sem jafngildismagn ammóníumjóna í blöndunni, sem ammóníumnítrat.
- 188 Litíumrafhlöður og rafgeymar, sem afhent eru til flutnings, falla ekki undir önnur ákvæði ADR-reglna ef eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:
- rafhlaða með litíummálmi eða litíummálmlöndu, sem inniheldur að hámarki 1 g litíum, og rafhlaða með litíumjónir sem inniheldur að hámarki 1,5 g jafngildismagn af litíum,
 - rafgeymir með litíummálmi eða litíummálmlöndu, sem inniheldur að hámarki 2 g litíum, og rafgeymir með litíumjónir sem inniheldur samanlagt að hámarki 8 g jafngildismagn af litíum,
 - sérhver rafhlaða eða rafgeymir af þeirri gerð sem vottað er að uppfylli allar prófunarkröfur í prófunarhandbókinni, hluta III, kafla 38.3,
 - rafhlöðurnar og rafgeymarnir skulu vera aðskilin, svo að komið sé í veg fyrir skammhlaup, og skulu þökkuð í tryggar umbúðir svo fremi að þær séu ekki innbyggðar í einhvern útbúnað,
 - sérhver pakkning, sem inniheldur meira en 24 litíumrafhlöður eða 12 litíumrafgeyma, skal, ef rafhlöðurnar eða rafgeymarnir eru ekki innbyggðar í einhvern útbúnað, uppfylla auk þessa eftirfarandi ákvæði:
 - Sérhver pakkning skal útbúin merkingu sem sýnir að hún innihaldi litíumrafhlöðu og að grípa verði til sérstakra ráðstafana við skemmdir á pakkningunni.
 - Með sérhverri sendingu skal fylgja skjal með upplýsingum um að pakkningarnar innihaldi litíumrafgeyma og að grípa verði til sérstakra ráðstafana við skemmdir á pakkningunni.
 - Sérhver pakkning skal þola fallpróf úr 1,2 m hæð án þess að innihaldið af rafhlöðum eða rafgeymum skaðist, án tilfærslu á innihaldinu sem leiði til snertingar milli rafgeyma (eða rafhlaðna) og án þess að innihaldið losni úr umbúðunum.
 - Brúttóþunginn má ekki fara yfir 30 kg að því tilskildu að pakkningarnar innihaldi ekki litíumrafgeyma sem eru pakkaðir með einhverjum útbúnaði.
- Í ákvæðunum hér að ofan og í ADR-reglum í heild er með „litíummagni“ átt við þungann á litíum í anóðunni í rafhlöðu með litíummálmi eða litíummálmlöndu fyrir utan rafhlöður með litíumjónum þar sem jafngildismagn litíums er gefið upp sem 0,3 sinnum markaflið í amperítimum.
- 190 Úðabrusar skulu vera með vörn gegn tæmingu í ógáti. Úðabrusi að rúmmáli að hámarki 50 ml, sem inniheldur einungis efni sem ekki er eitrad, fellur ekki undir ákvæðin í ADR-reglum.
- 198 Nítrósellúlósalausnir með að hámarki 20% nítrósellulósa má flytja sem málningu eða prentlit (sjá UN 1210, 1263 og 3066).
- 199 Blýsambönd, sem eru blönduð í hlutfallinu 1:1.000 með 0,07 M saltsýru og hrært í lausninni í 1 klst. við hitastigið 23°C +/-2°C og sýna leysanleika að hámarki 5%, teljast torleyst, sjá ISO 3711:1990, „Blýkrómat litarefni og blýkrómat – mólýbdatlitarefni – skilgreiningar og aðferðir við prófun.“
- 203 Þetta heiti má ekki nota um UN 2315 fjölhringlaga bifenylna (PCB).
- 204 Hlutir, sem innihalda reykmýndandi ætandi efni í samræmi við forsendur fyrir flokk 8, skulu vera merktir með varúðarmerki nr. 8.
- 205 Þessi grein á ekki við um UN 3155 pentaklórfenól.
- 207 Fjölliðumottur og mótunarblöndur geta verið úr pólýstýren, pólý(metýlmetakrílati) eða öðru fjölliðuefni.
- 208 Ef kalsíumnítratsáburður er aðallega gerður af söltunum kalsíumnítrati og ammóníumnítrati og ammóníumnítratið er minna en 10% og vatnsinnihaldið að minnsta kosti 12%, kristalbundið, þá fellur hann ekki undir ADR-reglur.
- 210 Eiturefni úr plöntum, dýrum og örverum, sem innihalda smitandi efni, og smitefni, sem innihalda eiturefni, skulu falla í flokk 6.2.
- 215 Þessi grein á aðeins við um tæknilega hreint efni eða blöndur afleiðdar af því sem hafa SADT hærra en 75°C og falla þar af leiðandi ekki undir blöndur sem eru sjálfhvarfandi efni (fyrir sjálfhvarfandi efni, sjá kafla 2.2.41.4).
- 216 Fast efni, sem fellur ekki undir ADR-reglur, blandað við eldfima vökva má flytja samkvæmt þessari grein án þess að vísa til flokkunarforsendna fyrir flokk 4.1 að því gefnu að

- engin bleyta sé sjáanleg þegar efninu er lestað eða pakkað og ökutæki eða gámur sé lokaður. Þéttir pakkar, sem innihalda minna en 10 ml af eldfimum vökva sem er ísogaður í fast efni í pökkunarflokki II og III, falla ekki undir ADR-reglur að því gefnu að ekki sé neitt á vökvaformi í pakkanum.
- 217 Fast efni, sem fellur ekki undir ADR-reglur, blandað við eittraða vökva, má flytja samkvæmt þessari grein án þess að vísa til flokkunarforsendna fyrir flokk 6.1 að því gefnu að engin bleyta sé sjáanleg þegar efninu er lestað eða pakkað og ökutæki eða gámur sé lokaður. Þessa grein á ekki að nota fyrir föst efni sem innihalda vökva í pökkunarflokki I.
- 218 Fast efni, sem fellur ekki undir ADR-reglur, blandað við tærandi vökva, má flytja samkvæmt þessari grein án þess að vísa til flokkunarforsendna fyrir flokk 8 að því gefnu að engin bleyta sé sjáanleg þegar efninu er lestað eða pakkað og ökutæki eða gámur sé lokaður.
- 219 Erfðabreyttar smitandi örverur skulu fluttar sem UN 2814 eða 2900.
- 220 Strax á eftir flutningsnafninu skal tækniheiti eldfima vökvans í blöndunni koma í sviga.
- 221 Efni, sem falla undir þessa grein, skulu ekki tilheyra pökkunarflokki I.
- 224 Efnid skal vera í fljótandi formi þegar það er flutt nema hægt sé að sýna fram á með tilraun að viðkvæmni efnisins á frosnu formi sé ekki meiri en í vökvaformi. Það skal ekki vera á frosnu formi ef hitastigið fer yfir -15°C .
- 225 Slökkvitæki, sem falla undir þessa grein, gætu innihaldið sprengiskothylki (skothylki í flokki 1.4C eða 1.4S) án þess að breyta flokkuninni; þau eru áfram í flokki 2, undirflokki A eða O, samkvæmt kafla 2.2.2.1.3, að því gefnu að heildarmagn sundrandi sprengiefnis (drifefnis) fari ekki yfir 3,2 g á hvert slökkvitæki.
- 226 Efnablöndur, sem innihalda a.m.k. 30% af órokgjörnu, óeldfimu hindrunarefni, falla ekki undir ADR-reglur.
- 227 Nítratbundið þvagefni má ekki fara yfir 75% af massa efnablöndu þar sem vatn og ólífræn og óvirk efni eru notuð til að hindra að kvikni í blöndunni. Ekki má vera hægt að kveikja í blöndunni samkvæmt prófi í *Manual of Tests and Criteria*, I. hluta, 1. flokki, a lið.
- 228 Blöndur, sem uppfylla ekki forsendur fyrir eldfimar lofttegundir (sjá kafla 2.2.2.1.5), skulu fluttar sem UN 3163.
- 230 Þessi grein fjallar um hlöð (sellur) og rafhlöður sem innihalda allar gerðir af litíum, þar á meðal litíumfjöllidur og jónaða litíumhlöð og rafhlöður. Litíumhlöð og rafhlöður má flytja samkvæmt þessari grein ef þau uppfylla eftirfarandi skilyrði:
- Hvert hlað eða rafhlaða uppfyllir kröfur hvers prófs í *Manual of Tests and Criteria*, III. hluta, undirkafla 38.3.
 - Hvert hlað eða rafhlaða inniheldur loftunaröryggisloka eða er hönnuð til að hindra öflugna sundrunu við venjulegar flutningsaðstæður.
 - Hvert hlað eða rafhlaða er búin fullnægjandi útbúnaði til að hindra utanaðkomandi skammhlaup.
 - Hver rafhlaða, sem inniheldur hlöð eða röð hliðtengdra hlaða, er útbúin fullnægjandi útbúnaði til að hindra skammhlaup í straumrás (t.d. díóður, öryggi o.s.frv.).
- 235 Þessi grein á við hluti sem innihalda sprengifim efni í flokki 1 og geta líka innihaldið hættulega hluti sem tilheyra öðrum flokkum. Þessir hlutir eru notaðir sem gashylki í líknarbelgi í bílum eða sætisbeltisstrekki.
- 236 Pólýesterkvoða er samsett úr tveimur hlutum, grunnefni (flokkur 3, pökkunarflokkur II eða III) og hvata (lífrænt peroxíð). Lífræna peroxíðið skal vera af gerð D, E eða F og ekki þarfnast hitastjórnunar. Pökkunarflokkur skal vera II eða III samkvæmt kröfum til flokks 3 samkvæmt kröfum grunnefnisins. Magnmörkin, sem vísað er til í dálki 7 í töflu A, eiga við grunnefnið.
- 237 Himnusiurnar, þar á meðal pappírsskiljur, húðunar eða stuðningsefni o.s.frv., sem eru til staðar í farminum, skulu ekki vera líklegar til að útbreiða sprengingu eins og prófað er samkvæmt einu af þeim prófum sem lýst er í *Manual of Tests and Criteria*, I. hluta, 1. flokki, a lið.
- Að auki getur lögmætt yfirvald ákveðið, á grundvelli niðurstöðu prófana á brennsluheraða, samþykkt með hliðsjón af staðalprófi í *Manual of Tests and Criteria*, III. hluta, undirkafla 33.2.1 að nítrósellulósahimnusiur í því formi, sem á að flytja þær á, séu ekki hlutir sem falla undir eldfim föst efni í flokki 4.1.238.

- Rafhlöður geta talist ekki spillandi að því gefnu að þær geti staðist titrings- og þrýstingsmunarpróf, sem er sagt frá hér fyrir neðan, án þess að nokkur rafhlöðuvökvi leki úr þeim.
- Titringspróf:** Rafhlaðan er fest kirfilega á pall á titrara og einföld jöfn sveifla sem hefur sveiflulengd 0,8 mm (1,6 mm hámarkslengd í heildina) er sett á. Tíðninni er breitt um 1 Hz/mín. milli 10 Hz og 55 Hz markanna. Farið er yfir allt tíðnisviðið og til baka á 95 ± 5 mínútum í hverri stöðu (titringsstefnu) rafhlöðunnar. Rafhlaðan er prófuð í öllum sams konar lóðréttum stöðum (ef fram fara próf á áfylliopi og loftun, ef slíkt er til staðar, þá í öfugri stellingu) í jafnlangan tíma.
- Þrýstingsmunarpróf:** Eftir titringsprófið er rafhlaðan geymd í sex tíma við $24^\circ\text{C} \pm 4^\circ\text{C}$ undir mismunarþrýstingi a.m.k 88 kPa. Rafhlaðan er prófuð í þremur sams konar lóðréttum stöðum (ef fram fer próf á áfylliopi og loftun, ef það er til staðar, þá í öfugri stellingu) í að minnsta kosti í sex klukkutíma. Lekaþéttar rafhlöður falla ekki undir ADR-reglur ef raflausnin flæðir ekki frá rafhlöðunni um sprungur eða rifur við 55°C hita og enginn vökvi getur flætt ef þær eru pakkaðar til flutnings, skautin eru vernduð fyrir skammhlaupi.
- 239 Rafhlöður eða hlöð eiga ekki að innihalda önnur hættuleg efni en natrium, brennistein og/eða fjölsúlfið. Rafhlöður eða hlöð eiga ekki að fara til flutnings við slíkt hitastig að natrium sé til staðar á fljótandi formi í rafhlöðunni eða hlaðinu nema að samþykkt sé og undir eftirliti lögmæts yfirvalds í upprunalandinu. Ef upprunaland er ekki aðili að ADR-samningnum skal ástand rafhlöðunnar eða hlaðsins viðurkennt af lögmætu yfirvaldi fyrsta lands sem er aðili að ADR-samningnum sem komið er til. Hlöð eiga að vera úr loftþéttum málmhlykjum sem loka algerlega hættulegu efnin af og eru þannig útbúin og lokuð til að koma í veg fyrir að hættuleg efni losni í flutningi við venjulegar aðstæður. Rafhlöður skulu samansettar úr hlöðum sem eru örugg að innan og algerlega lokuð af málmhlykjum, þannig útbúnum og lokuðum til að koma í veg fyrir að hættuleg efni losni í flutningi við venjulegar aðstæður.
- 241 Brennisteinn fellur ekki undir ADR-reglur þegar hann hefur verið mótaður í ákveðið form (pillur, kornaður, töflur eða flögur).
- 244 Undir þessa grein falla t.d. álúrgangur, álsvarf, notuð skaut, notaðar málmfóðringar og álsaltgjall.
- 247 Ef flytja þarf alkóhóldrykki, sem innihalda meira en 24% alkóhól en ekki meira en 70% af rúmmáli, vegna þess að það er hluti af framleiðsluferlinu, þá má flytja þá í viðartunnum sem eru allt að 500 lítrum að rúmmáli. Þetta er frávik frá kröfum í kafla 6.1 en þau lúta eftirfarandi skilyrðum:
- Tunnurnar skulu athugaðar og þéttar fyrir áfyllingu.
 - Nægilegt rými (ekki minna en 3%) skal vera til staðar fyrir þenslu á vökva.
 - Tunnurnar skulu fluttar með sponsið upp.
 - Tunnurnar skulu fluttar í gámum sem uppfylla kröfur CSC. Hver tunna á að vera tryggilega fest í sérútbúnum stokkum og kíluð á viðeigandi hátt til að hindra að hún færist úr stað á meðan á flutningi stendur.
- 249 Ferróseríum, sem er varið gegn tæringu, með lágmarksjárninnihald 10% fellur ekki undir ADR-reglur.
- 250 Þessa grein skal eingöngu nota vegna efnasýna sem tekin eru til greiningar í sambandi við framkvæmd sáttmálans um bann við þróun, framleiðslu, geymslu og notkun efnavopna og eyðingu þeirra. Flutningur efna samkvæmt þessari grein skal vera í samræmi við vinnulag og öryggisáðferðir sem skilgreind eru af samtökunum um bann við efnavopnum. Efnasýnið má aðeins flytja að fengnu leyfi lögbodins yfirvalds eða formanns samtaka um bann við efnavopnum og sýna fram á að sýnið uppfylli eftirfarandi skilyrði:
- Það skal vera pakkað samkvæmt þökkunarleiðbeiningum 623 í tæknilegum leiðbeiningum ICAO (sjá S38 í viðaukum).
 - Meðan á flutningi stendur á afrit af leyfi fyrir flutningi, þar sem koma fram magn-takmarkanir og þökkunarákvæði, að vera viðheft flutningsskjali.
- 251 Orðin *efnasett* eða *skyndihjálp* eiga að vísa í box, kassa o.s.frv. sem inniheldur lítið magn af mismunandi hættulegum varningi sem er notaður til lækninga, greiningar eða prófunar. Slíkt sett mega ekki innihalda hættuleg efni sem fengið hafa kóðann LQ0 í dálki 7 í töflu A.

- Efni eiga ekki að hvarfast hættulega (sjá hættulegt efnahvarf í kafla 1.2.1). Heildarmagn hættulegs varnings í hverju setti á ekki að fara yfir 1 l eða 1 kg. Þökkunarflokkur settsins sem heildar á að vera strangasti þökkunarflokkur miðað við einstakt efni í settinu. Sett, sem eru um borð í farartækjum sem skyndihjálparbúnaður eða til rekstrarnota, falla ekki undir ADR-reglur.
- Efnasett og skyndihjálparsett sem innihalda hættulegan varning í innri umbúðum, sem fara ekki yfir magntakmörk sem sett eru um einstök efni eins og skilgreint er í dálki (7) í töflu A í samræmi við LQ-kóða sem skilgreindur er í kafla 3.4.6, má flytja í samræmi við kafla 3.4.
- 252 Að því gefnu að ammóníumnítrat verði í lausn við allar aðstæður í flutningi þá falla vatnslausnir ammóníumnítrats með minna en 0,2% brennanlegt efni, þegar styrkurinn fer ekki yfir 80%, ekki undir ADR-reglur.
- 266 Þegar þetta efni inniheldur minna alkóhól, vatn eða efni til að hlutleysa (gera óvirk) en tilgreint er á ekki að flytja það án sérstaks leyfis lögmætra yfirvalda (sjá kafla 2.2.1.1).
- 267 Allt sprengiefni af gerð C, sem inniheldur klóröt, á að vera aðskilið frá sprengifimum efnum sem innihalda ammóníumnítrat eða önnur ammóníumsölt.
- 270 Vatnslausnir af ólífrænu nítrati, sem tilheyra flokki 5.1, teljast ekki uppfylla kröfur til flokks 5.1 ef styrkur efna í lausninni fer ekki yfir 80% af mettnarmörkum við lægsta hugsanlega hitastig við flutning.
- 271 Hægt er að nota laktósa, glúkósa eða svipuð efni til að hlutleysa að því gefnu að efnið innihaldi minnst 90% hlutleysiefni af þunga. Lögmætt yfirvald getur kveðið á um, á grundvelli niðurstaðna úr prófaröð 6c í *Manual of Tests and Criteria* I. hluta, kafla 16 á að minnsta kosti 3 pakkningum tilbúnum til flutnings, að þessar blöndur tilheyri flokki 4.1. Blöndur með a.m.k. 98% hemjandi efni af vigt falla ekki undir ADR-reglur. Pakkningar, sem innihalda blöndur með minnst 90% þungahemjandi efni af þunga, þarf ekki að merkja með varúðarmerki 6.1.
- 272 Þetta efni skal ekki flutt undir flokki 4.1 nema með sérstöku leyfi lögmætra yfirvalda (sjá UN 0143).
- 273 Maneb og maneb-blöndur, sem eru gerðar stöðugar móti sjálfshitun, þurfa ekki að falla í flokk 4.2 svo framarlega sem hægt er að skjalfesta að ekki kvikni í rúmmáli upp á 1 m³ og að hitinn í miðri prufu fari ekki yfir 200°C þegar blöndunni er haldið við lágmarkshitastig 75°C ± 2°C í 24 klukkustundir.
- 274 Ákvæðin í 3.1.2.8 gilda.
- 278 Þessi efni má einungis flokka og flytja með leyfi lögboðins yfirvalds og á grundvelli niðurstaðna úr prófaröð í flokki 2 og flokki 6c í *Manual of Tests and Criteria*, I. hluta, á pakkningum sem eru tilbúnar til flutnings (sjá kafla 2.2.1.1). Lögboðið yfirvald skal ákveða þökkunarflokkinn á grundvelli viðmiðunar í kafla 2.2.3 og pakkningu sem er notuð í sambandi við prófaröð 6 I.
- 279 Þessu efni er vísað í þennan flokk og þennan þökkunarflokk á grundvelli reynslunnar frekar en á grundvelli strangrar túlkunar á flokkunarviðmiðum í ADR-reglunum.
- 280 Þessari ákvörðun er beitt á hluti sem eru notaðir í ökutækjum til að blása upp líknarbelgi, loftpúða eða beltisstrekki ef þeir innihalda hættuleg efni í flokki 1 eða hættuleg efni í öðrum flokkum og ef þeir eru fluttir sem aukahlutir og þessir hlutir hafa verið prófaðir samkvæmt prófaröð 6c í *Manual of Tests and Criteria*, I. hluta, án þess að hluturinn hafi sprungið eða þrýstikúturinn hafi eyðilagst og engin hætta er á hitamyndun sem gæti hindrað slökkvistörf eða önnur björgunarstörf í umhverfinu.
- 282 Lausnir með blossomark að hámarki 60°C skulu þar að auki tilbúnar með varúðarmerki 3.
- 283 Hlutir, sem innihalda lofttegundir og eru notaðir sem demparar, þar með talið orkugleypnihlutir eða þrýstiloftsfjaðrir, falla ekki undir ADR-reglur að því gefnu að:
- Að hver hlutur sé í mesta lagi 1,6 lítrar að rúmmáli og hleðsluþrýstingur sé í mesta lagi 280 bör þannig að margfeldið milli rúmmáls (lítrar) og þrýstings (bör) fari ekki yfir 80 (t.d. 0,5 lítra rúmmál og 160 bara hleðsluþrýstingur, 1 lítra rúmmál og 80 bara hleðsluþrýstingur, 0,28 lítra rúmmál og 280 bara hleðsluþrýstingur).
 - Að hver hlutur hafi minni sprengiþrýsting á 4 sinnum hleðsluþrýstinginn við 20°C fyrir vörur með rúmmál upp að 0,5 lítrum og 5 sinnum hleðsluþrýstinginn fyrir vörur með rúmmál meira en 0,5 lítra.
 - Að hver hlutur sé framleiddur úr efni sem ekki sundrast við brot.

- d. Að hver hlutur sé framleiddur eftir gæðakerfi sem er samþykkt af lögmætum yfirvöldum.
- e. Að hönnunin hafi gengist undir brunapróf og þar komi fram skjalfest að þrýstingur í hlutum minnki vegna bræðivars eða annars þrýstingsminnkunarbúnaðar þannig að hluturinn geti ekki sundrast eða skotist út.

Sjá einnig kafla 1.1.3.2d um útbúnað fyrir ökutæki.

- 284 Efnafraeðilegt súrefnisframleiðslutæki, sem inniheldur oxandi efni, skal uppfylla eftirfarandi kröfur:
- a. Framleiðslutækið má, að því tilskildu að það hafi útbúnað sem losar sprengifim efni, aðeins flytja undir þessu ákvæði ef það fellur ekki í flokk 1 samkvæmt athugasemd undir kafla 2.2.1.1.1b.
 - b. Framleiðslutækið, án umbúða, á að þola fallpróf allt að 1,8 m á harðan, láréttan flöt sem fjaðrar ekki, og í þeirri stöðu sem líkindi á tjóni eru mest, án þess að innihaldið sleppi út og án þess að framleiðsla fari í gang.
 - c. Þegar framleiðslutækið er búið stjórnunarbúnaði skal það hafa minnst tvö virk öryggi til að koma í veg fyrir ótímabæra gangsetningu.
- 286 Síur með himnum úr nítrósellulósa, sem falla undir þessa grein, falla ekki undir ADR-reglur ef hver sía er undir 0,5 g og þær eru inni í hlut eða í innsigliðum pakka.
- 288 Þessi efni má eingöngu flokka og flytja með leyfi lögboðinna yfirvalda á grunni niðurstaðna úr prófaröð 2 og 6c í *Manual of Tests and Criteria*, I. hluta, á pakkningu sem er tilbúin til flutnings (sjá kafla 2.2.1.1).
- 289 Líknarbelgir og beltisstrekkjarar sem tilheyra ökutækjum eða tilbúnum bílhlutum, eins og t.d. stýri, hurðum og sætum, falla ekki undir ADR-reglur.
- 290 Þetta efni skal flokkast eftir helstu undirhættu svo fremi sem það uppfylli skilgreiningarnar og kröfurnar sem gerðar eru til annarra flokka eins og skilgreint er í hluta 2 í ADR-reglum. Efnið skal gefið upp með opinberu flutningsnafni og því UN-númeri sem telst til aðalflokks, að viðbættu nafni í samræmi við dálk 2 í töflu A. Efnið skal flutt í samræmi við þau ákvæði sem gilda fyrir þetta númer. Að öðru leyti gilda ákvæðin í 2.2.7.9.1 að undanskildu 5.2.1.7.2 og 5.4.2.5.1a.
- 291 Eldfimar lofttegundir í vökvaformi skal geyma innan hluta kælivélarinnar. Þessir hlutar skulu vera hannaðir og prófaðir þannig að þeir þoli að minnsta kosti 3 sinnum vinnubrýsting kælivélarinnar. Kælivélararnar skulu hannaðar og framleiddar með tilliti til að þær innihaldi fljóttandi gas og þannig að við venjulegar flutningsaðstæður sé ekki hætt á að þeir hlutar, sem eru undir þrýstingi, bresti eða að sprungur myndist. Kælivélar og kælivélahlutar, sem innihalda minna en 12 kg af lofttegundum, falla ekki undir ADR-reglur.
- 292 Samkvæmt þessari grein má aðeins flytja blöndur með í mesta lagi 23,5% súrefni. Fyrir blöndur með styrk undir þessum mörkum er ekki krafist varúðarmerkis 5.1.
- 293 Um eldspýtur gilda eftirfarandi skilgreiningar:
- a. Stormeldspýtur eru eldspýtur með haus sem inniheldur núningsviðkvæmt tendrunarefni og brennslutæknilegt efni sem brennur með litlum sem engum loga en með miklum varma.
 - b. Öryggiseldspýtur eru eldspýtur sem eru tengdar eða eru hluti af hefti, litlu bréfi eða öskju og er eingöngu hægt að kveikja á þeim með núningi á þar til gerðan flöt.
 - c. Strokeldspýtur eru eldspýtur sem hægt er að kveikja á með því að strjúka þeim við hvaða flöt sem er (strike anywhere).
 - d. Vaxeldspýtur eru eldspýtur sem hægt er að kveikja á bæði með núningi á þar til gerðan flöt eða hvaða flöt sem er.
- 295 Ekki er nauðsynlegt að merkja hverja rafflöðu og útbúa með varúðarmerki svo framarlega sem brettið er útbúið með viðkomandi merkingu.
- 296 Þessi grein fjallar um björgunarbúnað, eins og björgunarfleka, björgunarvesti og sjálfupplásnar brautir. UN 2990 nær yfir sjálfupplásinn útbúnað og UN 3072 nær yfir björgunarbúnað sem er ekki sjálfupplásinn. Björgunarbúnaður getur innihaldið:
- a. Merkihluti (flokkur 1) sem getur innihaldið reyk eða ljósgefandi efni sem eru í pakkningum sem koma í veg fyrir ótímabæra tendrun.
 - b. Ef um er að ræða 2990 getur þetta náð yfir skotpatrónur í undirflokki 1.4, aðskilnaðarflokki S, fyrir sjálfupplásinn útbúnað að því gefnu að magn sprengifimra efna fari ekki yfir 3,2 g.

- c. Samanþjappaðar gasblöndur sem tilheyra flokki 2, A eða O í samræmi við 2.2.2.1.3.
 - d. Rafgeymar (flokkur 8) og litíumraflöður (flokkur 9).
 - e. Skyndihjálparbúnaður eða viðgerðarbúnaður með litlu magni af hættulegum varningi (t.d. efni sem tilheyra flokki 3, 4.1, 5.2, 8 eða 9).
 - f. Strokeldspýtur sem eru tendranlegar við að strjúka þeim við hvaða flöt sem er (strike anywhere).
- 298 Lausnir með blossomark að hámarki 60°C skal þar að auki merkja með varúðarmerki nr. 3.
- 300 Hleðsla á fiskimjöli eða fiskúrgangi er ekki leyfð ef hitastigið á hleðslutímanum fer yfir 35°C eða er 5°C fyrir ofan umhverfishitastigið, eftir því hvort hitastigið er hærra.
- 302 Með orðinu einingu er hér átt við ökutæki, gám eða tank.

Ákvæði í kafla 5.2 eiga aðeins við ökutæki, gáma og tanka sóttþreinsaða með gasi.

- 303 Flokkunin á þessum ílátum (UN 2037) á að vera byggð á gasi sem þau innihalda og vera í samræmi við ákvæði 2.2.2.
- 304 Þurraflöður, sem innihalda raflausn sem ekki rennur út úr raflöðunni ef hylkið rifnar, falla ekki undir ADR-reglur svo framarlega sem raflaðan er forsvaranlega pökkuð og varin fyrir skammhlaupi. Dæmi um slíkar raflöður eru alkalímangan, zinkkolefnis, nikkelmálmhýdríð og nikkeldíumraflöður.
- 305 Þessi efni falla ekki undir ADR-reglur ef þau koma fyrir í minna magni en 50 mg/kg.
- 306 Þetta ákvæði má eingöngu nota í sambandi við efni sem sýna ekki sprengifima eiginleika miðað við flokk 1 þegar þau eru prófuð samkvæmt prófaröð 1 og 2 í flokki 1 (í *Manual of Tests and Criteria*, I. hluta).
- 307 Undir þessa grein falla einsleitar blöndur þar sem ammóníumnítrat er aðalefnið í eftirfarandi samsetningum:
- a. Að minnsta kosti 90% ammóníumnítrat með í mesta lagi 0,2% brennanlegu efni, þar á meðal lífrænum efnum reiknuðum sem kolefni, jafnvel með ólífrænum íblöndunar-efnum sem eru ónæm fyrir ammóníumnítrati, eða
 - b. minna en 90% en þó meira en 70% ammóníumnítrat með öðrum ólífrænum efnum, eða meira en 80% en þó minna en 90% ammóníumnítrat blandað með kalkkarbónati og/eða dólómíti og mest 0,4% brennanlegu efni, þar á meðal lífrænum efnum, reiknuðum sem kolefni, eða
 - c. ammóníumnítratáburður af nítrógengerð sem inniheldur blöndu af ammóníumnítrati og ammóníumsúlfati með meira en 45% en minna en 70% ammóníumnítrat og mest 0,4% brennanleg efni, þar á meðal lífræn efni reiknað sem kolefni, þannig að summan af prósentinnihaldi af ammóníumnítrati og ammóníumsúlfati fari yfir 70%.
- 309 Undir þessa grein falla þeytur, gruggaðar lausnir og gel sem eru viðkvæm og eru aðallega samsett af blöndu af ammóníumnítrati og eldsneytisgrunni sem ætluð er til framleiðslu á sprengiefni af gerðinni E, þó aðeins með frekari úrvinnslu fyrir notkun. Blandan hefur venjulega eftirfarandi samsetningu, 60-85% ammóníumnítrat, 5-30% vatn, 2-8% eldsneyti, 0,5-4% þykkingarefni, 0-10% uppleysanlegt eldhemjandi efni og snefilefni. Önnur ólífræn nítratsölt geta komið í staðinn fyrir ammóníumnítratið.
- 310 Þessi efni skulu standast prófaröð nr. 8 í *Manual of Tests and Criteria*, I. hluta, kafla 18. Kröfurnar til prófana í undirkafla 38.3 í *Manual of Tests and Criteria* eru ekki notaðar á framleiðsluráðir sem eru samsettar af í mesta lagi 100 litíumhlöðum og raflöðum eða frumframleiðslu af litíumhlöðum og raflöðum sem verið er að flytja á prófunarstað, svo framarlega sem:
- a. hlöðin og raflöðurnar séu flutt í ytri umbúðum sem eru samsettar af tromlu úr málm, plasti eða krossviði eða kassa úr málm, plasti eða tré, sem uppfyllir skilyrðin fyrir pökkunarflokk I, og
 - b. hvert hlað og hver raflaða sé pökkuð sérstaklega í innri umbúðir sem settar eru í ytri umbúðir sem eru umluktar efni sem er höggþétt og hvorki brennanlegt né leiðandi.
- 311 Efni má ekki flytja samkvæmt þessari grein nema það sé viðurkennt af lögmætum yfirvöldum á grunni niðurstaðna úr viðeigandi prófum í samræmi við I. hluta í *Manual of Tests and Criteria*. Umbúðirnar skulu tryggja að prósentuhlutinn af leysiefninu muni aldrei, meðan á flutningi stendur, fara undir prósentuhlutann sem skráður er í leyfi hins lögmæta yfirvalds.
- 312 (Ónotað).

- 313 Efni og blöndur, sem uppfylla kröfurnar fyrir flokk 8, skulu hafa varúðarmerki nr. 8 (sjá 5.2.2.2.2).
- 314 a. Þessi efni hafa tilhneingingu til hitamyndandi niðurbrots við hækkandi hitastig. Niðurbrotið getur hafist vegna hita eða óhreininda (t.d. málmduft (járn, mangan, kóbolt, magnesíum) og afleidd sambönd).
Á meðan á flutningi stendur skal skýla þessum efnnum fyrir sólskini og öllum varma-gjöfum og næg loftræsting skal vera um efnin.
- 315 Þessa grein má ekki nota fyrir efni sem tilheyra flokki 6.1 ef þau uppfylla kröfurnar um eitrunaráhrif við innöndun fyrir pökkunarflokk I sem er lýst í 2.2.61.1.8.
- 316 Þessi grein nær eingöngu yfir kalkhýpóklórít, þurrt eða hýdrerað, við flutning í ómuldu töfluformi.
- 317 „Undanþegið sundrandi“ á aðeins við um pakkningar sem uppfylla ákvæði 6.4.11.2.
- 318 ADR-heiti í farmbréfi skal hafa til viðbótar tæknilegt heiti (sjá 3.1.2.8). Þegar smitandi efni, sem flytja skal, eru óþekkt en eiga að uppfylla kröfurnar sem heyra undir A og UN 2814 eða UN 2900 skal textinn „talið smitandi efni sem tilheyrir undirflokki A“ sjást í sviga eftir opinberu heiti á farmbréfi.
- 319 Þessi grein nær yfir efni frá mönnum eða dýrum, þar á meðal en samt ekki eingöngu úrgangsefni, vessa, blóð og efni þess, vefi og vefjavökva ásamt líkamshlutum sem fluttir eru til notkunar í rannsóknum, greiningu, athugun, meðhöndlun sjúkdóma eða forvörnum. Efni, sem eru sett í merktar pakkningar í samræmi við pökkunarfyrirmæli P650, falla ekki undir önnur ákvæði ADR-reglna.
- 321 Þessi geymslukerfi skal alltaf meðhöndla eins og þau innihaldi vetni.
- 322-499 (Ónotað).
- 500 Nítróglyserín, UN 3064, lausn í alkóhóli með meira en 1% en mest 5% nítróglyserín, pakkað í samræmi við pökkunarfyrirmæli P300 í 4.1.4.1, er efni í flokki 3.
- 501 Naftalín, í bráðnuðu formi, sjá UN 2304.
- 502 UN 2006, plast, gert úr nítrósellulósa, sjálfhitandi, N.O.S. og UN 2002 sellulóíðúrgangur eru efni í flokki 4.2.
- 503 Fosfór, hvítur eða gulur, í bráðnuðu formi, sjá UN 2447.
- 504 UN 1847, kalíumsúlfíð, hýdrerað með minnst 30% kristalvatni, UN 1849 natríumsúlfíð, hýdrerað með minnst 30% kristalvatni, og UN 2949 natríumvetnissúlfíð, hýdrerað með minnst 25% kristalvatni, eru efni í flokki 8.
- 505 UN 2004 magnesíumdíamíð er efni í flokki 4.2.
- 506 Jarðalkalímálmar og jarðalkalímálmblöndur í brennanlegu formi eru efni í flokki 4.2. UN 1869 magnesíum eða UN 1869 magnesíummálmblöndur með meira en 50% magnesíum sem pillur, spænir eða bönd eru efni í flokki 4.1.
- 507 UN 3048 álfosfíðplágueyðir með íbættu efni/efnum til að seinka myndun á eitruðu, eldfímu gasi eru efni í flokki 6.1.
- 508 UN 1871 títanhýdríð og UN 1437 sirkoníumhýdríð eru efni í flokki 4.1. UN 2870 álbórhýdríð er efni í flokki 4.2.
- 509 UN 1908 klóríðlausn er efni í flokki 8.
- 510 UN 1755 krómsýrulausn er efni í flokki 8.
- 511 UN 1625 kvikasílfur(II)níturat, UN 1627 kvikasílfur(I)níturat og UN 2727 þallíumníturat eru efni í flokki 6.1. Þóríumníturat, fast, úranýlnítrat-hexahýdratlausn og úranýlníturat, fast, eru í flokki 7.
- 512 UN 1730 antímonpentaklóríð, fljótandi, UN 1731 antímonpentaklóríðlausn, UN 1732 antímonpentaflúoríð og UN 1733 antímonklóríð eru efni í flokki 8.
- 513 UN 0224 baríumasíð, þurrt eða vætt með vatni með minna en 50% af þunga, er efni í flokki 1. UN 1571 baríumasíð vætt með vatni með meira en 50% af þunga, er efni í flokki 4.1. UN 1854 baríummálmblöndur, sjálfhendrandi, eru efni í flokki 4.2. UN 1445 baríumklórat, fast, UN 1446 baríumníturat, UN 1447 baríumperklórat, fast, UN 1448 baríumpermanganat, UN 1449 baríumperoxíð, UN 2719 baríumbrómat, UN 2741 baríumhýpóklórít með meira en 22% virkan klór, UN 3405 baríumklóratlausn og UN 3406 baríumperklóratlausn eru efni í flokki 5.1. UN 1565 baríumsýanið og UN 1884 baríumoxíð eru efni í flokki 6.1.
- 514 UN 2464 beryllíumníturat er efni í flokki 5.1.

- 515 UN 1581 blanda af klórþíkríni og metýlbrómíði og UN 1582 blanda af klórþíkríni og metýlklóríði eru efni í flokki 2.
- 516 UN 1912 blanda af metýlklóríði og díklórmetani er efni í flokki 2.
- 517 UN 1690 natríumflúoríð, fast, UN 1812 kalíumflúoríð, fast, UN 2505 ammóníumflúoríð, UN 2674 natríumflúorsílikat, UN 2856 flúorsíliköt, N.O.S. UN 3415 natríumflúorlausn og UN 3422 kalíumflúorlausn eru efni í flokki 6.1.
- 518 UN 1463 krómtríoíð, vatnsfrítt (krómsýr), (í föstu formi) er efni í flokki 5.1.
- 519 UN 1048 vetnisbrómíð, vatnsfrítt, er efni í flokki 2.
- 520 UN 1050 vetnisklóríð, vatnsfrítt, er efni í flokki 2.
- 521 Klóríð og hýpóklóríð í föstu formi eru efni í flokki 5.1.
- 522 UN 1873 perklórsýra, vatnslausn með meira af hreinni sýru en 50% af þunga en þó ekki yfir 72%, er efni í flokki 5.1. Ekki er leyfilegt að flytja perklórsýru, með meira af hreinni sýru en 72% af þunga eða blöndur af perklórsýru með öðrum vökvum en vatni.
- 523 UN 1382 kalíumsúlfíð, vatnsfrítt, og UN 1385 natríumsúlfíð, vatnsfrítt, ásamt hýdrötum af þessum efnum með minna en 30% kristalvatni ásamt UN 2318 natríumvetnissúlfíði með minna en 25% kristalvatni eru efni í flokki 4.2.
- 524 UN 2858 fullunnin sirkóníumframleiðsluvara, að minnsta kosti 18 µm að þykkt, er efni í flokki 4.1.
- 525 Lausnir frá ólífrænum sýaníðum, sem innihalda samtals meira en 30% sýaníðjónir, skulu fara í þökkunarflokk I; lausnir, sem innihalda samtals meira en 3% en ekki meira en 30% sýaníðjónir, skulu fara í þökkunarflokk II; lausnir, sem innihalda meira en 0,3% en ekki meira en 3% sýaníðjónir, skulu fara í þökkunarflokk III.
- 526 UN 2000 sellulóíð er efni í flokki 4.1.
- 527 Málmlifræn sambönd og lausnir þeirra, sem ekki eru sjálfkrafa eldfim en við snertingu við vatn gefa frá sér eldfimt gas, tilheyra flokki 4.3.
- 528 UN 1353 trefjar og ofin efni, meðhöndluð með veikt nítureruðum sellulósa, ekki sjálfupphitandi, eru hlutir í flokki 4.1.
- 529 UN 0135 kvikasílfurfúlmínat, vætt með að minnsta kosti 20% af þunga með vatni eða blöndu af alkóhóli og vatni, er efni sem tilheyrir flokki 1. Kvikasílfurs(I)klóríð (calomel) er efni sem tilheyrir flokki 9, UN 3077.
- 530 UN 3293 hydrazín, vatnslausn með mest 37% hýdrazín af þunga, er efni í flokki 6.1.
- 531 Blöndur með blossamark undir 23°C og sem innihalda meira en 55% nítrosellulósa með hvaða innihaldi af köfnunarefni sem er eða innihalda mest 55% nítrosellulósa með köfnunarefnisinnihald meira en 12,6% (þurrvigti) eru efni í flokki 1 (sjá UN 0340 eða 0342) eða flokki 4.1.
- 532 UN 2672 ammóníaklausn með minnst 10% og mest 35% ammóníak er efni í flokki 8.
- 533 UN 1198 eldfim formalínlausn er efni í flokki 3. Óeldfimar formalínlausnir með minna en 25% formaldehyð falla ekki undir ADR-reglurnar.
- 534 Þótt bensín geti við ákveðnar veðurfarsaðstæður haft meira en 110 kPa (1,10 bara) gufuþrýsting en ekki hærri en 150 kPa (1,50 bara) við 50°C skal bensín samt sem áður flokkast með efnum sem við 50°C hafa gufuþrýsting að hámarki 110 kPa (1,10 bör).
- 535 UN 1469 blýníturat, UN 1470 blýperklórat, fast, og UN 3408 blýperklóratlausn eru efni í flokki 5.1.
- 536 Naftalín, fast, sjá UN 1350.
- 537 UN 2869 títantríklóríð, blandað, ekki eldnærandi, er efni í flokki 8.
- 538 Brennisteinn (í föstu formi), sjá UN 1350.
- 539 Lausnir af ísósýanötum með blossamark við 23°C eða hærra eru efni í flokki 6.1.
- 540 UN 1326 hafniumduft, vætt, UN 1352 titanduft, vætt, og UN 1358 sirkóníumduft, vætt með 25% vatni hið minnsta, eru efni í flokki 4.1.
- 541 Blöndur af nítrosellulósa, þar sem innihald af vatni, alkóhóli eða mýkingarefnum er lægra en uppgefin mörk, eru efni sem tilheyra flokki 1.
- 542 Talkúm með tremólít og/eða aktínólít fellur undir þessa grein.
- 543 UN 1065 ammóníak, vatnsfrítt, UN 3318 ammóníaklausn í vatni með meira en 50% ammóníak og UN 2073 ammóníaklausn í vatni með meira en 35% en mest 50% ammóníak eru efni í flokki 2. Ammóníaklausnir með í mesta lagi 10% ammóníak falla ekki undir ADR-reglur.
- 544 UN 1032 dímetýlamin, vatnsfrítt, UN 1036 etýlamin, UN 1061 metýlamin, vatnsfrítt, og UN 1083 trímetylamin, vatnsfrítt, eru efni í flokki 2.

- 545 UN 0401 dípíkrilsúlfíð, vætt með minna en 10% af þunga með vatni, er efni í flokki 1.
- 546 UN 2009 sirkóníum, þurr, tilbúnað plötur, strimlar eða upprúllaður þráður, þynnri en 18 µm, er efni í flokki 2. Sirkóníum, þurr, upprúllaður þráður, tilbúnað plötur eða strimlar að minnsta kosti 254 µm að þykkt fellur ekki undir ADR-reglur.
- 547 UN 2210 maneb eða UN 2210 maneb-blöndur í sjálfhitandi formi eru efni í flokki 4.2.
- 548 Klórsílon, sem mynda eldfimt gas þegar þau komast í snertingu við vatn, eru efni í flokki 4.3.
- 549 Klórsílon með blossamark undir 23°C, sem ekki mynda eldfimt gas þegar þau komast í snertingu við vatn, eru efni í flokki 3. Klórsílon með blossamark yfir 23°C, sem mynda ekki eldfimt gas þegar þau komast í snertingu við vatn, eru efni í flokki 8.
- 550 UN 1333 seríum í plötum, börrum eða stöngum er efni í flokki 4.1.
- 551 Lausnir af þessum ísósýanötum með blossamark undir 23°C eru efni í flokki 3.
- 552 Málmar og málmblöndur í duftformi eða á öðru eldfímu formi, sem er sjálfhendrandi, eru efni í flokki 4.2. Málmar og málmblöndur í duftformi eða í öðru eldfímu formi, sem mynda eldfimt gas við snertingu við vatn, eru efni í flokki 4.3.
- 553 Þessi blanda af vetnisperoxíði og peredíksýru skal við prófun á rannsóknarstofu (sjá *Manual of Tests and Criteria*, II. hluta, kafla 20) hvorki springa í loftfirrtu ástandi né fuðra upp, og skal við upphitun í lokuðu rými ekki sýna á nokkurn hátt að blandan hvarfist eða hafi sprengivirkni. Þessi blanda skal vera varmafræðilega stöðug (sjálfhraðandi sundrunarhiti 60°C eða meira fyrir 50 kg pakkningu) og skal innihalda vökva sem blandast við peredíksýru sem gerir blönduna minna viðkvæma. Efni, sem ekki uppfylla þessar kröfur, falla undir flokk 5.2 (sjá *Manual of Tests and Criteria*, II. hluta, kafla 20.4.3g).
- 554 Málmhýdríð, sem mynda eldfimt gas þegar þau komast í snertingu við vatn, eru efni í flokki 4.3. UN 2870 álborhýdríð og UN 2870 álborhýdríð í búnað eru í flokki 4.2.
- 555 Óeitrað ryk og duft frá málmum, í ósjálfhendrandi formi sem þó myndar eldfimt gas þegar það kemst í snertingu við vatn, eru efni í flokki 4.3.
- 556 Málmfræn sambönd og lausnir þeirra, sem eru sjálfhendrandi, eru efni í flokki 4.2. Eldfimar lausnir með málmfrænum samböndum í þeim styrkleika, að í snertingu við vatn mynda þau hvorki eldfimt gas í hættulegu magni né eru sjálfhendrandi, eru efni í flokki 3.
- 557 Málmryk og duft í brennanlegu ástandi eru efni í flokki 4.2.
- 558 Málmar og málmblöndur, sem eru eldsmatur, eru efni í flokki 4.2. Málmar og málmblöndur, sem ekki mynda eldfimt gas þegar þau komast í snertingu við vatn og eru ekki eldsmatur eða sjálfhitandi en sem auðvelt er að brenna, eru efni í flokki 4.1.
- 559 Ekki er leyfilegt að flytja blöndur sem samanstanda af hýpóklórít og ammóníumsöltum. UN 1791 hýpóklórítlausn er efni í flokki 8.
- 560 UN 3257 upphitað fljótandi efni N.O.S. (þar með talinn bráðinn málmur og bráðið salt) við hitastig 100°C eða meira og við hitastig, sem er lægra en blossamark þess þegar um er að ræða efni sem hefur blossamark, fellur í flokk 9.
- 561 Klórformíöt, sem aðallega hafa ætandi eiginleika, eru efni í flokki 8.
- 562 Sjálfhendrandi málmfræn sambönd eru efni í flokki 4.2. Málmfræn sambönd, sem mynda eldfimt gas þegar þau komast í snertingu við vatn, eru efni í flokki 4.3.
- 563 UN 1905 selensýra er efni í flokki 8.
- 564 UN 2443 vanadíumoxýtríklóríð, UN 2444 vanadíumtetraklóríð og UN 2475 vanadíum-tríklóríð eru efni í flokki 8.
- 565 Undir þessa grein fellur óskilgreindur úrgangur sem kemur frá læknis- eða dýralæknisfræðilegri meðhöndlun á fólki eða dýrum eða frá líffræðirannsóknum og líkindin fyrir að hann innihaldi efni sem tilheyrir flokki 6.2 eru lítil. Sótthreinsaður klínískur úrgangur eða úrgangur ættaður úr líffræðirannsóknum, sem hefur áður innihaldið smitandi efni, fellur ekki undir ákvæðin fyrir flokk 6.2.
- 566 UN 2030 hýdrasín, vatnslausn með meira en 37% hýdrasín af þunga, er efni í flokki 8.
- 567 Blöndur, þar sem súrefni er meira en 21% af rúmmálinu, á að flokka sem eldnærandi.
- 568 Baríumasið með vatnsinnihald undir skráðum mörkum skulu fara í flokk 1, UN 0224.
- 569-579 (Ónotað).
- 580 Tankökutæki og sérútbúin ökutæki fyrir flutning á lausu efni skulu vera merkt á hliðum og að aftan samkvæmt 5.3.3. Gámatankar, UN-gámar og sérútbúnir gámar skulu vera þannig merktir á öllum hliðum.

- 581 Þessi grein nær yfir blöndur af metýlasetylen og própadién með kolhýdríðum (kolvetnum) og þar sem:
blanda P1 inniheldur mest 63% af rúmmáli metýlasetylen og própadién og mest 24% af rúmmáli própan og própen, þar sem prósentuhlutfallið af mettuðum C₄kolefnishýdríðum skal vera að minnsta kosti 14% af rúmmáli, og
blanda P2 inniheldur mest 48% af rúmmáli metýlasetylen og própadién og mest 50% af rúmmáli própan og própen, þar sem prósentuhlutfallið af mettuðum C₄kolefnishýdríðum skal vera að minnsta kosti 5% af rúmmáli, ásamt blöndum af própandién með 1–4% metýlasetylen. Til þess að uppfylla kröfurnar um upplýsingar í flutningsskjölum (sjá 5.4.1.1), er hægt að nota lýsinguna „blanda P1“ eða „blanda P2“ sem tæknilega lýsingu þar sem það á við.
- 582 Þessi grein nær yfir m.a. gasblöndur sem einkennast af bókstafnum R... þar sem:
blanda F1 hefur gufuþrýsting við 70°C í mesta lagi 1,3 MPa (13 bör) og eðlisþyngd við 50°C sem er ekki lægri en eðlisþyngd díklórflúormetans (1,30 kg/l),
blanda F2 hefur gufuþrýsting við 70°C í mesta lagi 1,9 MPa (19 bör) og eðlisþyngd við 50°C sem er ekki lægri en eðlisþyngd díklórdíflúormetans (1,21 kg/l),
blanda F3 hefur gufuþrýsting við 70°C í mesta lagi 3 MPa (30 bör) og eðlisþyngd við 50°C sem er ekki lægri en eðlisþyngd klórdíflúormetans (1,09 kg/l).
- Ath.:** *Tríklórflúormetan (kælímiðill R 11), 1,1,2-tríklór-1,2,2-tríflúoretan (kælímiðill R 113), 1,1,1-tríklór-2,2,2-tríflúoretan (kælímiðill R 133) og 1-klór-1,1,2-tríflúoretan (kælímiðill R 133b) eru ekki efni í flokki 2. Þau geta samt sem áður verið hluti af blöndu F1F3.*
- Til að uppfylla kröfur um tilkynningu í flutningsskjölum (sjá 5.4.1.1) er hægt að nota lýsinguna „blanda F1“, „blanda F2“ eða „blanda F3“ sem tæknilega lýsingu þar sem það á við.
- 583 Þessi grein nær m.a. yfir eftirfarandi blöndur:
blanda A hefur gufuþrýsting við 70°C í mesta lagi 1,1 MPa (11 bör) og eðlisþyngd við 50°C sem er ekki lægri en 0,525 kg/l
blanda A01 hefur gufuþrýsting við 70°C í mesta lagi 1,6 MPa (16 bör) og eðlisþyngd við 50°C sem er ekki lægri en 0,516 kg/l
blanda A02 hefur gufuþrýsting við 70°C í mesta lagi 1,6 MPa (16 bör) og eðlisþyngd við 50°C sem er ekki lægri en 0,505 kg/l
blanda A0 hefur gufuþrýsting við 70°C í mesta lagi 1,6 MPa (16 bör) og eðlisþyngd við 50°C sem er ekki lægri en 0,495 kg/l
blanda A1 hefur gufuþrýsting við 70°C í mesta lagi 2,1 MPa (21 bar) og eðlisþyngd við 50°C sem er ekki lægri en 0,485 kg/l
blanda B1 hefur gufuþrýsting við 70°C í mesta lagi 2,6 MPa (26 bör) og eðlisþyngd við 50°C sem er ekki lægri en 0,474 kg/l
blanda B2 hefur gufuþrýsting við 70°C í mesta lagi 2,6 MPa (26 bör) og eðlisþyngd við 50°C sem er ekki lægri en 0,463 kg/l
blanda B hefur gufuþrýsting við 70°C í mesta lagi 2,6 MPa (26 bör) og eðlisþyngd við 50°C sem er ekki lægri en 0,450 kg/l
blanda C hefur gufuþrýsting við 70°C í mesta lagi 3,1 MPa (31 bar) og eðlisþyngd við 50°C sem er ekki lægri en 0,440 kg/l
Til að uppfylla kröfurnar um tilkynningu í flutningsskjölum (sjá 5.4.1.1) er hægt að nota eftirfarandi heiti, þannig:
„Blanda A“ eða „Bútan“,
„Blanda A01“ eða „Bútan“,
„Blanda A02“ eða „Bútan“,
„Blanda A0“ eða „Bútan“,
„Blanda A1“,
„Blanda B1“,
„Blanda B2“,
„Blanda B“,
„Blanda C“ eða „Própan“ sem tæknilega lýsingu þar sem það á við.

Við flutning í tanki má aðeins nota verslunarheitin *bútan* og *própan* sem viðbót.

- 584 Þessi gastegund fellur ekki undir ADR-reglur að því gefnu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:
- hún er á gasformi,
 - hún inniheldur mest 0,5% loft,
 - hún er í málmhylkjum (kolsýrupatrónur) sem eru laus við galla sem – geta dregið úr styrk þeirra,
 - þéttleiki loku hylkjanna er tryggður,
 - hylkið inniheldur mest 25 g af gasi og
 - hylkið inniheldur mest 0,75 g af gasi í hverjum sm^3 .
- 585 Sinnober fellur ekki undir ADR-reglur.
- 586 Hafnium, títan og sirkóníumduft skulu innihalda sjáanlega nægilegt vatn. Hafnium, títan og sirkóníumduft, vætt, vélaframleidd með minnstu kornastærð 53 μm eða efnafræðilega framleidd með minnstu kornastærð 840 μm falla ekki undir ADR-reglur.
- 587 Baríumstearat og baríumtítanat falla ekki undir ADR-reglur.
- 588 Álbrómið og álklóríð í föstu hýdreruðu formi falla ekki undir ADR-reglur.
- 589 Kalkhýpóklórít, þurr, blanda með mest 10% virkan klór, fellur ekki undir ADR-reglur.
- 590 Járn(III)klóríðhexahýdrat fellur ekki undir ADR-reglur.
- 591 Blýsúlfat með mest 3% fría sýru fellur ekki undir ADR-reglur.
- 592 Tómar óhreinsaðar umbúðir (þar með talið tómar IBC og tómar stórar umbúðir), tómir tankvagnar, tómir lausir tankar, tómir UN-tankar, tómir gámatankar og tómir smágámar, sem hafa innihaldið þetta efni, falla ekki undir ADR-reglur
- 593 Þetta gas, sem er ætlað til kælingar á t.d. læknis- og líffræðisýnum, fellur ekki undir ADR-reglur svo fremi það sé í hylkjum með tvöföldum veggjum sem eru í samræmi við umbúðaforskrift P203 (11) í 4.1.4.1.
- 594 Eftirfarandi hlutir, sem eru framleiddir og fylltir í samræmi við fyrirmæli framleiðslu-landsins og eru pakkaðir í sterkar ytri umbúðir, falla ekki undir ADR-reglur:
UN 1044 slökkvitæki svo framarlega sem þau eru útbúin með vörn við ótímabærri tæmingu. UN 3164 hlutir sem eru undir loft- eða vökvaprygtingi og eru hvað varðar kraftupptöku, stífleika eða hönnun gerðir til að þola áhrif sem eru meiri en innri þrygtingurinn.
- 596 Kadmíumlítir, eins og kadmíumsúlfíð, kadmíumsúlfóseleníð og kadmíumsölt af stærri fitusýrum (t.d. kadmíumstearat), falla ekki undir ADR-reglur.
- 597 Ediksýrulausnir með í mesta lagi 10% af þunga hreinnar sýru falla ekki undir ADR-reglur.
- 598 Eftirfarandi rafgeymar falla ekki undir ADR-reglur:
- Nýir rafgeymar þegar:
 - þeir eru útbúnir þannig að þeir geti ekki runnið til, oltið eða orðið fyrir tjóni,
 - þeir eru útbúnir með búnaði til burðar nema þeim sé staflað upp á viðeigandi hátt, t.d. á bretti,
 - utan á þeim eru ekki afgangar af bösum eða sýrum og
 - þeir eru varðir gegn skammhlaupi.
 - Notaðir rafgeymar þegar:
 - rafgeymahylkin eru ósködduð,
 - þeir eru útbúnir þannig að þeir geta ekki lekið, runnið til, oltið eða orðið fyrir tjóni, t.d. staflað á bretti,
 - utan á þeim eru ekki afgangar af bösum eða sýrum og
 - þeir eru varðir gegn skammhlaupi.
- „Notaðir rafgeymar“ eru rafgeymar sem eftir venjulega notkun eru fluttir til endurvinnslu.
- 599 Framleiðsluvörur og tæki, sem innihalda í mesta lagi 1 kg af kvikasílfri, falla ekki undir ADR-reglur.
- 600 Vanadíumpentoxíð, brætt og storknað, fellur ekki undir ADR-reglur.
- 601 Lyfjavörur, sem eru tilbúnar til notkunar, t.d. snyrtivörur, lyfjaefni og lyf, sem eru framleidd til persónulegra nota eða til notkunar á heimili og eru framleiddar og pakkaðar í umbúðir sem ætlaðar er til smásölu eða dreifingar, falla ekki undir ADR-reglur.
- 602 Ekki er leyfilegt að flytja fosfórsúlfíð sem eru ekki laus við hvítan eða gulan fosfor.
- 603 Ekki er leyfilegt að flytja vetnissýanið (blásýru), vatnsfrítt, sem uppfyllir ekki kröfurnar fyrir UN 1051 eða UN 1614. Vetnissýanið með minna en 3% vatn, er stöðugt svo framarlega sem pH-gildið er $2,5 \pm 0,5$ og svo framarlega sem vökvinn er tær og litlaus.
- 604 Ekki er leyfilegt að flytja ammóníumbrómat og vatnslausnir þess eða blöndur af brómati með ammóníumsalti.

- 605 Ekki er leyfilegt að flytja ammóníumklórat og vatnslausnir þess eða blöndur af klórati með ammóníumsalti.
- 606 Ekki er leyfilegt að flytja ammóníumklórít og vatnslausnir þess eða blöndur af klóríti með ammóníumsalti.
- 607 Ekki er leyfilegt að flytja blöndur af kalíumnítrati og natríumnítríti með ammóníumsalti.
- 608 Ekki er leyfilegt að flytja ammóníumpermanganat og vatnslausnir þess eða blöndur af permanganati með ammóníumsalti.
- 609 Ekki er leyfilegt að flytja tetranítrómetan sem ekki er laust við brennanleg óhreinindi.
- 610 Ekki er leyfilegt að flytja þetta efni ef það inniheldur meira en 45% vetnissýaníð (blásýru).
- 611 Ekki er leyfilegt að flytja ammóníumnítrat með meira en 0,2% brennanleg efni (einnig lífræn efni reiknuð sem kolefni) nema það sé hluti efnis eða hlutar í flokki 1.
- 612 (Ónotað).
- 613 Ekki er leyfilegt að flytja lausnir með klórsýru með meira en 10% klórsýru eða blöndu af klórsýru með öðrum vökva en vatni.
- 614 Ekki er leyfilegt að flytja 2,3,7,8tetraklórdíbensól,4díoxín (TCDD) ef styrkleiki þess er svo mikill að það telst mjög eitrað, sbr. 2.2.61.1.
- 615 (Ónotað).
- 616 Efni, sem innihalda meira en 40% fljótandi saltpéturssýruetra, skal fullnægja smitprófinu í samræmi við 2.3.1.
- 617 Á pakkningunni og í fylgiskjölunum skal, fyrir utan gerð sprengiefnisins, koma fram verslunarheiti sprengiefnisins.
- 618 Í hylkjum með 1,2bútadíen má styrkur súrefnis í loftkenndu ástandi ekki fara yfir 50 ml/m³.
- 619-622 (Ónotað).
- 623 UN 1829 brennisteinstríoxíð skal gert stöðugt.
Leyfilegt er að flytja brennisteinstríoxíð, sem er að lágmarki 99,95% að hreinleika, í tönkum án þess að það sé gert stöðugt að því gefnu að hitastigið sé 32,5°C eða þar yfir. Farmbréfið skal þá innihalda setninguna *Flutningur á vörunni við 32,5°C lágmarks-hitastig*.
- 625 Pakkning með þessum hlutum skal greinilega vera með merkinguna „UN 1950 ÚÐABRÚSAR“.
- 626-627 (Ónotað).
- 632 Þetta efni er sjálfteyndrandi.
- 633 Pakkningar og litlir gámar, sem innihalda þetta efni, skulu bera eftirfarandi merkingu *Skal halda frá íkveikjuvöldum*. Þessi merking skal vera á opinberu tungumáli sendanda og ef það er hvorki enska, franska né þýska þá líka á ensku, þýsku eða frönsku nema samkomulag sé um annað milli þeirra landa sem flutningurinn snertir.
- 634 Pakkningar, sem innihalda efni sem flytja þarf í kældu fljótandi köfnunarefni, skulu einnig vera með varúðarmerki nr. 2.2.
- 635 Pakkningar, sem innihalda þessi efni, þurfa ekki að hafa varúðarmerki nr. 9 nema hluturinn sé fullkomlega hulinn af umbúðunum, kassa eða slíku, sem hindrar fljótlega athugun á hlutum.
- 636 a. Notaðar litíumsellur og geymar, sem safnað er saman og afhent til flutnings frá söfnunarstað notenda til bráðabirgðaforvinnslu ásamt öðrum hlöðum eða rafhlöðum án litíums, falla ekki undir ADR-reglur að því gefnu að þau uppfylli eftirfarandi skilyrði:
(i) Heildarþyngd hvers litíumhlaðs eða litíumrafhlöðu skal ekki fara yfir 250 g.
(ii) Ákvæðin í umbúðafyrirmælum P903b (2) eru uppfyllt.
- b. Hlöð sem eru innbyggð í tæki mega ekki afhlaðast það mikið í flutningi að spennan í opinni hringrás falli niður fyrir 2 volt eða til tveggja þriðjuhluta af óafhlöðnu hlaði allt eftir hvort spennugildið er lægra.
- c. Pakkningar af notuðum hlöðum eða rafhlöðum í ómerktum umbúðum eiga að bera merkinguna „NOTAÐAR LITÍUMRAFHLÖÐUR“.
- 637 Erfðabreyttar örverur eru örverur sem ekki eru hættulegar mönnum og dýrum en geta breytt dýrum, plöntum, líffræðilegum efnum og vistkerfum á þann hátt sem ekki finnst í náttúrunni.
Erfðabreyttar örverur, sem leyfilegt er að losa út í umhverfið, falla ekki undir ákvæðin í flokki 9.

- Lifandi hryggdýr eða hryggleysingja má ekki nota til að flytja efni, sem falla undir þetta UN-númer, nema efnið sé ekki hægt að flytja á annan hátt.
- Við flutning á auðrotanlegum vefjum undir þessu UN-númeri eiga viðeigandi upplýsingar að fylgja, t.d. *Haldist kalt við 2–4°C* eða *Flytjist frosið* eða *Má ekki frjósa*.
- 638 Þessi efni eru skyld sjálfniðurbrotandi efnum (sjá 2.2.41.1.19).
- 639 Sjá 2.2.2.3 flokkunarkóða 2F, UN 1965, athugasemd 2.
- 640 Þeir eðlisfræðilegu og tæknilegu eiginleikar, sem gefnir eru upp í dálki 2 í töflu A, gefa tilefni til mismunandi tankakóða fyrir efni í ADR-tönkum innan sama pökkunarflokk.
- Til að greina eðlisfræðilega og tæknilega eiginleika vörunnar við flutning í tanki skal eftirfarandi vera til staðar með þeim upplýsingum sem skylda er að hafa í farmbréfi en aðeins ef varan er flutt í ADR-tanki:
- Sérákvæði 640X* þar sem X er sá stóri bókstafur sem stendur í dálki 6 í töflu A eftir tilvísun til sérákvæða 640.
- Þessar upplýsingar skulu samt sem áður ekki vera með ef flutningurinn fer fram í tanki sem að lágmarki uppfyllir ströngustu kröfur í viðkomandi pökkunarflokki fyrir það UN-númer.
- 642 Ekki má nota þessa grein við flutning á áburði, ammóníakríkum lausnum með fríu ammóníaki, nema það sé leyft samkvæmt 1.1.4.2 í SP Modelákvæðunum.
- 643 Malbik, sem inniheldur mól eða steina, fellur ekki undir ákvarðanirnar fyrir flokk 9.
- 644 Þetta efni má flytja með eftirfarandi skilyrðum:
- pH-gildið mælt í 10% vatnslausn af efninu, sem á að flytja, er á milli 5 og 7
 - lausnin inniheldur engin brennanleg efni í meira magni en 0,2% eða klórsambönd í magni þar sem klórinnihaldið er meira en 0,02%.
- 645 Flokkunarkóðann sem kemur fram í dálki 3b í töflu A má aðeins nota ef lögmæt yfirvöld í landi, sem er aðili að ADR-samningnum, hafa samþykkt hann áður en flutningur hefst.
- 646 Kolefni, virkt með vatnsgufu, fellur ekki undir ADR-reglur.
- 647 Flutningur á ediki og edikssýru með mest 25% af þunga hreinnar sýru fellur eingöngu undir eftirfarandi ákvæði:
- Umbúðir, þar með talið IBC og stórumbúðir, og tankar skulu vera framleidd úr ryðfríu stáli eða plastefni sem lengi stenst tæringu af völdum ediks eða edikssýru sem notuð er í fóðurvörur.
 - Eigandi skal skoða sjónrænt umbúðir, þar með talið IBC og stórumbúðir, og tanka minnst einu sinni á ári. Niðurstöðurnar skulu skráðar og geymdar í að minnsta kosti eitt ár. Ekki má fylla á skemmdar umbúðir, þar með talið IBC og stórumbúðir, eða tanka.
 - Umbúðir, þar með talið IBC og stórumbúðir, og tankar skulu fylltir á þann hátt að varan leki ekki niður eða klístrist á ytra byrði.
 - Innsigli og lokubúnaður skal þola áhrif ediks og edikssýru sem nota á í fóðurvöru. Sá sem sér um pökkun og/eða áfyllingu skal loka umbúðum, þar með talið IBC og stórumbúðum, og tönkum loftþétt svo að ekki komi til leka við venjulegar aðstæður í flutningi.
 - Nota má samsettar umbúðir með innri umbúðum úr gleri eða plasti (sjá pökkunarfyrirmæli P001 í 4.1.4.1) ef þær uppfylla hin almennu pökkunarákvæði í 4.1.1.1, 4.1.1.2, 4.1.1.4, 4.1.1.5, 4.1.1.6, 4.1.1.7 og 4.1.1.8.
- Önnur ákvæði ADR-reglna eiga ekki við hér.
- 648 Hlutir, sem eru gegndræpir með þessu varnarefni, t.d. pappi, pappírstrimlar, bómullarhnoðrar, plötur úr plastefni, í loftþéttum pakkningum, falla ekki undir ADR-reglur.
- 649 Heppilegt er að nota prófunaraðferðina í staðlinum ASTM D8601 til að ákvarða byrjunarsuðupunkturinn sem nefndur er í 2.2.3.1.3, pökkunarflokki I.
- Efni, sem hafa byrjunarsuðupunkt yfir 35°C ákvarðaðan með þessari aðferð, tilheyra pökkunarflokki II og skulu flokkast í samræmi við þá ákvörðun sem gildir fyrir þann pökkunarflokk.
- 650 Leifar, sem eru samansafn af umbúðaafgöngum, storknuðum afgangi og fljótandi afgangi af málningu, má flytja í samræmi við ákvæðin fyrir pökkunarflokk II. Auk þess að fara eftir ákvæðum fyrir UN 1263, pökkunarflokk II, er hægt að pakka slíkum leifum og flytja á eftirfarandi hátt:
- Leifunum er hægt að pakka samkvæmt pökkunarfyrirmælum P002 í 4.1.4.1 eða pökkunarfyrirmælum IBC06 í 4.1.4.2.

- b. Leifunum er hægt að pakka í sveigjanlegar IBC-umbúðir af gerð 13H3, 13H4 og 13H5 í auka ytri umbúðum með helium/óbrotnum hliðum.
 - c. Prófun á umbúðum og IBC, sem um er rætt í a- eða b-lið, er hægt að framkvæma samkvæmt kröfunum í kafla 6.1 eða 6.5, ef efnin eru í föstu formi, með hliðsjón af kröfunum sem gerðar eru til pökkunarflokks II. Prófunin skal gerð á umbúðum og IBC sem fylltar eru með tilsvarandi prufum af leifum sem eru tilbúnar til flutnings.
 - d. Flutningur í lausu er leyfður í yfirbreiddum ökutækjum, lokuðum gámum eða stórum yfirbreiddum gámum sem eru heilveggja. Kassi ökutækisins eða gámsins skal vera þéttur eða gerður þéttur með t.d. þar til gerðri og nægilega þéttri innri fódningu.
 - e. Ef leifarnar eru fluttar í samræmi við kröfurnar í þessu sérstaka ákvæði skal lýsa farminum í samræmi við 5.4.1.1.3 í farmbréfinu á eftirfarandi hátt: LEIFAR, UN 1263, MÁLNING, 3, II.
- 651 Ákvæðið V2 (1) kemur eingöngu til framkvæmda ef nettóþyngd hins sprengifima innihalds fer yfir 3.000 kg (4.000 kg með eftirvagni).
- 652 Sjá ADR-reglur, kafla 3.3.1.
- 653 Flutningur á gasi í gashylkjum með rúmmál sem fer ekki yfir 0,5 lítrar fellur ekki undir önnur ákvæði ADR-reglna ef eftirfarandi er uppfyllt:
- a. farið hefur verið eftir ákvæðum um framleiðslu og eftirlit með gashylkjunum,
 - b. gashylkjunum er pakkað í ytri umbúðir sem að lágmarki uppfylla kröfurnar í kafla 4 í ADR-reglum um samsettar umbúðir,
 - c. gashylkjunum er ekki pakkað saman með öðrum hættulegum farmi,
 - d. heildarþunginn á hverri farmeiningu fer ekki yfir 30 kg, og
 - e. sérhver farmeining er greinilega merkt með „UN 1013“. Þessi merking skal vera innan fernings upp á rönd með hliðarlengdirnar að lágmarki 100 mm x 100 mm.
- 654 Sjá ADR-reglur, kafla 3.3.1.

X. VIÐAUKI

Sérákvæði fyrir flutning á stykkjavöru (sbr. 16. dálk í töflu A).

Ef ekki eru sérákvæði um lestun í 7.2.2 til 7.2.4 í ADR-reglum má lesta stykkjavöru:

- í lokuð farartæki eða lokaða gáma,
- í ökutæki með yfirbreiðslu eða gáma með yfirbreiðslu,
- í opin ökutæki eða opna gáma.

Umbúðir, sem eru viðkvæmar fyrir raka, á að lesta í lokuð eða yfirbreidd ökutæki eða í lokaða eða yfirbreidda gáma.

Ef kóðarnir V1-V13 koma fyrir í 16. dálki í töflu A, gilda eftirfarandi ákvæði:

- V1 Stykkjavöru skal lesta í lokuð ökutæki eða ökutæki með yfirbreiðslu eða í lokaða gáma eða gáma með yfirbreiðslu.
- V2 1. Stykkjavara skal einungis lestuð á farartæki af gerð EX/II eða EX/III sem uppfylla kröfur í kafla 9. Val á ökutæki er háð því magni sem flutt er og er magnið takmarkað á ökutæki eða æki í samræmi við ákvæði varðandi hleðslu (sjá ákvæði 7.5.5.2 í ADR-reglum).
2. Hengi- og tengivagnar, sem uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til EX/II og EX/III farartækja, mega vera dregnir af ökutæki sem uppfylla ekki þessar kröfur.
- Um flutning í gámum, sjá einnig undirkafla 7.1.3 til 7.1.6. Þegar hlutir eða búnaður, sem tilheyrja flokki 1 í magni sem krefst ökutækis eða ökutækja af gerð EX/III, eru fluttir í gámum til eða frá hafnarsvæði, járnbrautarsvæði eða flugvallarsvæði er hægt að nota farartæki af gerð EX/II í staðinn að því gefnu að þeir gámar, sem notaðir eru, séu samkvæmt stöðlum IMDG, RID eða tæknilegum leiðbeiningum ICAO.
- V3 Ef flutt er laust púður eða flugeldar skal gólf gáma ekki vera úr málm eða yfirbreitt.
- V4 (Ónotað).
- V5 Stykkjavöru má ekki hlaða í litla gáma.
- V6 Sveigjanlegar IBC-umbúðir skulu fluttar í lokuðum farartækjum, í lokuðum gámum eða yfirbreiddum gámum. Yfirbreiðslan skal gerð úr vatnsheldu og óbrennanlegu efni.
- V7 (Frátekið)
- V8 1. Efni, sem halda þarf við ákveðið hitastig með hitastilli, skulu send á þann hátt að hitinn fari ekki yfir stjórnhitastigið sem gefið er upp sem hæfilegt í greinum 2.2.41.1.17 og 2.2.41.4 eða 2.2.52.16 og 2.2.52.4 í ADR-reglum.
2. Valið á meðalhita hitastillis í flutningi er háð nokkrum þáttum eins og:
- stjórnunarhitastigi efnisins sem flutt er
 - mismuninum á milli stjórnunarhitastigs og áætlaðs útihitastigs
 - virgni einangrunar
 - tímalengd flutningsins
 - leyfðu svigrúmi fyrir seinkun á áætlun.
3. Viðeigandi aðferðir til að hindra að stjórnunarhitastig fari yfir mörkin eru gefnar hér fyrir neðan, raðað eftir virkni:
- R1 Varmaeinangrun, að því gefnu að upphafshitastig efnis sé nægilega mikið undir stjórnunarhitastigi.
- R2 Varmaeinangrun og kælikerfi að því tilskildu að:
- nægilegt magn af óeldfimum kælimiðli (t.d. fljótandi köfnunarefni eða koltvísýringi í föstu formi), sem gefur skynsamlegt svigrúm fyrir hugsanlegri seinkun eða möguleika á endurnýjun kælimiðils, sé til staðar
 - fljótandi súrefni eða loft er ekki notað sem kælimiðill
 - það sé jöfn kælivirkni jafnvel þótt mestur hluti kælimiðilsins sé uppurinn
 - þörf fyrir að loftræsta farmrýmið áður en farið er inn í það sé greinilega gefin til kynna á hurðum.
- R3 Varmaeinangrun og einfalt vélknúið kælikerfi, að því tilskildu að ef efnin eru með blossamark lægra en summa neyðarhitastigs + 5°C séu notuð sprengiörugg rafmagnstengi, EEx IIB T3, í kæliþrymi til að koma í veg fyrir tendrun í eldfimum gufum frá efnunum.
- R4 Varmaeinangrun og samsett vélknúið kælikerfi og kælimiðill að því tilskildu að:
- þessi tvö kerfi séu óháð hvort öðru
 - kröfur R2 og R3 hér á undan séu uppfylltar.

- R5 Varmaeinangrun og tvöfalt vélknúid kælikerfi, að því tilskildu að:
- umrædd tvö kerfi séu óháð hvort öðru, burtséð frá aflgjafa
 - hvort kerfi um sig sé fært um að viðhalda tilskilinni hitastýringu
 - ef efnin eru með lægra blossamark en summa neyðarhitastigs + 5°C séu notuð sprengiörugg rafmagnstengi, EEx IIB T3, í kælirými til að koma í veg fyrir tendrun í eldfimum gufum frá efnunum.
4. Aðferðir R4 og R5 má nota við öll lífræn peroxíð og sjálfhendrandi efni.
Aðferð R3 má nota við lífræn peroxíð og sjálfhendrandi efni af gerð C, D, E og F þegar hámarksumhverfshiti sem búast má við á leiðinni, fer ekki meira yfir stjórnunarhitastig en sem nemur 10°C ef um er að ræða lífræn peroxíð og sjálfhendrandi efni af gerð B.
Aðferð R2 má nota við lífræn peroxíð og sjálfhendrandi efni af gerð C, D, E og F þegar hámarksumhverfshiti, sem búast má við á leiðinni, fer ekki meira yfir stjórnunarhitastig en sem nemur 30°C.
Aðferð R1 má nota við lífræn peroxíð og sjálfhendrandi efni af gerð C, D, E og F þegar hámarksumhverfshiti, sem búast má við á leiðinni, er að minnsta kost 10°C lægri en stjórnunarhitastig farmsins.
5. Þar sem krafist er flutnings efna í einangruðum, kældum eða vélkældum farartækjum eða gámum skulu ákvæði kafla 9.6 uppfyllt.
6. Ef efni eru flutt í ytri umbúðum sem eru fyllt með kæliefni skal lesta þau í lokuð farartæki eða farartæki með yfirbreiðslu eða í lokaða gáma eða gáma með yfirbreiðslu. Ef farartæki eða gámar, sem notuð eru, eru lokuð skulu þau vera nægilega loftræst. Yfirbreidd ökutæki og gámar eiga að vera útbúin með hliðarborðum og göflum. Yfirbreiðslur þessara ökutækja og gáma eiga að vera gerðar úr vatnsheldu og óbrennanlegu efni.
7. Hvert og eitt stýritæki og hitaskynjarar í kælikerfinu skulu vera auðveldlega aðgengileg og allar raftengingar skulu vera vatnspéttar. Lofthita í flutningseiningu skal mæla með tveimur óháðum skynjurum og niðurstöður skulu skráðar svo að allar breytingar á hitastigi verði uppgötvaðar. Þegar flutt eru efni sem hafa stýrihitastig undir +25°C skal flutningseiningin vera útbúin með sjáanlegum og heyranlegum viðvörnum, sem fá straum frá aflgjafa sem er óháður kælikerfinu og stilltur á að gefa viðvörnum við eða undir stýrihitastigi.
8. Varakælikerfi eða varahlutir skulu vera til staðar.
Ath.: Ákvæði V8 á ekki við efni, sem vísað er til í grein 3.1.2.6 í ADR-reglum, þegar efni eru gerð stöðug með því að bæta í þau hindrunarefnum þannig að SADT, verði hærri en 50°C. Í þessu tilfalli væri hugsanlega krafist hitastýringar ef hiti við flutning gæti farið yfir 55°C.
- V9 (Ónotað).
- V10 IBC-umbúðir skulu fluttar í lokuðum eða yfirbreiddum farartækjum eða í lokuðum eða yfirbreiddum gámum.
- V11 IBC-umbúðir úr öðrum efnunum en málmum eða stífu plasti skulu fluttar í lokuðum eða yfirbreiddum farartækjum eða í lokuðum eða yfirbreiddum gámum.
- V12 IBC-umbúðir af gerð 31HZ2 skulu fluttar í lokuðum farartækjum eða gámum.
- V13 Þegar pakkað er í 5H1, 5L1 eða 5M1 poka skal farmurinn fluttur í lokuðum farartækjum eða gámum.
- V14 Úðabrúsar sem fluttir eru samkvæmt sérákvæði 327 í viðauka IX til endurvinnslu eða eyðingar má einungis flytja í loftræstu eða opnu ökutæki eða gámi.

XI. VIÐAUKI

Sérákvæði fyrir flutning á ósekkjuðum farmi (sbr. 17. dálk í töflu A).

Farm má ekki flytja í lausavigt á ökutækjum eða í gámum nema sérstakt ákvæði, sem er einkennt með kóðanum VV, leyfi sérstaklega þessa flutningsaðferð og er hún gefin til kynna í 17. dálki í töflu A.

Óhreinir, tómar umbúðir má samt sem áður flytja ef þessi flutningsaðferð er ekki bönnuð samkvæmt öðrum ákvæðum ADR-reglna.

7.3.1 Nauðsynlegar ráðstafanir skulu gerðar við allan flutning í lausavigt til að tryggja að ekkert af innihaldinu sleppi út.

7.3.2 Þegar eftirfarandi kóði kemur fram í 10. dálki í töflu A skulu þessi sérákvæði gilda:

- VV1 Flutningur í lausavigt er leyfður í lokuðum eða yfirbreiddum ökutækjum og í lokuðum eða yfirbreiddum gámum.
- VV2 Flutningur í lausavigt er leyfður í lokuðum ökutækjum með yfirbyggingu úr málm, í lokuðum gámum úr málm og í yfirbreiddum ökutækjum og yfirbreiddum stórum gámum með yfirbreiðslu úr óeldfimu efni ef yfirbreiddu ökutækinn og gámarnir eru úr málm eða ef gólf og veggir eru varðir fyrir farminum.
- VV3 Flutningur í lausavigt er leyfður í ökutækjum með yfirbreiðslu og í stórum gámum með yfirbreiðslu ef loftræsting er næg.
- VV4 Flutningur í lausavigt er leyfður í lokuðum ökutækjum með yfirbyggingu úr málm, lokuðum gámum úr málm eða í stórum gámum með yfirbreiðslu. Ef efni með UN-númer 2008, 2009, 2210, 2545, 2546, 2881, 3189 og 3190 eru fastur úrgangur má flytja þau í lausavigt.
- VV5 Flutningur í lausavigt er leyfður í sérútbúnum ökutækjum og gámum.

Hleðslu og aflestunaropi skal vera hægt að loka loftþétt.

- VV6 (Ónotað)
- VV7 Flutningur í lausavigt er aðeins leyfður í lokuðum ökutækjum eða ökutækjum með yfirbreiðslu eða í lokuðum gámum eða gámum með yfirbreiðslu ef efnið er í stykkjum/brotum.
- VV8 Flutningur í lausavigt er leyfður sem *heildarfarmur* í lokuðum ökutækjum, lokuðum gámum eða ökutækjum eða stórum gámum með ógegndræpri og óeldfimi yfirbreiðslu.
Ökutæki og gámar skulu vera útbúin þannig að annaðhvort skulu efnin, sem flutt eru, ekki geta komist í snertingu við tré eða önnur eldfim efni, eða að allt yfirborð gólfs og veggja, ef þau eru úr tré eða öðru eldfimu efni, vera þakið ógegndræpu og eldvörðu efni eða húðað með natríumsilikati eða svipuðu efni.
- VV9a Flutningur í lausavigt er leyfður sem *heildarfarmur* í ökutækjum með yfirbreiðslu, lokuðum gámum eða í stórum gámum með yfirbreiðslu og heilum veggjum.
Ef flytja á efni í flokki 8 skal efni farartækis eða gáms vera útbúið með viðeigandi og fullnægjandi sterkri innri fódningu.
- VV9b Flutningur í lausavigt sem *heildarfarmur* (fyrir flokk 8 á það aðeins við um spilliefni) er leyfður í lokuðum gámum eða stórum gámum með yfirbreiðslu og heilum veggjum. Ef flytja á spilliefni í flokki 8 skulu gámar vera útbúnir með viðeigandi og fullnægjandi sterkri innri fódningu.
- VV10 Flutningur í lausavigt er leyfður sem *heildarfarmur* í ökutækjum með yfirbreiðslu, lokuðum gámum eða stórum gámum með yfirbreiðslu og heilum veggjum.
Efni farartækja eða gáma skulu vera lekaþétt eða gerð lekaþétt, t.d. með viðeigandi og fullnægjandi sterkri innri fódningu.
- VV11 Flutningur í lausavigt er leyfður í sérútbúnum ökutækjum og gámum á þann hátt að það valdi ekki áhættu gagnvart fólki, dýrum og umhverfi, t.d. með því að setja úrganginn í poka eða loftþétt ílát.
- VV12 Ef flytja þarf efni, sem óhentugt er að flytja í tankbílum, lausum tönkum eða gámatönkum vegna mikils hita og eðlisþunga efnanna má flytja þau í sérútbúnum ökutækjum eða gámum sem uppfylla kröfur skilgreindar af lögmatu yfirvaldi viðkomandi upprunaland. Ef upprunandið er ekki aðili að ADR-samningnum skulu

- kröfurnar viðurkenndar af lögmætu yfirvaldi fyrsta lands sem er aðili að ADR-samningnum sem komið er til.
- VV13 Flutningur í lausavigt er leyfður í sérútbúnum ökutækjum eða gámum í samræmi við kröfur gerðar af lögmætu yfirvaldi viðkomandi upprunalands. Ef upprunalandið er ekki aðili að ADR-samningnum skulu kröfurnar viðurkenndar af lögmætu yfirvaldi fyrsta lands sem er aðili að ADR-samningnum sem komið er til.
- VV14
1. Notaðar rafhlöður má flytja í lausavigt í sérútbúnum bílum eða gámum. Stórir plastgámar eru ekki leyfðir. Litlir plastgámar skulu þola, fullhlaðnir, fall úr 0,8 m hæð á harðan flöt við -18°C án þess að brotna.
 2. Hleðslurými ökutækja eða gáma skal vera úr sýruþolnu stáli sem er ónæmt fyrir ætandi efnum sem rafhlöðurnar innihalda. Minna sýruþolið stál má einnig nota þegar fyrir hendi er nægileg veggþykkt eða plastfóðring/lag sem þolir þessi ætandi efni. Hönnun á hleðslurými ökutækja og gáma skal taka mið af öllum hugsanlegum rafstraumum og áhrifum frá efnunum. Ath.: Stál sem tærist minna en 0,1 mm á ári vegna tærandi efna telst sýruþolið.
 3. Tryggt skal með viðeigandi aðferðum að enginn leki tærandi efna verði frá hleðslurými ökutækja eða gáma meðan á flutningi stendur. Opin hleðslurými skulu vera með yfirbreiðslu. Yfirbreiðslan skal vera sýruþolin.
 4. Fyrir lestun skal hleðslurými ökutækja og gáma, ásamt útbúnaði þeirra, skoðað með tilliti til skemmda. Ekki má lesta ökutæki eða gáma með skemmd geymslurými. Hleðsluhólf ökutækja eða gáma skulu ekki lestuð yfir veggbrúnir.
 5. Engar rafhlöður, sem innihalda mismunandi efni sem geta hvarfast á hættulegan hátt hvert við annað, og enginn annar farmur, sem getur hvarfast hættulega við annan farm, má vera til staðar í sama hleðslurými ökutækja eða gáma (sjá hættulegt efnahvarf í kafla 1.2.1).
Á meðan á flutningi stendur skulu engar leifar af hættulegum tærandi efnum úr rafhlöðum vera viðloðandi ytra byrði hleðslurýmis ökutækja eða gáma.
- VV15 Flutningur í lausavigt á föstum efnum eða blöndum (svo sem efnavörum og spilliefnum), sem innihalda að hámarki 1.000 mg/kg af efninu með viðkomandi UN-númeri, má eiga sér stað í lokuðu ökutæki eða ökutæki með yfirbreiðslu, lokuðum gámi eða stórum gámi með yfirbreiðslu.
Hleðslurými ökutækisins eða gámurinn skulu vera lekaþétt eða þétt með viðeigandi öruggri innri klæðningu.
- VV16 Flutningur í lausavigt er leyfður að uppfylltum skilyrðum í grein 4.1.9.2.3 í ADR-reglum.
- VV17 Flutningur í lausavigt á SCOI-hlutum er leyfður að uppfylltum skilyrðum í grein 4.1.9.2.3 í ADR-reglum.

XII. VIÐAUKI

Sérákvæði fyrir flutning á hættulegum farmi (lestun, losun o.fl.) (sbr. 18. dálk í töflu A).

Ef einhver af kóðunum CV1-CV36 kemur fyrir í 18. dálki í töflu A gildir eftirfarandi:

- CV1 1. Bannað er:
- að lesta eða losa á almennu svæði í þéttbýli án sérstaks leyfis lögregluþyrvalda,
 - að lesta eða losa á almennu svæði utan þéttbýlis án þess að tilkynna það lögregluþyrvaldum fyrir fram nema það sé nauðsynlegt af öryggisástæðum.
2. Ef af einhverjum orsökum er nauðsynlegt að meðhöndla varning á almennu svæði skal halda efnun og varningi aðskildum í samræmi við merkingar.
- CV2 1. Fyrir lestun skal farmrýmið eða gámurinn hreinsaður vel.
2. Bannað er að nota eld eða opinn loga í eða í grennd við ökutækið sem flytur varninginn og gildir það einnig við lestun og losun hans.
- CV3 Sjá kafla 7.5.5.2 í ADR-reglum.
- CV4 Efni og hlutir í aðskilnaðarflokki L skulu einungis flutt sem *heildarfarmur*.
- CV5-CV8 (Ónotað)
- CV9 Ekki er leyfilegt að kasta til farmeiningum eða láta þær verða fyrir hnjaski. Festa skal farmeiningarnar í farmrými eða gám þannig að þær séu varðar falli eða þannig að þær geti ekki oltið.
- CV10 Gashylki undir 150 lítrum að rúmmáli skulu lögð samsíða eða hornrétt á lengdarás ökutækisins.
- Gashylki, sem liggja nálægt framgaflinum, skulu ávallt vera hornrétt á lengdarás ökutækisins. Lág hylki með þvermál um 30 sm eða meira má lesta langsum eftir farmrýminu þannig að ventillinn snúi inn að miðju ökutækisins.
- Hylki, sem eru nægilega stöðug, og hylki í heppilegum flutningsbúnaði (grindum), sem hindrar að þau velti, má flytja í uppréttri stöðu.
- Liggjandi hylki skal festa þannig að þau geti ekki færst úr stað.**
- CV11 Gashylki með lofttegundum skal ávallt lesta í þeirri stöðu (liggjandi eða uppréttri) sem hylkin eru gerð fyrir og verja skal þau gegn skaða frá öðrum farmi.
- CV12 Ef hlutir eru lestaðir á bretti og brettunum er staflað skal hver brettahæð staflast jafnt á þau, sem undir eru, og ef þess er þörf með millilagi með nægilegum styrk.
- CV13 Ef efni lekur út og dreifist í ökutæki eða gámi má ekki nota ökutækið eða gáminn fyrr en eftir nákvæma hreinsun eða, ef þess gerist þörf, eftir sótthreinsun. Allan annan farm og hluti sem flutt eru í sama ökutæki skal skoða með tilliti til hugsanlegrar mengunar.
- CV14 Verja skal farminn fyrir sólarljósi. Farmeiningar má einungis geyma í svölu, vel loftræstu rými fjarri hitagjöfum.
- CV15 Sjá ákvæði 5.5.5.3 í ADR-reglum.
- CV16-CV19 (Ónotað).
- CV20-CV21 Sjá ákvæði 7.5.11 í ADR-reglum.
- CV22 Farmeiningar skal lesta þannig að óhindrað loftstreymi geti átt sér stað í farmrýminu þannig að sama hitastig geti orðið á öllum farminum. Ef innihald í ökutæki eða gám fer yfir 5.000 kg af eldfimu föstu efni og/eða lífrænu peroxíði skal skipta farminum í einingar með að hámarki 5.000 kg í hverri einingu með a.m.k. 0,05 m loftrými á milli.
- CV23 Við meðhöndlun á þessum farmeiningum skal gera sérstakar ráðstafanir til að þær komist ekki í snertingu við vatn.
- CV24 Fyrir lestun skal hreinsa farmrými eða gám nákvæmlega og sérstaklega skal hafa í huga að fjarlægja eldfima afganga (hálm, hey, pappa o.s.frv.).
- CV25 1. Farmeiningar skal lesta og festa þannig að auðvelt sé að komast að þeim.

2. Þegar flytja á farneiningu við hitastig sem er að hámarki 15°C eða í kældu ástandi þá skal halda því hitastigi við lestun og geymslu.
3. Einungis má geyma varninginn á svölum stöðum í hæfilegri fjarlægð frá hitagjöfum.

CV26 Hlutir úr tré í ökutækinu eða gámnum, sem komist hafa í snertingu við þessi efni, skal fjarlægja og brenna.

- CV27
1. Farneiningar skal lesta og festa þannig að auðvelt sé að komast að þeim.
 2. Þegar farneiningar eru fluttar kældar skal athuga að öll kælikerfin virki við losun og geymslu.
 3. Einungis má geyma varninginn á svölum stöðum í hæfilegri fjarlægð frá hitagjöfum.

CV28 Sjá ákvæði 7.5.4 í ADR-reglum.

CV29-CV32 (Ónotað).

CV33 Sjá ákvæði 7.5.11 í ADR-reglum.

CV34 Áður en gashylki eru flutt skal ganga úr skugga um að þrýstingur í þeim hafi ekki aukist vegna hugsanlegrar vetnismyndunar.

CV35 Ef sekkir eru einu umbúðirnar, sem notaðar eru, skal aðskilja þá þannig að hugsanlegur varmi, sem gæti myndast, sé leiddur burt.

CV36 Farneiningar skal helst lesta á opin eða loftræst ökutæki eða í opna eða loftræsta gáma. Ef það er ekki unnt og farneiningarnar eru fluttar í lokuðum ökutækjum eða lokuðum gámum skulu hurðir á farmrými ökutækjanna eða gámanna merktar með eftirfarandi áletrun þar sem bókstafirnir eru a.m.k. 25 mm háir:

- VIÐVÖRUN
- ENGIN LOFTRÆSTING
- OPNIST VARLEGA

Þessar upplýsingar skulu vera á máli sem sendandi telur viðeigandi.

XIII. VIÐAUKI

Sérákvæði fyrir flutning á hættulegum farmi (vöktun o.fl.) (sbr. 19. dálk í töflu A).

Viðbótarákvæði varðandi vissa flokka eða efni.

Auk ákvæða um fylgibúnað, ADR-réttindi ökumanna, námskeið til að öðlast ADR-réttindi o.fl., sem fjallað er um í 24., 25. og 26. gr. reglugerðar þessarar, gilda eftirfarandi ákvæði (sérkvæði) um flutning á efnum eða hlutum þegar vísað er til þeirra í 19. dálki í töflu A. Stangist ákvæðin í kafla 8.1–8.4 í ADR-reglum á við þessi ákvæði hafa þessi ákvæði forgang.

S1 Viðbótarákvæði varðandi flutning á sprengifimum efnum eða hlutum (flokkur 1):

1. Sérstök ADR-réttindi:

- Kröfur um sérstök ADR-réttindi (grein 8.2.1 í ADR-reglum) gilda um ökumann sem flytur efni eða hluti í flokki 1.
- Ökumaður, sem flytur efni eða hluti í flokki 1, skal sitja sérstakt námskeið þar sem farið er a.m.k í þá efnisþætti sem taldir eru upp í VII. viðauka.
- Ef ökumaður, sem samkvæmt öðrum reglum, settum af aðildarlandi að ADR-samningnum, hefur fengið samsvarandi fræðslu og fjallað er um undir lið b má fella niður kröfu um þátttöku í sérstöku námskeiði að hluta til eða öllu leyti.

2. Fylgdarmaður á vegum stjórnvalda.

Lögbær yfirvöld í landi, sem er aðili að ADR-samningnum, geta, ef reglur í viðkomandi landi krefjast þess, gert kröfur um að fylgdarmaður á vegum stjórnvalda fylgi flutningnum á kostnað flutningsaðilans.

3. Bann við opnum eldi eða loga.

Bannað er að nota opinn eld eða loga í nálægð við ökutæki sem flytur efni og hluti í flokki 1. Sama á við um lestun og losun á efnum og hlutum í flokki 1.

4. Staðir fyrir lestun og losun.

- Lestun eða losun á efnum og hlutum í flokki 1 á almennu svæði í þéttbýli er bönnuð nema með leyfi lögreglustjóra.
- Lestun eða losun á efnum og hlutum í flokki 1 á almennu svæði utan þéttbýlis, ef lögregluyfirvöld hafa ekki fengið tilkynningu um það fyrir fram, er bönnuð nema nauðsyn krefji af öryggisástæðum.
- Ef af einhverjum ástæðum er nauðsynlegt að meðhöndla varninginn á almennu svæði skal halda efnum og hlutum aðskildum í samræmi við varúðarmerkin.
- Ef ökutæki, sem flytja efni og hluti í flokki 1, þurfa nauðsynlega að nema staðar vegna lestunar eða losunar á almennu svæði, skal fjarlægð á milli ökutækja vera a.m.k. 50 m.

5. Akstur í lest.

- Þegar ökutæki, sem flytja efni eða hluti í flokki 1, aka í lest skal fjarlægðin milli ökutækja (ækja) vera a.m.k. 50 m.
- Lögregluyfirvöld geta gert kröfu um uppröðun ökutækja þegar ekið er í lest.
- Vöktun ökutækja

Ákvæði um vöktun (kafla 8.4 í ADR-reglum) gilda aðeins um flutning á efnum og hlutum í flokki 1 þegar nettóþungi sprengifima efnisins fer yfir 50 kg á ökutæki.

Auk þess skulu þessi efni og hlutir ávallt vera undir eftirliti til að hindra skemmdarverk og til að láta megí ökumann og lögregluyfirvöld vita ef brottvarf verður á þeim eða við bruna.

Þessi ákvæði eiga ekki við um tómar óhreinsaðar umbúðir.

S2 Viðbótar kröfur við flutning á eldfimum vökvum og lofttegundum.

- Lausir ljósgjafar sem halda má á.

Bannað er að fara inn í lokuð ökutæki sem flytja vökva með blossamark að hámarki 61°C eða eldfim efni eða hluti í flokki 2 með ljósgjafa aðra en lausa ljósgjafa sem halda má á og eru hannaðir þannig að þeir geta ekki kveikt í eldfimum gufum sem geta borist inn í ökutækið.

2. **Notkun á brennsluhitara við lestun og losun.**

Notkun á hitara í FL-ökutæki (sjá handbók um tankaflutninga og/eða kafla 9 í ADR-reglum) er bönnuð við lestun og losun og á lestunarstöðum.

3. **Aðgerðir gegn stöðurafmagni.**

Á FL-ökutæki (sjá kafla 9 í ADR-reglum) skal séð fyrir góðri jarðtengingu frá grind ökutækis (í jörð) áður en tankar eru fylltir eða tæmdir. Auk þess skal takmarka áfyllingarhraðann.

S3 Sérákvæði við flutning á smitefnum.

Fyrir æki með efni í flokki 6.2 er ekki gerð krafa um að fara skuli eftir ákvæðum í 8.1.4.1b í ADR-reglum um viðbótarstöðvitæki eða ákvæði 8.3.4 í ADR-reglum um ljósgjafa sem hægt er að halda á.

S4 Sérákvæði við flutning þar sem hafa þarf eftirlit með hitastigi.

Sjá kafla 8.5 í ADR-reglum.

S5 Sérákvæði varðandi flutning á geislavirkum efnum í flokki 7 sem undanþegnar farneiningar (UN 2908, 2909, 2910 og 2911).

Ekki þarf að uppfylla ákvæðið um flutningsslysakort (ákvæði 8.1.2.1b í ADR-reglum), ákvæðin um ADR-réttindi (ákvæði 8.2.1 í ADR-reglum) og ákvæði 8.3.4 í ADR-reglum um ljósgjafa sem hægt er að halda á.

S6 Sérákvæði um flutning á geislavirkum farmi í flokki 7 fyrir utan undanþegnar farneiningar.

Ekki þarf að uppfylla ákvæðin sem banna farþega þegar fluttar eru farneiningar eða gámar með merkingunni I-HVÍTUR.

Ekki þarf að uppfylla ákvæði 8.3.4 í ADR-reglum um ljósgjafa sem hægt er að halda á ef ekki er um viðbótarhættu að ræða við farminn.

Önnur viðbótarákvæði eða sérákvæði.

S7 Við flutning á lofttegundum eða hlutum merktum með bókstöfunum T, TO, TF, TC, TFC og TOC skal sérhver maður í áhöfn bílsins hafa aðgang að öndunargrímu þannig að allir geti forðað sér við óhapp (t.d. með samsettri gas/ryksíu A1B1E1K1P1 eða A2B2E2K2P2 í samræmi við EN 141).

S8 Ef æki er lestað með meira en 2.000 kg af þessum efnum má stöðvun vegna þjónustu við ökutæki ekki eiga sér stað, ef hægt er að komast hjá því, nálægt íbúðarbyggð eða stöðum sem almenningur á erindi á. Lengri stöðvun nálægt slíkum svæðum er einungis heimil með leyfi viðkomandi lögregluþingvalda.

S9 Við flutning á þessum efnum má stöðvun vegna þjónustu við ökutæki ekki eiga sér stað, ef hægt er að komast hjá því, nálægt íbúðarbyggð eða stöðum sem almenningur á erindi á. Lengri stöðvun nálægt slíkum svæðum er einungis heimil með leyfi viðkomandi lögregluþingvalda.

S10 Við lagningu ökutækis á tímabilinu apríl til og með október skulu farneiningar varðar á fullnægjandi hátt gegn áhrifum sólarljóss, t.d. með skermun sem er staðsett a.m.k. 20 sm fyrir ofan farminn, ef þess er krafist í því landi sem ökutækið er statt.

S11 1. Uppfylla skal almennu ákvæðin um ADR-réttindi (ákvæði 8.2.1 í ADR-reglum).
2. Ökumaður skal sitja sérnámskeið um flutning á geislavirkum farmi þar sem fjallað er a.m.k um eftirfarandi atriði:
a. sérstakar hættur vegna jónandi geislunar,
b. sérstakar kröfur um þökkun, meðhöndlun, samlestun og frágang (í farmrými) á geislavirkum farmi,
c. sérstakar ráðstafanir sem grípa skal til við óhapp með geislavirkan farm.

3. Ef ökumaður, sem samkvæmt öðrum reglum, settum af aðildarlandi að ADR-samningnum, hefur fengið samsvarandi fræðslu og fjallað er um undir lið 2 má fella niður kröfu um þátttöku á sérstöku námskeiði að hluta til eða öllu leyti.
- S12** Ef fjöldi farmeininga með geislavirkum efnum fer ekki yfir 10 stk. og samanlagður flutningsstuðull þeirra fer ekki yfir 3 þarf ekki að fara eftir sérákvæðum S11, þ.e. hafa ADR-réttindi til flutnings á geislavirkum farmi. Ökumaður skal í slíkum tilvikum fá kennslu og þjálfun með hliðsjón af verksviði hans þannig að hann geri sér grein fyrir áhættu vegna geislunar við flutning á geislavirkum efnum. Slíka kennslu og þjálfun skal staðfesta með vottorði frá atvinnurekandanum.
- S13** Ef ekki er hægt að afhenda sendinguna skal koma henni á öruggan stað og tilkynna Geislavörnum ríkisins um það eins fljótt og unnt er og afla upplýsinga hjá þeim um frekari ráðstafanir.
- S14** Uppfylla skal ákvæðin um vöktun (kafli 8.4 í ADR-reglum) ökutækis í öllum tilvikum.
- S15** Uppfylla skal ákvæðin um vöktun (kafli 8.4 í ADR-reglum) ökutækis í öllum tilvikum. Ekki er gerð krafa um vöktun ef farmrýmið er læst og farmeiningarnar eru varðar á annan hátt gegn því að óviðkomandi losi þær.
- S16** Uppfylla skal ákvæðin um vöktun (kafli 8.4 í ADR-reglum) ökutækis ef heildarmagn þessara efna fer yfir 500 kg.
Enn fremur skal ökutæki, sem flytur yfir 500 kg af þessum efnum, alltaf vakt að til að koma megi í veg fyrir skemmdarverk og til að hægt sé að láta ökumann og lögregluþyrirvöld vita ef efni tapast eða við bruna.
- S17** Uppfylla skal ákvæðin um vöktun (kafli 8.4 í ADR-reglum) ökutækis ef heildarmagn þessara efna á ökutæki fer yfir 1.000 kg.
- S18** Uppfylla skal ákvæðin um vöktun (kafli 8.4 í ADR-reglum) ökutækis ef heildarmagn þessara efna á ökutæki fer yfir 2.000 kg.
- S19** Uppfylla skal ákvæðin um vöktun (kafli 8.4 í ADR-reglum) ökutækis ef heildarmagn þessara efna á ökutæki fer yfir 5.000 kg.
- S20** Uppfylla skal ákvæðin um vöktun (kafli 8.4 í ADR-reglum) ökutækis ef heildarmagn þessara efna á ökutæki fer yfir 10.000 kg sem stykkjavara eða 3.000 l í tanki.
- S21** Uppfylla skal ákvæðin um vöktun (kafli 8.4 í ADR-reglum) ökutækis á öllum farmi óháð magni. Auk þess skal slíkur farmur ávallt vera undir gæslu til að hindra skemmdarverk svo láta megi ökumann og lögregluþyrirvöld vita ef brotthvarf verður á þeim eða við bruna. Ekki þarf að uppfylla ákvæðin um vöktun í eftirfarandi tilvikum:
- ef farmrýmið er læst eða farmeiningarnar eru varðar á annan hátt gegn því að óviðkomandi losi þær
 - ef geislavirknin fer ekki yfir 5 $\mu\text{Sv/klst.}$ neins staðar á úthlið ökutækisins.
- S22** Uppfylla skal ákvæðin um vöktun (kafli 8.4 í ADR-reglum) ökutækis ef heildarmagn þessara efna á ökutæki fer yfir 5.000 kg sem stykkjavara eða 3.000 l í tanki.
- S23** Uppfylla skal ákvæðin um vöktun (kafli 8.4 í ADR-reglum) ökutækis ef heildarmagn þessara efna á ökutæki fer yfir 3.000 kg sem stykkjavara eða 3.000 l í tanki.
- S24** Uppfylla skal ákvæðin um vöktun (kafli 8.4 í ADR-reglum) ökutækis ef heildarmagn þessara efna á ökutæki fer yfir 100 kg.

XIV. VIÐAUKI

Hættumerki og áletrun þeirra.

Eftirfarandi gildir fyrir tölustafi í hættumerki:

- 0 Án merkingar.
 - 1 Ekki notað.
 - 2 Gas getur myndast vegna þrýstings eða efnahvarfs.
 - 3 Eldfímur vökvi (gufa) eða gas eða vökvi sem hitnar af sjálfu sér.
 - 4 Eldfímt fast efni eða fast efni sem hitnar af sjálfu sér.
 - 5 Eldnærandi áhrif.
 - 6 Hætta á eitrun eða smiti.
 - 7 Hætta á geislavirkni.
 - 8 Hætta á ætingu.
 - 9 Hætta á skyndilegu öfluggu efnahvarfi.
- Ef sami tölustafur er tvítekinn merkir það aukna hættu, t.d. merkir 30 eldfímur vökvi (t.d. díselolía) en 33 merkir mjög eldfímur vökvi (t.d. bensín). Ef bókstafurinn X er fyrir framan tölurnar merkir það að ekki má nota vatn við slökkvistarf.

Eftirfarandi samsetningar hættunúmera eru notaðar:

- *) merkir að aðeins má nota vatn með samþykki viðkomandi yfirvalda.
- Varðandi merkingar við flutning einstakra efna, sjá 20. dalk í töflu A.
- 20 Kæfandi lofttegund eða óvirk lofttegund.
 - 22 Djúpkæld lofttegund, kæfandi.
 - 223 Djúpkæld, eldfim lofttegund.
 - 225 Djúpkæld, eldnærandi lofttegund.
 - 23 Eldfim lofttegund.
 - 239 Eldfim lofttegund, hætta á sjálfvöktu kröftugu efnahvarfi.
 - 25 Eldnærandi lofttegund.
 - 26 Eitruð lofttegund.
 - 263 Eitruð, eldfim lofttegund.
 - 265 Eitruð lofttegund, eldnærandi.
 - 268 Eitruð, ætandi lofttegund.
 - 30 Eldfímur vökvi (blossamark 23°C til og með 61°C) eða eldfímur vökvi eða bráðið fast efni með blossamark yfir 61°C, upphitað í eða yfir blossamark eða vökvi sem hitnað getur af sjálfu sér.
 - 323 Eldfímur vökvi sem hvarfast við vatn og myndar eldfimar lofttegundir.
 - X323 Eldfímur vökvi sem hvarfast kröftuglega við vatn og myndar eldfimar lofttegundir *).
 - 33 Mjög eldfímur vökvi (blossamark undir 23°C).
 - 333 Vökvi sem kviknað getur í af sjálfu sér.
 - X333 Vökvi sem kviknað getur í af sjálfu sér og sem hvarfast kröftuglega við vatn *).
 - 336 Mjög eldfímur, eitruður vökvi.
 - 338 Mjög eldfímur, ætandi vökvi.
 - X338 Mjög eldfímur, ætandi vökvi sem hvarfast kröftuglega við vatn *).
 - 339 Mjög eldfímur vökvi, hætta á sjálfvöktu kröftugu efnahvarfi.
 - 36 Eldfímur vökvi (blossamark 23°C til og með 61°C) eða vökvi sem hitnað getur af sjálfu sér, eitruður.
 - 362 Eldfímur, eitruður vökvi sem hvarfast við vatn og myndar eldfimar lofttegundir.
 - X362 Eldfímur, eitruður vökvi sem hvarfast við vatn og myndar eldfimar lofttegundir *).
 - 368 Eldfímur vökvi, eitruður, ætandi
 - 38 Eldfímur vökvi (blossamark 23°C til og með 61°C), ætandi.
 - 382 Eldfímur, ætandi vökvi sem hvarfast kröftuglega við vatn og myndar eldfimar lofttegundir.
 - X382 Eldfímur, ætandi vökvi sem hvarfast kröftuglega við vatn og myndar eldfimar lofttegundir *).
 - 39 Eldfímur vökvi, hætta á sjálfvöktu og kröftugu efnahvarfi.
 - 40 Eldfímt fast efni eða fast efni sem hvarfast getur eða hitnað af sjálfu sér.
 - 423 Fast efni sem hvarfast við vatn og myndar eldfimar lofttegundir.
 - X423 Fast eldfímt efni, hvarfast kröftuglega við vatn og myndar eldfimar lofttegundir.
 - 43 Sjálfstendrandi fast efni.

- 44 Bráðið, eldfimt fast efni, upphitað.
- 446 Bráðið, eldfimt fast efni, eitrað, upphitað.
- 46 Eldfimt fast efni eða fast efni sem hitnar af sjálfu sér, eitrað.
- 462 Eitrað fast efni sem hvarfast við vatn og myndar eldfimar lofttegundir.
- X462 Fast efni sem hvarfast við vatn og myndar eitraðar lofttegundir.
- 48 Eldfimt fast efni eða fast efni sem hitnar af sjálfu sér, ætandi.
- 482 Ætandi fast efni sem hvarfast við vatn og myndar eldfimar lofttegundir.
- X482 Fast efni sem hvarfast við vatn og myndar ætandi lofttegundir.
- 50 Eldnærandi efni.
- 539 Eldfím lífræn peroxíð.
- 55 Sterkt eldnærandi efni.
- 556 Sterkt eldnærandi efni, eitrað.
- 558 Sterkt eldnærandi efni, ætandi.
- 559 Sterkt eldnærandi efni, hætta á sjálfvöktu, kröftugu efnahvarfi.
- 56 Eldnærandi efni, eitrað.
- 568 Eldnærandi efni, eitrað, ætandi.
- 58 Eldnærandi efni, ætandi.
- 59 Eldnærandi efni, hætta á sjálfvöktu, kröftugu efnahvarfi.
- 60 Eitrað eða lítið eitrað efni.
- 606 Smitefni.
- 623 Eitraður vökvi sem hvarfast við vatn og myndar eitraðar lofttegundir.
- 63 Eitrað efni, eldfimt (blossamark 23°C til og með 61°C).
- 638 Eitrað efni, eldfimt (blossamark 23°C til og með 61°C), ætandi.
- 639 Eitrað efni, eldfimt (blossamark hámark 61°C), hætta á sjálfvöktu, kröftugu efnahvarfi.
- 64 Eitrað fast efni, eldfimt eða sem getur hitnað af sjálfu sér.
- 642 Eitrað fast efni sem hvarfast við vatn og myndar eldfimar lofttegundir.
- 65 Eitrað, eldnærandi efni.
- 66 Mjög eitrað efni.
- 663 Mjög eitrað efni, eldfimt (blossamark hámark 61°C).
- 664 Mjög eitrað fast efni, eldfimt eða getur hitnað af sjálfu sér.
- 665 Mjög eitrað, eldnærandi efni.
- 668 Mjög eitrað efni, ætandi.
- 669 Mjög eitrað efni, hætta á sjálfvöktu, kröftugu efnahvarfi.
- 68 Eitrað efni, ætandi.
- 69 Eitrað eða lítið eitrað efni, hætta á sjálfvöktu, kröftugu efnahvarfi.
- 70 Geislavirkt efni.
- 78 Geislavirkt efni, ætandi.
- 80 Ætandi eða veikt ætandi efni.
- X80 Ætandi eða veikt ætandi efni sem hvarfast kröftuglega við vatn *).
- 823 Ætandi vökvi sem hvarfast við vatn og myndar eldfimar lofttegundir.
- 83 Ætandi eða veikt ætandi efni, eldfimt (blossamark 23°C til og með 61°C).
- X83 Ætandi eða veikt ætandi efni, eldfimt (blossamark 23°C til og með 61°C) sem hvarfast kröftuglega við vatn *).
- 839 Ætandi eða veikt ætandi efni, eldfimt (blossamark 23°C til og með 61°C), hætta á sjálfvöktu, kröftugu efnahvarfi *).
- X839 Ætandi eða veikt ætandi, eldfimt efni (blossamark 23°C til og með 61°C), hætta á sjálfvöktu kröftugu efnahvarfi og hvarfast kröftuglega við vatn.
- 84 Ætandi fast efni, eldfimt eða getur hitnað af sjálfu sér.
- 842 Ætandi fast efni sem hvarfast við vatn og myndar eldfimar lofttegundir.
- 85 Ætandi eða veikt ætandi efni, eldnærandi.
- 856 Ætandi eða veikt ætandi efni, eldnærandi og eitrað.
- 86 Ætandi eða veikt ætandi efni, eitrað.
- 88 Mjög ætandi efni.
- X88 Mjög ætandi efni sem hvarfast kröftuglega við vatn *).
- 883 Mjög ætandi efni, eldfimt (blossamark 23°C til og með 61°C).
- 884 Mjög ætandi fast efni, eldfimt eða sem getur hitnað af sjálfu sér.
- 885 Mjög ætandi efni, eldnærandi.
- 886 Mjög ætandi efni, eitrað.

- X886 Mjög ætandi efni, eitrað, hvarfast kröftuglega við vatn *).
- 89 Ætandi eða veikt ætandi efni, hætta á sjálfvöktu, öflugu efnahvarfi.
- 90 Hættulegt efni gagnvart ytra umhverfi, ýmis hættuleg efni.
- 99 Ýmis hættuleg efni, upphituð.

XV. VIÐAUKI

Flokkun farms vegna flutnings um jarðgöng, sbr. 15. dálk í töflu A í I. viðauka.

Hættulegur farmur er flokkaður í flokka A – E í samræmi við ADR-reglur og sem koma fram hér á eftir sem sýnir hvaða farm er heimilt að flytja miðað við tiltekna flokka A til E:

Jarðgangaflokkur A:

Engar takmarkanir á flutningi hættulegs farms.

Jarðgangaflokkur B:

Takmarkanir á flutningi hættulegs farms sem valdið getur mjög öflugri sprengingu. Eftirfarandi hættulegur farmur er talinn uppfylla þessi ákvæði:

- Flokkur 1: Aðskilnaðarflokkur A og L.
- Flokkur 3: Flokkunarkóði D (UN 1204, 2059, 3064, 3343, 3357 og 3379).
- Flokkur 4.1: Flokkunarkóði D og DT og sjálfhvarfandi efni af gerð B (UN 3221, 3222, 3231 og 3232).
- Flokkur 5.2: Lífræn peroxíð af gerð B (UN 3101, 3102, 3111 og 3112).

Þegar nettóheildarmagn sprengifims farms á æki er yfir 1.000 kg:

- Flokkur 1: Hættuflokkur 1.1, 1.2 og 1.5 (fyrir utan aðskilnaðarflokka A og L).

Flutningur í tönkum:

- Flokkur 2: Flokkunarkóði F, TF og TFC.
- Flokkur 4.2: Þökkunarflokkur I.
- Flokkur 4.3: Þökkunarflokkur I.
- Flokkur 5.1: Þökkunarflokkur I.

Jarðgangaflokkur C:

Takmarkanir á flutningi hættulegs farms sem valdið getur mjög öflugri sprengingu, öflugri sprengingu eða útstreymi eiturs.

Eftirtalinn hættulegur farmur er talinn uppfylla þessi ákvæði:

- a. hættulegur farmur sem bannað er að flytja í jarðgöngum í flokki B.
- b. eftirtalinn hættulegur farmur:

- Flokkur 1: Hættuflokkur 1.1, 1.2 og 1.5 (nema aðskilnaðarflokkar A og L) og hættuflokkur 1.3 (aðskilnaðarflokkar H og J).
- Flokkur 7: UN 2977 og 2978.

Þegar nettóheildarmagn sprengifims farms á æki er yfir 5.000 kg:

- Flokkur 1: Hættuflokkur 1.3 (aðskilnaðarflokkar C og G).

Flutningur í tönkum:

- Flokkur 2: Flokkunarkóði T, TC, TO og TOC.
- Flokkur 3: Þökkunarflokkur I fyrir flokkunarkóða FC, FT1, FT2 og FTC.
- Flokkur 6.1: Þökkunarflokkur I fyrir flokkunarkóða TF1 og TFC og eitrad við innöndun (UN 3381 og 3390).
- Flokkur 8: Þökkunarflokkur I fyrir flokkunarkóða CT1.

Jarðgangaflokkur D:

Takmarkanir á flutningi hættulegs farms sem valdið getur mjög öflugri sprengingu, öflugri sprengingu eða útstreymi eiturs eða miklum eldsvoða.

Eftirtalinn hættulegur farmur er talinn uppfylla þessi ákvæði:

- a. hættulegur farmur sem bannað er að flytja í jarðgöngum í flokki C og
- b. eftirtalinn hættulegur farmur:

- Flokkur 1: Hættuflokkur 1.3 (aðskilnaðarflokkur C og G).
 Flokkur 2: Undirflokkur F, FC, T, TF, TC, TO, TFC og TOC.
 Flokkur 4.1: Sjálfhvarfandi efni af gerð C, D, E og F og UN 2956, 3241, 3242 og 3251.
 Flokkur 5.2: Lífræn peroxíð af gerð C, D, E og F.
 Flokkur 6.1: Pökkunarflokkur I fyrir flokkunarkóða TF1 og TFC og eitruð við innöndun (UN 3381 og 3390).
 Flokkur 8: Pökkunarflokkur I fyrir flokkunarkóða CT1.
 Flokkur 9: Flokkunarkóði M9 og M10.

Flutt sem ópakkað efni eða í tönkum:

- Flokkur 3: Pökkunarflokkur I og II og flokkunarkóði F2.
 Flokkur 4.2: Pökkunarflokkur II.
 Flokkur 4.3: Pökkunarflokkur II.
 Flokkur 6.1: Pökkunarflokkur I fyrir flokkunarkóða TF2 og TW1 og pökkunarflokkur II fyrir flokkunarkóða TF1, TF2, TFC og TW1.
 Flokkur 8: Pökkunarflokkur I fyrir flokkunarkóða CF1, CFT og CW1.
 Flokkur 9: Flokkunarkóði M2 og M3.

Jarðgangaflokkur E:

Takmarkanir á flutningi á öllum hættulegum farmi nema UN 2919, UN 3291, UN 3331, UN 3359 og UN 3373.

Ákvæði um merkingar og takmarkanir á umferð.

Þegar takmarkanir eru á akstri um jarðgöng eða aðrar leiðir eru fyrirskipaðar skal merkja jarðgöngin með aukamerki á eftirfarandi hátt:

| Engin merki | Engar takmarkanir |
|---|--|
| Merkja á með aukamerki með bókstafnum B | Gildir um ökutæki með varning sem ekki er leyfður í jarðgöngum í flokki B. |
| Merkja á með aukamerki með bókstafnum C | Gildir um ökutæki með varning sem ekki er leyfður í jarðgöngum í flokki C. |
| Merkja á með aukamerki með bókstafnum D | Gildir um ökutæki með varning sem ekki er leyfður í jarðgöngum í flokki D. |
| Merkja á með aukamerki með bókstafnum E | Gildir um ökutæki með varning sem ekki er leyfður í jarðgöngum í flokki E. |

Takmarkanir á umferð um jarðgöng skulu ekki gilda þegar hættulegur farmur er fluttur samkvæmt ákvæðum um takmarkað magn, sbr. viðauka II (ákvæði 1.1.3 í ADR-reglum).

Jarðgangakóði fyrir takmarkanir á umferð.

Takmarkanir á flutningi á tilteknum hættulegum farmi í gegnum jarðgöng fara eftir jarðgangakóðanum fyrir farminn eins og hann kemur fram í dálki 15 í töflu A.

Þegar ökutæki eða vagnlest inniheldur hættulegan farm með mismunandi jarðgangakóða skal sá kóði gilda fyrir allan farminn sem hefur mestar takmarkanir.

Hættulegur farmur, sem fluttur er sem undanþegið magn í samræmi við kafla 1.1.3 í ADR-reglum, fellur ekki undir ákvæði um takmarkanir og skal ekki reiknast með þegar jarðgangakóðinn er ákvarðaður fyrir heildarfarm ökutækis eða vagnlestar.

Takmarkanir á akstri ökutækis eða vagnlestar sem flytur hættulegan farm í gegnum jarðgöng.

Þegar jarðgangakóði hefur verið ákvarðaður fyrir heildarfarm ökutækis eða vagnlestar gilda eftirfarandi takmarkanir á akstri viðkomandi ökutækis eða vagnlestar í gegnum jarðgöng:









| Jarðgangakóði fyrir heildarfarminn | Takmarkanir |
|------------------------------------|--|
| B | Akstur bannaður í gegnum jarðgöng með kóðann B, C, D og E. |
| B1000C | Akstur bannaður í gegnum jarðgöng með kóðann B þegar heildarnettóþungi sprengifims farms á ökutæki eða vagnlest er yfir 1.000 kg. Akstur bannaður í gegnum göng með kóðann C, D og E. |
| B/D | Akstur bannaður á flutningi í tönkum í gegnum göng með kóðann B og C. Akstur bannaður í gegnum göng með kóðann D og E. |
| B/E | Akstur bannaður á flutningi í tönkum í gegnum göng með kóðann B, C og D. Akstur bannaður í gegnum göng með kóðann E. |
| C | Akstur bannaður í gegnum jarðgöng með kóðann C, D og E. |
| C5000D | Akstur bannaður í gegnum jarðgöng með kóðann C þegar heildarnettóþungi sprengifims farms á ökutæki eða vagnlest er yfir 5.000 kg. Akstur bannaður í gegnum göng með kóðann D og E. |
| C/D | Akstur bannaður á flutningi í tönkum í gegnum göng með kóðann C. Akstur bannaður í gegnum göng með kóðann D og E. |
| C/E | Akstur bannaður á flutningi í tönkum í gegnum göng með kóðann C og D. Akstur bannaður í gegnum göng með kóðann E. |
| D | Akstur bannaður í gegnum göng með kóðann D og E. |
| D/E | Akstur bannaður á flutningi í tönkum eða á ópökkuðu efni í gegnum göng með kóðann D. Akstur bannaður í gegnum göng með kóðann E. |
| E | Akstur bannaður í gegnum göng með kóðann E. |
| | Akstur leyfður í gegnum öll göng (varðandi UN 2919 og UN 3331, sjá einnig kafla 8.6.3.1 í ADR-reglum). |














XVI. VIÐAUKI Flutningslysablað.

Viðbrögð við óhappi, slysi eða við neyðartilvik.

Við óhapp, slys eða neyðartilvik, sem upp geta komið við flutning á hættulegum farmi, skal áhöfn ökutækis grípa til eftirfarandi ráðstafana ef hægt er að framkvæma þær á öruggan hátt:

- setja handhemil á, stöðva vél, rjúfa straum frá rafgeymi með höfuðrofa, ef unnt er
- forðast íkveikjuvalda, alls ekki reykja eða kveikja á rafbúnaði
- hafa samband við neyðarþjónustu, í síma 112, veita eins miklar upplýsingar og kostur er um óhappið eða slysið og efni sem um er að ræða
- klæðast endurskinsvesti og setja upp viðvörðunarskilti þar sem við á
- hafa flutningsskjöl tiltæk fyrir björgunarlið
- stíga ekki á eða snerta efni sem farið hafa niður og standa hlémegin til að forðast innöndun úða, reyks og gufu
- nota slökkvibúnað, ef þörf krefur og það er án áhættu, til að slökkva lítinn eld eða byrjunar-eld í dekkjum, hemlum eða vélarhluta
- ökumaður eða aðrir í áhöfn skulu ekki reyna að slökkva eld í farmi
- nota þann búnað sem fyrir hendi er, ef þörf krefur og ef það er án áhættu, til að koma í veg fyrir leka út í læki, ár og vötn eða niðurföll og til að safna upp efnum sem farið hafa til spillis
- yfirgefa vettvang (óhapps, slyss) og hvetja aðra til þess að gera slíkt hið sama, svo og að fara eftir ráðleggingum björgunaraðila
- fjarlægja allan klæðnað og hlífðarbúnað sem hefur óhreinkast eða mengast af efnum, og farga honum eða koma fyrir á öruggan hátt.

| Viðbótarleiðbeiningar til áhafnar ökutækis um sérkenni áhættu hins hættulega farms eftir áhættuflokkum og um viðbrögð við algengum aðstæðum. | | |
|--|---|---|
| Varúðarmerki | Hættur | Viðbrögð |
| (1) | (2) | (3) |
| Sprengifim efni og hlutir  | Geta haft margs konar eiginleika og verkun eins og heildarsprengingu, að brot kastist út frá slysstað, ákafan eld/hitageislun, skært ljós, mikinn hávaða eða reyk. Viðkvæmt fyrir höggum og/eða þrýstingi. | Farið í skjól fjarri gluggum. |
| Sprengifim efni og hlutir  | Væg hætta á sprengingu og eldi. | Farið í skjól. |
| Eldfimar lofttegundir  | Eldhætta. Sprengihætta. Getur verið undir þrýstingi. Hætta á köfnun. Getur valdið brunasárum og eða kalsárum. | Farið í skjól. Forðist lægra staðsett rými eða svæði. |
| Óeldfimar, ekki eitraðar lofttegundir  | Hætta á köfnun. Getur verið undir þrýstingi. Getur valdið kalsárum. Það sem hefur mengast getur sprungið við upphitun. | Farið í skjól. Forðist lægra staðsett rými eða svæði. |
| Eitraðar lofttegundir  | Hætta á eitrun. Getur verið undir þrýstingi. Getur valdið bruna- eða kalsárum. Það sem hefur mengast getur sprungið við upphitun. | Notið neyðaröndunargrímu. Farið í skjól. Forðist lægra staðsett rými eða svæði. |
| Eldfimir vökvar  | Eldhætta. Sprengihætta. Það sem hefur mengast getur sprungið við upphitun. | Farið í skjól. Forðist lægra staðsett rými eða svæði. Hindrið að efni, sem farið hefur til spillis komist í læki, ár og vötn eða niðurföll. |
| Eldfim föst efni, sjálfhvarfandi efni og sprengifim efni sem gerð hafa verið hlutlaus  | Eldhætta. Eldfim, hætta á íkviknun vegna hita, neista eða elds. Geta innihaldið sjálfhvarfandi efni sem eru líkleg að sundrast með mikilli hitamyndun ef þau verða fyrir hita, snertingu við önnur efni (eins og sýrur, þungmálmambönd eða amín), núningi eða höggi. Þetta getur leitt til myndunar hættulegra og eldfimra lofttegunda eða úða. Það sem er hefur mengast getur sprungið við upphitun. | Hindrið að efni sem farið hefur til spillis komist í læki, ár og vötn eða niðurföll. |
| Sjálfhendrandi efni  | Hætta á sjálfhendrun ef umbúðir eru skemmdar eða efni hafa farið til spillis. Getur hvarfast kröftuglega við vatn. | |

| Varúðarmerki (1) | Hættur (2) | Viðbrögð (3) |
|---|---|--|
| Efni sem mynda eldfimar lofttegundir við snertingu við vatn   | Eld- og sprengihætta við snertingu við vatn. | Halda skal efnum, sem farið hafa til spillis, þurrum með yfirbreiðslu. |
| Eldnærandi efni  | Hætta á ikviknun og sprengingu. Hætta á mjög öflugum efnahvarfi við snertingu við eldfim efni. | Forðist íblöndun við eldfim efni (t.d. sag). |
| Lífræn peroxíð   | Hætta á sundrun með mikilli hitamyndun, ef efnin ná að hitna, við snertingu við önnur efni (eins og sýrur, þungmálmsambönd eða amín), núning eða högg. Þetta getur leitt til myndunar hættulegra og eldfimra lofttegunda eða úða. | Forðist íblöndun við eldfim efni (t.d. sag). |
| Eitruð efni  | Hætta á eitrun. Hættulegt fyrir vatnasvæði og ef efnið berst í niðurföll. | Notið neyðaröndunargrímu. |
| Smitefni  | Smithætta. Hættulegt fyrir vatnasvæði og ef efnið berst í niðurföll. | |
| Geislavirk efni 7A 7B   7C 7D  | Hætta við inntöku, innöndun og vegna umhverfisgeislunar. | Takmarkið tímann í geislun. |
| Kjarnakleyf efni  | Hætta á kjarnorkukeðjuhvarfi. | |
| Ætandi efni  | Hætta á brunasárum. Gætu hvarfast kröftuglega við efni með eins varúðarmerki, við vatn og önnur efni. | Hindrið að efni, sem farið hefur til spillis, komist í læki, ár og vötn eða niðurföll. |
| Önnur hættuleg efni og hlutir  | Hætta á brunasárum. Eldhætta. Sprengihætta. Hættulegt fyrir vatnasvæði og ef efnið berst í niðurföll. | Hindrið að efni, sem farið hefur til spillis, komist í læki, ár og vötn eða niðurföll. |

Ath. Fyrir varning með margs konar áhættu og fyrir farm með varning með mismunandi áhættu skal skoða alla áhættuþætti.

Ath. Leiðbeiningarnar um viðbrögð hér að ofan má nota til að endurspegla flokka hins hættulega farms sem flytja á og flutningsaðferðina.

Búnaður sem vera á til staðar í ökutækjum til varnar einstaklingum og almennt til varnar við almennar aðgerðir og vegna neyðarviðbragða.

Eftirfarandi búnaður skal vera í ökutæki sama hvaða varúðarmerki eru á umbúðum:

1. A.m.k. einn stoppklossi fyrir hvert ökutæki. Stærð stoppklossa skal miða við þunga ökutækis og stærð (þvermál) hjólbarða.
2. Tvö frístandandi viðvörðunarkerki.
3. Augnskolvökvi (þarf ekki fyrir varning með varúðarmerki nr. 1, 1.4, 1.5, 1.6, 2.1, 2.2 og 2.3).

Fyrir sérhvern áhafnar meðlim:

1. Heppilegt endurskinsvesti eða endurskinsklæðnaður (t.d. eins og lýst er í staðlinum ÍST EN 471).
2. Vasaljós.
3. Hlífðarhanskar.
4. Augnhlífðarbúnaður.

Þar að auki skal vera til staðar eftirfarandi búnaður fyrir vissa hættuflokka:

1. Öndunargríma (t.d. öndunargríma með samsettri gas-/ryksíu af gerðinni A1B1E1K1-P1 eða A2B2E2K2-P2, eins og lýst er í staðlinum ÍST EN 141), fyrir ökumann og eftir atvikum aðstoðarmann hans þegar fluttur er varningur með varúðarmerki 2.3 eða 6.1.
2. Skófla (aðeins krafist þegar fluttur er varningur með varúðarmerki 3, 4.1, 4.3, 8 og 9).
3. Þéttibúnaður fyrir niðurföll (aðeins krafist þegar fluttur er varningur með varúðarmerki 3, 4.1, 4.3, 8 og 9).
4. Uppsöfnunarlát úr plasti (aðeins krafist þegar fluttur er varningur með varúðarmerki 3, 4.1, 4.3, 8 og 9).

XVII. VIÐAUKI
ADR-skírteini.

ADR-skírteini skal vera 4 síður, hver síða 10,5 x 7,5 sm.

Upplýsingar sem skulu vera á ADR-skírteini:

Skírteini skal vera á íslensku og einnig á ensku, frönsku eða þýsku. ADR-skírteini má endurnýja, hafi umsækjandi á síðustu 12 mánuðum lokið endurmenntunarnámskeiði.

ADR-skírteini eða vottorð, sem gefið er út í öðru ríki sem er aðili að EES-samningnum, hefur sama gildi og skírteini sem Ríkislögreglustjóri gefur út með þeim takmörkunum sem skírteini eða vottorðið ber með sér.

| 1 | 2 | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
|--|--------------------------------------|--------------------------------------|---|---|---|---|---|---|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|-----|---|---|---|---|---|---|---|
| <p>ADR-NÁMSKEIÐSVOTTORÐ FYRIR STJÓRNENDUR ÖKURÆKJA SEM FLYTJA HÆTTULEGAN FARM ADR – TRAINING CERTIFICATE FOR DRIVERS OF DANGEROUS GOODS</p> <p>Skírteini nr.: _____ Certificate no.:</p> <p>Tákn útgáfulandsins: _____ Distinguishing sign of issuing State:</p> <p>Gildir fyrir flokk(a)^{1,2} Valid for class(es)^{1,2}</p> <table border="0"> <tr> <td>í tönkum in tanks</td> <td>í öðru en tönkum other than tanks</td> </tr> <tr> <td>1</td> <td>1</td> </tr> <tr> <td>2</td> <td>2</td> </tr> <tr> <td>3</td> <td>3</td> </tr> <tr> <td>4.1</td> <td>4.1</td> </tr> <tr> <td>4.2</td> <td>4.2</td> </tr> <tr> <td>4.3</td> <td>4.3</td> </tr> <tr> <td>5.1</td> <td>5.1</td> </tr> <tr> <td>5.2</td> <td>5.2</td> </tr> <tr> <td>6.1</td> <td>6.1</td> </tr> <tr> <td>6.2</td> <td>6.2</td> </tr> <tr> <td>7</td> <td>7</td> </tr> <tr> <td>8</td> <td>8</td> </tr> <tr> <td>9</td> <td>9</td> </tr> </table> <p>til (dagsetning)³ : _____ (until (date))³:</p> <p>¹ Strikið yfir sem ekki á við. ¹ Strike out what does not apply. ² Fyrir aukin réttindi fyrir aðra flokka, sjá síðu 3. ² For extension to other classes, see page 3. ³ Fyrir endurnýjun, sjá síðu 2. ³ For renewal, see page 2.</p> | í tönkum in tanks | í öðru en tönkum other than tanks | 1 | 1 | 2 | 2 | 3 | 3 | 4.1 | 4.1 | 4.2 | 4.2 | 4.3 | 4.3 | 5.1 | 5.1 | 5.2 | 5.2 | 6.1 | 6.1 | 6.2 | 6.2 | 7 | 7 | 8 | 8 | 9 | 9 | <p>Eftirnafn: _____ Surname:</p> <p>Fornafn: _____ First name(s):</p> <p>Fæðingardagur: _____ Ríkisfang: _____ Date of birth: Nationality</p> <p>Undirskrift handhafa: _____ Signature of holder:</p> <p>Útgefið af: _____ Issued by:</p> <p>Dags.: _____ Date:</p> <p>Undirskrift⁴: _____ Signature⁴</p> <p>Endurnýjað til: _____ Renewed until:</p> <p>Af: _____ By:</p> <p>Dags.: _____ Date</p> <p>Undirskrift: _____ Signature:</p> <p>⁴ og/eða stimpill útgefanda (yfirvalds). ⁴ and/or seal (or stamp) of issuing authority.</p> |
| í tönkum in tanks | í öðru en tönkum other than tanks | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 1 | 1 | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 2 | 2 | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 3 | 3 | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 4.1 | 4.1 | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 4.2 | 4.2 | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 4.3 | 4.3 | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 5.1 | 5.1 | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 5.2 | 5.2 | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 6.1 | 6.1 | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 6.2 | 6.2 | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 7 | 7 | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 8 | 8 | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 9 | 9 | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |

